

Pabbi var bara núll á Íslandi




Grant Wagstaff

f. 03.08.1959
d. 09.08.2015

Fyrst og fremst var pabbi trúnaðarmaður minn og vinur, hann kenndi mér að meta lífið og fjölskylduna. 56 ára að aldri var ástríkur faðir tekinn frá okkur – alltof fljótt því það var enn svo mikið sem hann gat kennt okkur.

Sarah Wagstaff



Grant Wagstaff lést er flugvél Arngríms Jóhannssonar brotlenti í Barkárdal þann 9. ágúst 2015. „Enginn hefur hringt í okkur og vottað okkur samúð vegna þessa missis,“ segir Sarah, elsta dóttir Grants. ➔ **26**



Var í hættu á hálandinu

Ása Steinarsdóttir er með tvær háskólagráður og nærri 130 þúsund fylgjendur á Instagram. ➔ **34**



Svo fáar konur

Kristalina, forseti Alþjóða-bankans, í viðtali. ➔ **10**



Matthildur³

Ísabel, Erna og Salka Ýr leika Matthildi í samnefndum söngleik. ➔ **24**



MOTTUMARS

Upp með sokkana!


Baráttan byrjar hér!

Marseraðu á næsta sölustað og nældu þér í par



ÚT ÚT ÚT
SUDUR-ENGLAND 7.-14. OKT.
Á VIT GÓÐRA VINA
NÁNAR Á UU.IS

FYRSTA FERÐIN SELDIST UPP



Austlæg eða breytileg átt, við 5-13 m/s. Viða él, einkum við ströndina, en þurr um landið norðvestanvert. Dregur úr frosti. **SJÁ SÍÐU 46**

Þórunn víkur af þingi vegna krabbameins

STJÓRN MÁL Þórunn Egilsdóttir, þingmaður Framsóknar, hefur greinst með brjóstakrabbamein og víkur af þingi til að takast á við veikindin. „Það er þess eðlis að ég þarf að fara í harða meðferð gegn því.“



Þórunn Egilsdóttir alþingismaður.

Hún segist hafa fengið stórt verkfæni til að takast á við í lífinu og ætlar að einhenda sér í verkið af öllum þunga. „Ég hef aldrei farið í baráttu til að tapa og hyggst ekki byrja á því núna. Bjartsýn, einbeitt, ákveðin og umvafin mínu fólki ætla ég að takast á við verkefnið.“

Þórunn er formaður þingflokks Framsóknar. Hún hefur setið á þingi frá árinu 2013. Willum Þór Þórsson verður formaður þingflokks Framsóknarflokksins. – bg

Kviknaði í Seljaskóla

BRUNI Tilkynnt var um eld í Seljaskóla í Breiðholti rétt fyrir klukkan átta í gærkvöld. Að sögn fulltrúa slökkviliðs var eldurinn töluverður, en kviknað hafði í þakverki skólans. Í gærkvöldi lá ekkert fyrir um eldsupptök en slökkvistarf gekk vel og greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Verið var að ganga úr skugga um að engar glæður væru eftir í byggingunni þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Að minnsta kosti einn slökkvibíll og annar sjúkrabíll voru sendir á vettvang. – jmt

Venjið ykkur við verkföll



Sjö hundruð hótelformenn lögðu niður störf í gær og héldu út á götur í kröfugöngu í Reykjavík. Lauslega þýtt segir á þessum athyglisverða borða: Við erum hér, við erum í verkfalli. Sættið ykkur við það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá verkfallinu er að finna á +Plússiú Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Svafa í stjórn Icelandair

VIÐSKIPTI Svafa Grönfeldt, stjórnarformaður MIT DesignX, viðskipta-hraðals MIT-háskólans í Boston, var kjörin ný í stjórn Icelandair Group á aðalfundi félagsins sem fór fram síðdegis í gær.

Svafa, sem starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Alvogen og þar áður sem rektor Háskólans í Reykjavík, situr jafnframt í stjórn Össurar og þá var hún fyrr í vikunni kjörin í stjórn upplýsingatæknifyrirtækisins Origo. Hún kemur ný inn í stjórn flugfélagsins í stað Ásthildar Margrétar Otharsdóttur sem gaf ekki kost á sér. – kij

Svafa Grönfeldt.



Andvíg þvingunum en ekki bólusetningum

Ein af fyrstu ræðum Halldóru Mogensen á þingi fjallaði um bólusetningar og hafa margir staðið í þeirri trú að hún sé þeim andvíg. Hún segir það ekki rétt. Var að verja rétt fólks til að tjá sig. Er á móti því að skylda fólk í bólusetningu.

HEILBRIGÐISMÁL Reglulega er Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og formaður velferðarnefndar, spurð hvort hún sé á móti bólusetningum við sjúkdómum. Ástæðan er ein af fyrstu ræðum hennar úr pontu þingsins. Halldóra hafnar því að hún sé andvíg bólusetningum en telur ekki rétt að skikka fólk til þeirra.

Undanfarna daga hefur verið mikil umræða um bólusetningar og mikilvægi þeirra eftir af fjögur tilfelli af mislingum greindust hér á landi. Þá var fimmta smitið staðfest í gær. Á hluta heilsugæsla hefur starfsfólk nánast verið í færibandavinnu við bólusetningu. Sumum finnst ekki nægilega langt gengið og telja rétt að skikka fólk til að bólusetja börn sín.

Umrædd ræða Halldóru var sú áttunda sem hún flutti í þingsal en þá var hún varaþingmaður Pírata. Umfjöllunarefnið voru viðbrögð við frétt Stöðvar 2 þar sem rætt var við móður sem bólusetti ekki yngra barn sitt vegna gruns um að eldra barn hefði brugðist illa við bólusetningu. „Maður spyr: Af hverju er ekki hægt að ræða bólusetningar á yfirvegaðan hátt eins og hvert annað mál? Hvað er fólk svona hrætt við?“ spurði Halldóra meðal annars í ræðunni.

„Það hefur alltaf verið ríkt í mér að stökkva til varnar viðkvæmstu hópum samfélagsins sem komið er fram við á óréttmætan hátt. Þá skiptir litlu máli hvert málefnið er. Þarna var kona í viðkvæmum aðstæðum að lýsa reynslu sinni og hún var kölluð ógeðfelldum nöfnum vegna þess. Það var aðallega það sem ég var að bregðast við,“ segir Halldóra.



Halldóra hefur verið þrúspurð um skoðanir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hluti sem þessa ber að tækla með fræðslu.

Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og formaður velferðarnefndar

Nefndarformaðurinn segist vilja leggja sín lóð á vogarskálarnar til að forða því að einhver umræðufni verði tabú og að hömlur verði

settar á það hvað megi segja og hvað ekki. Hættulegt sé ef mál fari í þann farveg.

„Fólk hættir ekkert að tala um aðrar hliðar en það verður jafnarsett við það. Sú umræða færir í skuggann og til verður hópur fólks sem fær engin utanaðkomandi rök inn í sína búbbu,“ segir Halldóra.

Af þeim sökum sé hún ekki hlynnt því að bólusetningar verði gerðar að einhvers konar skyldu. „Ég er sammála sóttvarnalækni um að slíkt gæti haft öfug áhrif. Hluti sem þessa ber að tækla með fræðslu.“ joli@frettabladid.is

Jóga í Andalúsíu

með Auði Bjarnadóttur

Verð frá kr. 185.995



9. júní í 7 nætur

595 1000

Heimsferðir



Hugsjónaeldur og baráttuvilji

Í gær lögðu hótelpurnur niður störf á alþjóðlega kvennafrídeginum. Formaður og félagsmenn Eflingar tóku þátt í fundi á Lækjartorgi þar sem áherslan var á hagsmunamál og baráttu verkakvenna. Efling fagnar vel heppnuðum verkfallsdegi en verkfallsbrot hafa þó verið tilkynnt. Ljósmyndarar Fréttablaðsins, Anton Brink og Stefán Karlsson, tóku meðfylgjandi myndir.





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is



RAUÐIR DAGAR

Í HÚSASMIÐJUNNI

SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum. Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

20%

afsláttur
af öllum Nilfisk háþrýstidælum



Verð á lítra **866 kr**

9 ltr.

7.796 kr
~~10.395 kr~~

25% afsláttur

Jotun vegg- og loftamálning
Einstök málning sem hentar bæði á loft og vegg. Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781-83

20%

afsláttur
af öllu parketi



Sjáðu verðið!

Kynningaverð, aðeins 100 stk.

Electrolux

49.990 kr
~~59.990 kr~~

Þvottavél 1200 sn. EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu, 1805436



Sjáðu verðið!

48% afsláttur

Kynningaverð aðeins 100 stk., í boði

12.995 kr
~~24.995 kr~~

Rafmagnshekkklippur CH55Y
560W, 55 cm, klippigeta 20 mm, þyngd 4 kg, vandaðar klippur
5085414

25%

afsláttur
af allri LADY málningu



Ecolabel



30% afsláttur

BLACK+DECKER

12.596 kr
~~17.995 kr~~

Fjölnotavél MT300KA
300W, sagar og pússar, allir fylgihlutir í tösku.
5245980

25%

afsláttur
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum


GROHE
damixa



Byggjum á betra verði

TÖLUR VIKUNNAR 03.03.2019 TIL 9.03.2019

1 mánuður er liðinn frá hvarfi fjölskylduföðurins Jóns Prastar Jónssonar í Dublin. Fjölskyldan leitar hans ákaft og biðlar til frá.




31,1%

landsmanna er andvíg fyrirhuguðum verkföllum en rúmur helmingur fylgjandi samkvæmt könnun Fréttablaðsins.




20 dagar

eru þar til frestur WOW air til að ná samningum við Indigo Partners um kaup þess síðarnefnda á félaginu rennur út.



42 ár

eru síðan jafn mörg mislingasmit hafa verið staðfest á Íslandi og undanfarnar vikur.



Þrjú í fréttum Verkfall, leki og kjarapakki

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar

sagði gærdaginn „mjög merki-
legan dag“, en þá hófst verkfall
700 hótelfarfs-
manna innan
Eflingar verkalýðs-
félags. Verkfallið stóð til mið-
nættis. Félagsdómur kvað upp
úrskurð sinn í fyrradag þess efnis
að atkvæðagreiðsla Eflingar um
verkfallsboðunina stæðist lög.



Tryggvi Gunnarsson
umboðsmaður Alþingis

telur tilefni til
að kalla eftir
upplýsingum
um hver hlutur
starfsmanna
gjaldreyriseftirlits
Seðlabanka Ís-
lands var í að upplýsa
starfsmann Ríkisútvarpsins þegar
bankinn framkvæmdi húsleit hjá
sjávarútvegafyrirtækinu Samherja
árið 2012.



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokks
í Reykjavík

var vonsvikinn
þegar borgar-
stjórn felldi
tillögur flokks-
ins til að liðka
fyrir kjaravið-
ræðum á þriðjudag,
svokallaðan „kjarapakka“ um
lækkun útsvars, rekstrargjalda
heimilanna og byggingarréttar-
gjalda.



FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti
kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Seðlabankastjóri boðaður á opinn fund í næstu viku

Már Guðmundsson seðlabankastjóri mætir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á fimmtudaginn í næstu viku. Umboðsmaður Alþingis var harðorður um stjórnsýslu eftirlits bankans fyrr í vikunni. Formaður nefndarinnar segir málið virðast grafalvarlegt og væntir skýringa á fundi með bankastjóranum.

STJÓRNSÝSLA Már Guðmundsson seðlabankastjóri mun sitja fyrir svörum á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á fimmtudaginn í næstu viku. Á fundi nefndarinnar síðastliðinn miðvikudag fór umboðsmaður Alþingis hörðum orðum um stjórnsýslu bankans á tímum gjaldreyrishafta, og gagnrýndi meðal annars opinberar yfirlýsingar forsvarsmanna bankans um þá sem sættu eftirliti og upplýsingagjöf við fjölmiðla um húsleitina hjá Samherja árið 2012.

„Eins og málið lítur út á þessu stigi er það auðvitað grafalvarlegt. Við biðum þó eftir svörum og skýringum frá fulltrúum Seðlabankans í næstu viku og eftir það ætti staðan að vera aðeins skýrari,“ segir Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Hún segir málið hafa verið lengi hjá nefndinni og að fundur nefndarinnar með fulltrúum Seðlabankans sé löngu ákveðinn.

Á fyrrnefndum fundi nefndarinnar sagði umboðsmaður það ekki samræmast hlutverki forsvarsmanna eftirlitsstofnana að lýsa opinberlega efasemdum um sakleysi manna eftir að mál þeirra hafi verið felld niður vegna galla á regluverki eða annarra formgalla.

Umboðsmanni varð einnig tíðrætt um þau orð Mús Guðmundssonar í bréfi til forsætisráðherra, sem birt var á vef bankans í lok febrúar, að húsleitinn hjá Samherja árið 2012 hefði haft ákveðin fælingaráhrif.

Í bréfinu er fælingarmætti húsleitarnar lýst þannig að tekist hafi að stöðva útstreymi aflandskróna og bæta virkni skilaskyldu. Með húsleitinni hafi verið send skýr skilaboð um að Seðlabankanum hafi verið alvara með því að framfylgja höftunum.



Búast má við að Már Guðmundsson fái erfiðar spurningar á opnum fundi í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eins og málið lítur út á þessu stigi er það auðvitað grafalvarlegt.

Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar



Í máli umboðsmanns kom einnig fram að hann teldi ástæðu til að kanna nánar hver hafi verið hlutur starfsmanna gjaldreyriseftirlits Seðlabankans í að upplýsa starfsmann Ríkisútvarpsins um fyrirhugaða húsleit en við íþyngjandi rann-

sóknarúræði eins og húsleit ríkir þagnarskylda á starfsmönnum sem að henni koma, ekki aðeins vegna rannsóknarhagsmuna heldur einnig vegna réttar borgaranna til að teljast saklausir uns sekt þeirra er sönnuð.

Umboðsmaður sagði Samherjamálið og framkvæmd gjaldreyriseftirlitsins gefa tilefni til að huga betur að aðgreiningu verkefna hjá stofnunum sem er falið eftirlitshlutverk og vald til að beita viðurlögum. Slík verkefni fari ekki endilega vel saman við önnur verkefni viðkomandi stofnunar.

Þessum vanda er einnig lýst í fyrrnefndu bréfi Mús til forsætisráðherra. Hann greinir þar frá því þegar starfsmenn bankans svári

upplýsingabeidnum fjölmiðla með vísan til þagnarskylduákvæða sé því jafnan verr tekið en í tilvikum annarra eftirlitsstofnana, lögreglu og saksóknara. Það kunni að skýrast af því að starfsmenn bankans tjái sig gjarnan opinberlega um önnur verkefni bankans eins og peningastefnu og fjármála-
stöðugleika. Þá segir í bréfinu að Seðlabankinn eigi erfiðara með að draga sig inn í skel þar sem þögn sé gjarnan túlkuð sem svo að hlutir þoli ekki dagsljósið og neikvæð smitáhrif á aðra starfsemi geti haft neikvæð smitáhrif í meiri mæli en í tilvikum sérhæfðari eftirlitsstofnana, lögreglu og saksóknara.
adalheidur@frettabladid.is

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



35" - 37" BREYTTUR



40" - 42" BREYTTUR

EIGUM ÖRFÁA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX.
BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 42" BREYTINGAPAKKA.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM
UMBOÐSADILI RAM Á ÍSLANDI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

50% rafdrifinn*



Yaris – verð frá: 2.460.000 kr.
Yaris Hybrid – verð frá: 3.080.000 kr.

Gullfalleg 20 ára afmælisútgáfa

Nú er Yaris kominn í 20 ára afmælisútgáfu sem gleður augað allt frá Gullbringusýslu til Gjögurs. Þetta er pottþétt týpa nú sem fyrr, og hlaðin orku með Hybrid gleði og gæði í fyrsta sæti. Komdu og reynsluaktu eðalfinnum Yaris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Yaris.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

COVER ICELAND

Auðbrekku 10, 2. hæð,
200 Kópavogi
Netfang covericeland@covericeland.is
Sími 7777001



CoverIceland fagnar Góu og komandi vori með sérstökum afslætti á svalalokunum ef gengið er frá samningi fyrir 15. mars.

Svalalokun lengir sumarið og veitir möguleika á eigin gróðurhúsi á svölunum þínum.

Bjóðum hagstæð greiðslukjör. Skipta má greiðslum niður á allt að 48 mánuði með Pei greiðslulausn.

Skattadagur Lögrétta

Endurgjaldslaus aðstoð við gerð skattframtala

Laugardaginn 9. mars frá 11 til 15 mun lögfræðipjónusta laganema við Háskólann í Reykjavík, í samstarfi við KPMG veita einstaklingum endurgjaldslausa aðstoð við gerð skattframtala 2019.

HVAÐ PARF AÐ HAFNA MEDFERÐIS?

- Aðgangsupplýsingar
- að heimabanka
 - að skattframtali á skattur.is
 - verktakamiða (ef á við)

**SKILAFRESTUR Á SKATTFRAMTALI
EINSTAKLINGA ER TIL 12. MARS**

Lögrétta's tax day

Free assistance with filing tax reports

Individuals are invited to receive complimentary assistance with filing their tax reports, Saturday 9th of march from 11:00-15:00 at Reykjavík University, Menntavegi 1.

WHAT INFORMATION SHOULD I BRING?

- Access information
- password and/or identity key for
 - the online key for skattur.is (vekykill RSK)
 - contractor's slip/ticket (if applicable)

**THE DUE DATE FOR FILING INDIVIDUAL
TAX REPORTS IS MARCH 12TH.**



LÖGRETTA

KPMG

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Ekkí missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook



Jóns Þrastar Jónssonar hefur verið saknað síðan 9. febrúar síðastliðinn. Hans er enn leitað í Dublin á Írlandi.

Mánuður síðan Jón Þröstur hvarf í Dublin

Mánuður er liðinn frá hvarfi Jóns Þrastar Jónssonar. Fjölskylda, sjálfboðaliðar og björgunarsveitir hafa leitað af sér allan grun á svæðinu þar sem hann sást síðast. Bróðir Jóns segir það velta á vísbendingum lögreglu hvenær leitinn heldur áfram.

SAMFÉLAG Heill mánuður er liðinn frá því Jón Þröstur Jónsson gekk út af hótélherbergi sínu á laugardagsmorgni og út á götur Dublin. Enn er ekkert vitað um afdrif hans. Hann sást á öryggismyndavél fyrir aftan hótelið upp úr klukkan 11. Þá var Jón Þröstur á gangi upp Swords Road, klæddur í svarta úlpu að reykja sigarettu.

Fjölskylda Jóns Þrastar hélt til Írlands í vikunni eftir hvarfið. Þau hafa gert mikið til að vekja athygli á málinu. Til að byrja með vissu fáir á Írlandi af hvarfinu. Fjölskyldan, ásamt fjölmörgum sjálfboðaliðum, hefur dreift auglýsingum og komið fram í fjölmörgum sjónvarpsþáttum.

Lögreglan á Írlandi hefur biðlað til almennings eftir upplýsingum, einnig leitast við að ná tali af öllum sem voru á Swords Road og Collins Avenue þennan morgun. Fjölmargar ábendingar hafa borist. Fjölskyldan, sjálfboðaliðar og björgunarsveitir eru búnar að leita af sér allan grun á svæðinu í kringum hótelið og þykir því líklegt að Jón Þröstur hafi stigið upp í leigubíl.

Daníel Örn Wiium, yngri bróðir Jóns Þrastar, var á leið á fund með lögreglunni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann segir það velta á vísbendingum lögreglunnar hvar, hvenær og hvort leitinni verður haldið áfram. „Það er margt fólk hérna tilbúið að hjálpa og biður bara eftir því fara að leita. En ef hann hefur stigið upp í leigubíl þá gæti hann verið hvar sem er,“ segir Daníel Örn.

Jón Þröstur og unnusta hans, Jana Guðjónsdóttir, ætluðu að verja tíu dögum á Írlandi. Hann ætlaði að taka þátt í pókermöti í þrjá daga vikunnar eftir komuna, annars ætluðu þau einfaldlega að skoða sig um. Hann spilaði póker á hótelinu kvöldið áður og tapaði nokkur hundruð þúsund krónum. Fjölskylda hans telur ólíklegt að það tengist hvarfinu á einhvern hátt. „Ég spila ekki póker sjálfur en ég hef hitt

Tímalína atburða í hvarfi Jóns Þrastar


8. FEBRÚAR Jón Þröstur fer til Írlands. Um kvöldið spilar hann póker á hótelinu og tapar á milli 200 og 640 þúsund krónum.



24. FEBRÚAR Lögreglan birtir mynd úr eftirlitsmyndavél sem sýnir Jón Þröst á gangi upp Swords Road fram hjá Highfield-hjúkrunarheimilinu.

25. FEBRÚAR Jana Guðjónsdóttir í viðtali í Kastljósi. Hún segir ekkert geta útskýrt hvarfið.

26. FEBRÚAR Bræður hans koma fram í sjónvarpsþættinum Crimecall, þar eru sýndar upptökur úr eftirlitsmyndavélum.



9. FEBRÚAR Að morgni kemur Jana Guðjónsdóttir, unnusta Jóns Þrastar, til Írlands. Hún vekur hann á hótélherberginu og ræðir við hann stuttlega. Hún fer niður til að fá sér kaffi og reykja. Jón Þröstur yfirgefur herbergið og gengur upp Swords Road.



12. FEBRÚAR Fjölskylda Jóns Þrastar fer til Írlands.

13. FEBRÚAR Írnska lögreglan biðlar til almennings um upplýsingar um ferðir Jóns Þrastar.

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ
22. FEBRÚAR Bræður Jóns Þrastar koma fram í The Late Late Show, vinsælum spjallþætti á Írlandi.

LAUGARDAGINN 23. FEBRÚAR Fjölmargir sjálfboðaliðar og fjölskyldumeðlimir ráðast í umfangsmikla leit á svæðinu í kringum hótelið. Íslenskar björgunarsveitir sjá um að kortleggja svæðið.



6. MARS Hanna Björk Þrastardóttir, móðir hans, í viðtali við Virgin Media News á Írlandi. Hún segist ekkert vita sem geti útskýrt hvarfið. Hún biðlar til þeirra sem gætu vitað eitthvað um afdrif hans að gefa sig fram.

» Jón Þröstur og Jana unnusta hans ætluðu að verja tíu dögum á Írlandi.

alla þessa menn í pókersambandinu hérna úti, þetta eru einfaldlega toppmenn,“ segir Daníel Örn.

Þegar Jón Þröstur yfirgaf hótelið var hann ekki með síma eða vegabréf á sér. Hann var með greiðslukort en þau hafa ekki verið notuð. Talað hefur verið um að hann gæti verið með stóra fjárhæð í peningum

á sér, Daníel Örn segir það mega rekja til misskilnings í kringum útvarpsviðtal skömmu eftir hvarfið. „Það var talað um að hann gæti verið með nokkra þúsundkalla á sér, þá vorum við að tala um krónur en ekki evrur. Ef hann er með eitthvað á sér, þá er það ekkert mikið.“

Ekkert getur útskýrt hvers vegna 41 árs leigubilstjóri, tveggja barna og tveggja stjúpbarna faðir, er horfinn. „Allir eru að klóra sér í hausnum yfir þessu. Fólk heima veit jafn mikið og við. Þetta er bara ein risastór ráðgata.“ arib@frettabladid.is

Meira danskt



Smørrebrød
Hangikjöt, rækjur,
lax og roastbeef

1.099 kr/stk



Tulip salöt

verð frá 299 kr/stk



Tulip lifrakæfa

499 kr/stk



Tulip Spareribs og
Pulled Pork

1.699 kr/pk



Grynt purusnakk

289 kr/pk



Gøl pylsur

verð frá 1.199 kr/pk



Castello Havarti ostar

699 kr/stk



Opið allan sólarhringinn
Gardabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

LOFTSLAGSMÁL- liggur okkur lífið á?

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar styður vakningu í loftslagsmálum og stendur fyrir fundum með öflugum fólki úr grasrótinni.

Þriðjudagurinn 12. mars 2019
kl. 20 á Kjarvalsstöðum



Oft er dregin upp dökk mynd af afleiðingum loftslagsbreytinga. Auðvelt er að missa móðinn en margir eru tilbúnir að bretta upp ermar og takast á við vandann. Hvað getum við gert? Er vakning í vændum?

Hvaða áhrif getur borgarskipulag haft á loftslagsmál? Hvernig tengist skipulag og hönnun heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem eru vonandi besta áætlun í heimi til að takast á við loftslagsbreytingar?

Pétur Halldórsson hjá Ungum umhverfissinum verður með öflugum kynningu á fundinum og Þórhildur Fjöla Kristjánsdóttir hjá Grænni byggð, Halldór Þorgeirsson hjá Loftslagsráði og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, bregðast við og taka þátt í umræðum.

Byggjum á staðreyndum. Hlustum á fagfólk og grasrótina. Er vakning í vændum?

Þriðjudagurinn 12. mars 2019 á Kjarvalsstöðum kl. 20.

Öll velkomin og heitt á könnunni.

HVITA HÚSÍÐ/SÁ



Dópvæð ræðst jafnan af framboði og eftirspurn. NORDICPHOTOS/AFP

Flest fíkniefni hrynja í verði

Verð á flestum tegundum fíkniefna lækkar samkvæmt könnun SÁÁ. Verðið heldur ekki í við verðlag. Contalgin er eina fíkniefnið sem hækkar í verði.

SAMFÉLAG Verðlagning á fíkniefnum hefur engan veginn haldið í við verðlag frá aldamótum. Samkvæmt nýrri könnun SÁÁ, sem mánaðarlega kannar verðlag á fíkniefnum, hafa flestar tegundir fíkniefna staðið í stað í krónum talið frá aldamótum, eða því sem næst. Verðið hefur lækkað mjög á flestum fíkniefnum frá því í fyrra.

Læknadópið Contalgin er eina dópið, sem selt hefur verið allar götur frá árinu 2000, sem hefur hækkað í verði að raunvirði. Verð á amfetamíni, LSD, hassi og e-töflum hefur í grófum dráttum staðið í stað undanfarna tvo áratugi. Þetta dóp kostar það sama í krónum talið – sem þýðir að verðið hefur hrunið að raunvirði.

Verð á fíkniefnum helst jafnan í hendur við framboð og eftirspurn. Ef marka má þá venju má gera ráð fyrir að nóg sé til af öllum tegundum fíkniefna. – bg

Verðið á götunni

Contalgin-skammturinn:

1.200 krónur kostaði Contalgin-skammturinn árið 2000.	8.000 krónur kostaði skammturinn árið 2018.
5.000 krónur árið 2009 en lækkaði svo niður í 4.000.	5.000 krónur árið 2019.
	292% verðhækkun frá 2000.

E-tafla:

2.960 krónur kostaði e-tafla árið 2000.	2.100 krónur í dag.
7.000 krónur væri verð á töflu ef það hefði fylgt þróun vísitölu neysluverðs.	

Snarlækkun frá upphafi árs í fyrra:


- **Kókaín:** Úr 17.000 krónum í 14.600 gr.
- **Amfetamín:** Úr 4.500 krónum í 3.300 gr..
- **Hass:** Úr 3.800 krónum í 2.300 gr.
- **LSD:** Úr 3.000 krónum í 750.



Lokun á Skógaheiði framlengd

Umhverfisstofnun tilkynnir framlengingu á lokun gönguleiðar á Skógaheiði ofan við Fosstorfufoss. Ástand svæðisins er að óbreyttu þannig vegna umferðar og tíðarfars að talið er óráðlegt að opna svæðið á ný fyrir umferð ferðamanna fyrr en 1. júní nk.

Nánari upplýsingar á umhverfisstofnun.is



KORTER Í 4

Svarið við erfiðustu spurningu dagsins er ...

Ketó fiskur í raspi

Pú finnur uppskriftina á kronan.is/korteri4

Hafliða Ýsufiók roð- og beinlaus

2199 kr. kg

Gestus snakk flæskesvæver

379 kr. pk.

Prima Donna Parmesan ostur

1199 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Nýr B-Class. Frumsýndur í dag.

Við frumsýnum nýjan og glæsilegan Mercedes-Benz B-Class í dag kl. 12–16 á Krókhálsi 11. Þessi fallegi fjölskyldubíll er kraftmikill, rúmgóður, öruggur og tilbúinn í öll verkefni sem þú leggur fyrir hann, stór og smá. Tvær þjónustuskoðanir fylgja með öllum B-Class sem pantaðir eru í mars. Við hlökkum til að sjá þig í dag.

B 180d Style

Verð frá 5.230.000 kr.

Mercedes-Benz

The best or nothing.



Svo mikil vinna en svo fáar konur

Kristalina Georgieva, starfandi forseti Alþjóðabankans, var stödd á Íslandi á dögnum þar sem hún kynnti meðal annars niðurstöður nýrrar skýrslu um lagalega stöðu kvenna í heiminum. Þótt enn sé töluvert í land varðandi jafnrétti kynjanna í heiminum þokist hlutirnir í rétta átt. Margt hafi breyst til batnaðar hjá Alþjóðabankanum frá því að hún hóf þar störf á tíunda áratugnum.

ALÞJÓÐABANKINN Kristalina sem er frá Búlgaríu er starfandi forseti Alþjóðabankans en hún tók tíma-bundið við þegar Jim Yong Kim hætti óvænt í byrjun árs. Hún hefur verið framkvæmdastjóri bankans síðan 2017 en sat áður í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um tæplega sjö ára skeið. Frá 2014-2016 var hún einn af varaforsetum framkvæmdastjórnarinnar og þar þar ábyrgð á fjárlögum ESB.

Kristalina hóf feril sinn hjá Alþjóðabankanum árið 1993 en hún segir margt hafa breyst síðan þá. Fjölbreytileikinn sé miklu meiri, ekki bara út frá kynjasjónarmiði heldur líka þegar kemur að bakgrunni og menntun starfsmanna.

„Þetta er gerbreytt stofnun frá þeirri sem ég kom inn í á sínum tíma. Við erum dýnamískari og þessi aukna fjölbreytni gerir okkur að miklu betri stofnun.“

Hún rifjar upp að þegar hún hafi fyrst komið inn í höfuðstöðvar bankans í byrjun tíunda áratugarins hafi hún valið að klæðast upphaldsjakkanum sínum sem var brúnn með blómamynstri. Eftir að hafa litið í kringum sig og áttað sig á klæðaburði annarra hafi hún farið og keypt sér dökka dragt til að falla inn í hópinn.

Bankinn hafi á þeim tíma verið karlaheimur og konur sem þangað



Kristalina Georgieva segist vona að fleiri þjóðir taki upp jafnlaunavottun eins og Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það breytir umræðunum að fá fleiri sjónarhorn á hlutina. Ég er sannfærð um að við tökum betri ákvarðanir þegar við höfum þennan fjölbreytileika.

komu hafi reynt að blandast honum.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir konur í æðstu stöðum að taka aðrar konur að sér og leiðbeina þeim. Líka fyrir okkur að stefna að jafnvægi milli kynjanna meðal stjórnenda svona sýnilegra alþjóðastofnana. Alþjóðabankinn þarf að líta út eins og heimurinn.“

Hún segist stolt af því að Alþjóðabankinn hafi náð settu markmiði um jöfn kynjahlutföll meðal stjórnenda.

„Markmið okkar var að vera búin að ná þessu 2020 en við náðum

VEFVEISLA HEKLU NÝ VEFVERSLUN HEKLU OPNAR

VELTIBÍLLINN*

Veltibíllinn verður á svæðinu.

LÉTTAR VEITINGAR

Krispy Kreme.

DÚNDUR TILBOÐ

Tilboð á nýjum og notuðum HEKLU-bílum.
20% afsláttur af þverbogum, skíða- og hjólafestingum.

BLÖÐRULISTAMENN*

PÁSKAEGGJALEIKUR

Í verðlaun eru páskaegg frá Góu og 100.000 Kr. inneign í vefverslun HEKLU.

ANDLITSMÁLNING*

Lagaleg staða kvenna í heiminum er misjöfn

Í skýrslu Alþjóðabankans kemur fram að konur í heiminum njóta að meðaltali aðeins um 75 prósentu af lagalegum réttindum karla. Aðeins sex lönd mældust með jafna stöðu en það eru Belgía, Danmörk, Frakkland, Lettland, Lúxemborg og Svíþjóð.

Ísland er í 16.-18. sæti listans en samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar njóta konur hér á landi 96,88 prósentu af lagalegum réttindum karla. Það sem upp á vantar er ákvæði í lögum sem tryggir einstaklingum sem kjósa að vera heima og sinna börnum sínum lífeyrisréttindi.

Við mat á lagalegri stöðu kvenna var horft til 35 mismunandi þátta í lagaumhverfi landanna átta meginflokkum. Þeir snúa að réttindum varðandi ferðafrelsi, atvinnu, laun, hjúskap, barneignir, atvinnurekstur, eignir og lífeyrisréttindi.

Ef aðeins er horft til OECD-riksa þar sem tekjur eru hæstar er meðaltal réttindanna 93,5 prósent. Verst er lagaleg staða kvenna í Mið austurlöndum og Norður-Afríku þar sem konur njóta aðeins rúmlega 47 prósentu af réttindum karla.

Staðan á heimsvísu hefur batnað á síðustu tíu árum en meðaltal réttindanna var um 70 prósent árið 2008. Á tímabilinu hefur staða kvenna batnað í öllum heimshlutum, hlutfallslega mest í Suður-Asíu.

Þessu á síðasta ári. Þannig er ég núna að stýra fundum þar sem kynjahlutfallið er jafnt. Það breytir umræðunum að fá fleiri sjónarhorn á hlutina. Ég er sannfærð um að við tökum betri ákvarðanir þegar við höfum þennan fjölbreytileika.“

Kristalina segist á sínum starfsferli hafa þurft að leggja meira á sig heldur en karlkyns kollegar sínir til að sanna sig og teljast jafningi þeirra.

„Ég man hvernig þetta var á fyrstu árum mínum í bankanum. Einnhverju sinni þegar ég var búin að vera þarna í nokkur ár stóð bankinn frammi fyrir mjög krefjandi verkefni. James Wolfensohn sem var þá forseti bankans sneri sér að mér og sagði: „Kristalina, svo mikið verk að vinna en svo fáar konur.“ Það hefur breyst. Sem betur fer.“

Alþjóðabankinn birti fyrir skömmu nýja skýrslu um þróun á lagalegri stöðu kvenna í heiminum. Kristalina segir að staðan hafi batnað á þessu tímabili en það gerist samt of hægt. Ástandið og áskoranirnar séu mjög mismunandi milli heimshluta.

„Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin standa sig mjög vel þegar kemur að jafnréttismálum. Við gerðum þessa skýrslu bæði til að hvetja lönd heimsins áfram en líka til að benda á vel heppnaðar umbætur og góðar reynslusögur. Við hvetjum lönd til að grípa til aðgerða til að auka réttindi kvenna því það er síðferðislega rétt.“

Jafnrétti kynjanna komi sér líka vel fyrir efnahaginn. „Við getum ekki haft velmegandi og friðsæl samfélög ef það er haldið aftur af helmingi íbúanna.“

Fyrir mörg lönd í heiminum snúist áskorunin fyrst og fremst um að bæta löggjöfina varðandi réttindi



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Kristalina tóku í vikunni þátt í málstofu um konur, viðskipti og lög. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

kvenna. „Við sjáum mörg jákvæð merki í skýrslunni um árangur jafnvel þar sem aðstæður eru mjög erfiðar. Til dæmis hefur lögum verið breytt í Afganistan þannig að konur hafa nú sjálfstæðan rétt til að eignast vegabréf.“

Hins vegar séu aðrar áskoranir fyrir lönd eins og Ísland þar sem lagaleg staða kvenna er góð. „Fyrir þau lönd sem hafa lagaumhverfið í lagi þarf samt ennþá að tryggja að þessum lögum sé framfylgt. Það er í mörgum löndum lögum samkvæmt skylt að borga körlum og konum sömu laun fyrir sömu vinnu en það er ekkert land í heiminum sem nær því alveg.“

Þess vegna fagnar Kristalina sérstaklega úrræðum eins og jafnlaunavottun sem var lögfest á Íslandi árið 2017. „Þetta er mjög áhugavert framtak og vonandi

munu aðrar þjóðir fylgja í kjölfarið.“

Alþjóðabankinn var stofnaður í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og var ætlað að vera lánveitandi fyrir fátækari ríki heims. Hlutverk hans er enn að stuðla að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu þróunarlanda.

Tvö meginmarkmið bankans eru að berjast gegn fátækt í heiminum og að stuðla að jafnari dreifingu hagsældar. Þannig er markmiðið að árið 2030 búi aðeins þrjú prósent íbúa heimsins við sára fátækt en þá er miðað við að einstaklingur lifi af minna en 1,90 dollurum á dag.

Frá 1990 til 2015 lækkaði hlutfall jarðarbúa sem búa við sára fátækt úr 36 prósentum í 10 prósent. Spár Alþjóðabankans gera ráð fyrir að þetta hlutfall hafi farið niður í 8,6 prósent á síðasta ári. Stærstur hluti vandans er nú í

Við getum ekki haft velmegandi og friðsæl samfélög ef það er haldið aftur af helmingi íbúanna.

ríkjum Afríku sunnan Sahara en þar býr um helmingur hópsins. Þá eru 26 af 27 fátækustu ríkjum heims á þessu svæði.

Ísland mun taka sæti í stjórn bankans síðar á árinu sem fulltrúi kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, verður fulltrúi Íslands.

Fram undan er val á nýjum forseta bankans. Hefð hefur verið fyrir því að forseti Bandaríkjanna tilnefni forseta Alþjóðabankans en Evrópa framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Donald Trump hefur tilnefnt David Malpass sem er hátt settur í bandaríska fjármálaráðuneytinu. Hann var efnahagsráðgjafi Trumps í forsetakosningunum 2016.

Malpass hefur í gegnum tíðina gagnrýnt Alþjóðabankann og sagt hann of stóran og óskilvirkan. Fjármálaráðuneyti Libanons hafði tilnefnt Ziad Hayek í forsetastólinn en sú tilnefning var dregin til baka í vikunni vegna þrýstings annarra ríkja. sighvatur@frettabladid.is

VEFVEISLA

www.hekla.is/vefverslun



Audi Q7 e-tron / Design / 4x4

Fullt verð: 12.300.000 kr.

Veftilboð: 10.990.000 Kr.



Afsláttur
1.310.000 Kr.

Volkswagen e-Golf / Rafmagnaður

Fullt verð: 4.540.000 kr.

Veftilboð: 4.290.000 Kr.



Afsláttur
250.000 Kr.

Mitsubishi Eclipse Cross / Instyle / 4x4

Fullt verð: 5.490.000 kr.

Veftilboð: 5.190.000 Kr.



Afsláttur
300.000 Kr.

Skoda Karoq / Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Fullt verð: 4.850.000 kr.

Veftilboð: 4.550.000 Kr.



Afsláttur
300.000 Kr.

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði en þó er um takmarkað magn bíla að ræða. Fyrstir koma, fyrstir fá! Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Þúsundir mótmæltu

ALSÍR Tugir þúsunda Alsíringa söfnuðust saman á götum úti, andspænis óeirðalögreglu, og héldu áfram fjöldamótmælum gegn heilsuveila forsetanum Abdelaziz Bouteflika.

Mótmælin hafa staðið frá því að Bouteflika tilkynnti um að hann ætlaði að sækjast eftir endurkjöri í komandi kosningum.

Hinn 82 ára gamli Bouteflika fékk heilablóðfall árið 2013, er nú á sjúkrahúsi í Sviss, og hefur lítið sést á meðal almennings.

Fjörutíu milljónir Alsíringa krefjast þess að fá að vita hvar forseti ríkisins, herra Abdulaziz Bouteflika, er staddur.

Rachid Nekkaz forsetaframbjóðandi

Rachid Nekkaz, annar forsetaframbjóðandi, var handtekinn á svissneska sjúkrahúsinu í gær fyrir að fara inn í bygginguna í leyfisleysi. „Fjörutíu milljónir Alsíringa krefjast þess að fá að vita hvar forseti ríkisins, herra Abdulaziz Bouteflika, er staddur,“ sagði Nekkaz við fjölmiðla. – þea

Rafmagnsleysi í Venesúela

VENESÚELA Skólar voru enn lokaðir og vinnustaðir sömuleiðis í Venesúela í gær á öðrum degi umfangsmikils rafmagnsleysis. Vandræðin hófust á fimmtudag og eru rakín til bilunar í stærsta vatnsorkuveri landsins.

Ríkisstjórn Nicolas Maduro forseta hefur ekki átt sjö dagana sæla að undanförunu. Ofan á efnahagshamfarirnar sem hafa skolið á ríkinu hefur þingið, sem Maduro álitur valdalaust, gert Juan Guaidó þingforseta að starfandi forseta landsins. Þótt fjölmörg ríki heims áliti Guaidó nú forseta landsins heldur Maduro enn völdum. Rafmagnsleysið er þó ekki til þess fallið að lægja öldurnar heima fyrir. – þea

Kenna Bandaríkjunum um og skamma Japana fyrir afskipti

Norðurkóreskir ríkisfjölmiðlar segja að Bandaríkjunum sé almennt kennt um árangursleysi í leiðtoga-viðræðum. Segja Japana reyna að spilla viðræðum. Þeir séu með svört hjörtu og eins og dvergur sem hanga í skottinu á Bandaríkjamönnum.

NORÐUR-KÓREA Ríkismiðlar í einræðisríkinu Norður-Kóreu fjölluðu í gær um hinn árangurslausa leiðtogafund sem Kim Jong-un einræðisherra og Donald Trump Bandaríkjaforseti áttu í Hanoi í síðustu viku.

Vonir stóðu til þess að þeir myndu undirrita yfirlýsingu um kjarnorkuafvopnun Asíuríkisins en af því varð ekki þar sem Bandaríkjamenn vildu ekki fallast á kröfu Norður-Kóreumanna um afléttingu viðskiptaþvingana. Samkvæmt suðurkóreskum greinendum eru þvinganirnar við það að knésetja hagkerfi ríkisins algjörlega.

„Almenningur, bæði hér heima og utanlands, vonaðist til að þessi annar leiðtogafundur Alþýðulýðveldisins og Bandaríkjanna í Hanoi bæri árangur en varð fyrir vonbrigðum og kennir Bandaríkjunum um hinn árangurslausa leiðtogafund,“ sagði í dagblaðinu Rodong Sinmun.

Dagblaðið sagði svo frá því að Japanar væru að reyna að reka fleyg á milli Norður-Kóreu og Bandaríkjanna. „Einungis afturhaldsseggirinnir í Japan hafa tekið meinfýsna afstöðu í málinu og fagna árangursleysinu eins og um góðar fréttir hafi verið að ræða,“ skrifaði blaðamaður og hélt áfram:

„Markmið Japana er, í örvænt-



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, er væntanlega á sama máli og ríkismiðlarnir. NORDICPHOTOS/AFP

Frost í sambandið

Hörd orðræða norðurkóreskra fjölmiðla nú er skýrt merki um það frost sem komið er í kjarnorkuafvopunarviðræðurnar. Auk hins árangurslausa fundar er vert að taka fram að greint hefur verið frá því að Norður-Kórea byggi nú upp á ný eldflaugaskotpalla í Sohae, sem Trump sagði að ylli sér miklum vonbrigðum ef satt reyndist.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði þó á mánudag að hann væri vongóður um að bandarísk sendinefnd gæti ferðast til Norður-Kóreu til frekari viðræðna á næstu vikum. Ekkert samkomulag um slíkt liggur þó fyrir að svo stöddu.

Þótt raunverulegu samkomulagi um kjarnorkuafvopnun hafi ekki verið náð, og staðan virðist versna, má þó taka tillit til þess að ríkið hefur ekki gert neina kjarnorkutilraun svo vitað sé frá árinu 2017. Og eftir að hafa gert heilar sextán eldflaugatilraunir árið 2017 var engin gerð í fyrra og engin í ár enn sem komið er.

ingu þeirra, að spilla sambandi Norður-Kóreu og Bandaríkjanna vegna þess að þeir hafa verið skildir út undan í viðræðunum um frið á Kóreuskaga og í heimshlutanum. Þeir eru fyrirtillegir, rétt eins og þeir sem verðskulda löðrung.“

Þá var vikið að hinum „ósvífna“ Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans. Hann sagður reyna á sama tíma að fá Norður-Kóreumenn til friðarviðræðna við sig. „Japanar hafa framið of marga glæpi til þess að við getum tekist á við þá. Það hefst ekk-

ert upp úr því að eiga í viðræðum við dvergum sem hanga í skottinu á Bandaríkjamönnum.“

Japanar voru í þokkabót sagðir með „svört hjörtu“ og ættu að reida miskabætur af hendi fyrir „fyrrri glæpi og gefast upp á þeim draumi sínum að verða hernaðarísir“.

„Örlög hins yfirgefna Japans eru að biða eftir því að ríkið heyri sögunni til,“ sagði svo enn fremur.

Þessi harðnandi afstaða einræðisríkisins birtist sömuleiðis í frétt um sameiginlegar svonefndar Dong Maeng hernaðaræfingar Suður-Kóreu og Bandaríkjanna sem standa nú yfir, eftir að Bandaríkin tilkynntu um að æfingum sem kallaðar hafa verið Key Resolve og Foal Eagle hefði verið aflýst.

„Þessar aðgerðir [...] eru gróft brot gegn sameiginlegri yfirlýsingu Alþýðulýðveldisins og Bandaríkjanna og yfirlýsingum suðurs og norðurs,“ sagði í Rodong Sinmun. thorgnyr@frettabladid.is

2018 Chrysler Pacifica Plug-in Hybrid

Sýnangarbil á staðnum
Verð frá: 5.490.000 kr.



2018 Volvo XC90 T8 PHEV

Verð: 7.995.000 kr.



2018 Nissan Leaf Tekna PLUS 40Kwh

Verð: 3.895.000 kr.



2019 Mitsubishi Outlander PHEV

Verð: 4.190.000 kr.



2016 Volvo XC90 T8 AWD Plug-in Hybrid

Verð: 6.750.000 kr.



2018 Volvo XC60 T8 AWD Plug-in Hybrid

Verð: 6.990.000 kr.



2017 Nissan Leaf Tekna ekinn 2.500 km

Sýnangarbil á staðnum
Verð: 2.990.000 kr.



2017 BMW i3 ReX

Verð: 3.990.000 kr.



2016 BMW X5e Premium Package Plug-in Hybrid

Verð 5.990.000 kr.



Glænýr 2019 Nissan Leaf

Verð: 3.490.000 kr.



2016 Porsche Cayenne S E-Hybrid Plug-in Hybrid

Verð: 6.990.000 kr.



546-0088 | Fellsmúli 26
www.smartbilar.is

Opið laugardag
12-16

FRÁBÆR TILBOÐ

MAGNAÐUR
MARS

ALLAR*
SÆNGUR

20-40%

*GILDIR ÚT 10. MARS

ALLIR*
SÓFAR

20-40%

*GILDIR ÚT 10. MARS

TAKS*
SKINN

20%

*GILDIR ÚT 12. MARS

ÖLL*
SÆNGURVER

20-40%

*GILDIR ÚT 10. MARS

ALLAR*
VEGGHILLUR

20-30%

*GILDIR ÚT 10. MARS



ALLIR*
GARDÍNUKAPPAR

30%

*GILDIR ÚT 12. MARS



ÖLL*
STURTUHENGI

25%

*GILDIR ÚT 12. MARS



TJELE*
SKRIFBORÐSSTÓLL

40%

*GILDIR ÚT 12. MARS



FULLT VERÐ: 24.950

14.950

GOLD T30*
YFIRDÝNA

50%



*GILDIR ÚT 12. MARS



NÚ VERÐ FRÁ:

6.475

Við höfum haft heppnina með okkur í 85 ár





Á þriðja tug bygginga reistar fyrir tilstuðlan Happpdrættis Háskóla Íslands

Happpdrætti Háskóla Íslands fagnar nú 85 ára afmæli. Tilgangur happpdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga Háskóla Íslands, viðhalds þeirra og tækjakaupa. Þegar aðalbygging Háskóla Íslands var vígð árið 1940 átti hún að hýsa æðri menntun í landinu til næstu 100 ára. Síðan þá hefur Happpdrættið fjármagnað nær allar byggingar Háskólans, á þriðja tug talsins.

Á síðasta ári tókst okkur að fjölga heppnum Íslendingum um 40 þúsund. Í ár ætlum við að gera betur og fjölga heppnum miðaeigendum til muna en um leið hlúa frekar að húsakosti Háskóla Íslands, hornsteini íslenska þekkingarsamfélagsins.

Fjölgu heppnum Íslendingum.
Tryggðu þér miða á hhi.is



Baráttuhugur í kröfugöngu

Hótelþernur í Eflingu lögðu niður störf klukkan tíu í gærmorgun og stóð verkfallið til miðnættis. Eflingarfólk fjölmennti í Gamla bíó þar sem boðið var upp á dagskrá allan daginn. Farið var í kröfugöngu um miðbæinn sem endaði á baráttufundi Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, MFÍK. Fréttablaðið ræddi við nokkra þátttakendur.

KJARAMÁL Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, sagði að dagurinn hefði gengið mjög vel. „Það er búið að skamma okkur mikið fyrir að lýsa tilfinningum okkar í garð þessa dags en ég held að allir sem eru hérna hafi séð að verkalýðsbarátta og gleði geta farið saman. Það er bara baráttugleði.“

Hann segir að afskipti hafi verið höfð af ýmsum málum sem voru möguleg verkfallsbrot. „Ég myndi segja að það hafi ekki verið mikið um gróf eða vísitandi verkfallsbrot. Það hafa komið upp vafatilfelli og þá hefur okkar fólk bara farið



í það og komið með ábendingar. Í flestum tilfellum hefur því verið sinnt.“

Atkvæðagreiðslu um næstu lotu verkfalla lýkur á miðnætti í kvöld. „Atkvæðagreiðslan gengur mjög vel. Við erum búin að mæta þátttökuþröskuldinum í öllum þessum atkvæðagreiðslum. Það verður gaman að sjá hvað við fáum mikla þátttöku,“ segir Viðar. – sar

Maxim Baru, sviðsstjóri félagsviðs Eflingar

Ég er mjög ánægður með mætinguna og þennan mikla áhuga. Við finnum líka fyrir miklum stuðningi félagsmanna sem ekki eru í verkfalli. Margir þeirra vilja líka fara í verkfall.



Martyna Dobrowolska, fyrrverandi hótelþerna Ég hef unnið við þessi störf og þekki aðstæðurnar. Þetta er svo sannarlega vanþakklátt starf. Mig langaði að sýna stuðning fyrir þær sem höfðu kannski ekki hugrekkið til að koma hingað í dag.



Ani Marincean, fyrrverandi hótelþerna Ég er hér til að sýna stuðning við verkfallið. Það er mikilvægt að þetta gerist 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Konur kröfðust betri launa og styttri vinnutíma þarna fyrir rúmlega 100 árum. Ég held við séum enn í sömu stöðu og þá.



Karolina, starfsmaður við þrif á gistihúsi

Aðstæður okkar eru slæmar. Launin eru það lág að það er nánast ómögulegt að lifa eðlilegu lífi. Það er ekkert líf að eiga bara fyrir mat og lélegu húsnæði. Það eiga allir að geta notið lífsins líka. Ég er tilbúin í fleiri verkföll ef á þarf að halda.



María S. Gunnarsdóttir, félagi í MFÍK

Við í MFÍK höldum alltaf upp á 8. mars og vekjum athygli á einhverju brýnu samfélagsmáli. Við erum sannfærðar um að jöfnuður í samfélagi stuðli að friði og styðjum kröfur Eflingar.

Ekki vera gagnslaus

Þú þarft meira en orðin tóm

Þú getur talað eins og þú vilt, en þegar upp er staðið gerir síminn þinn takmarkað gagn án gagnamagns.

10GB + Ótakmarkaðar mínútur og SMS = 3.490 kr. á mánuði

Ef þú ert í *Heima* færðu 100 GB fyrir sama verð.

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?

 **vodafone**

Hluti af Sýn

Kringlan

Allskonar nýjasta nýtt

KRINGLUKAST

7.-11. MARS

20-50%

AFSLÁTTUR

Fimmtudag til mánudags



OPIÐ: LAUGARDAG 10-18 | SUNNUDAG 13-18 | kringlan.is

SKOÐUN

Gerum betur



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Loftgæði í Reykjavík mælast nú með versta móti líkt og stundum er á þessum árstíma þegar veður er kalt og loft stillt. Loftgæði við að minnsta kosti tvær mælistöðvar í borginni mælast „mjög slæm“.

Nægilegt er að líta út um gluggann í miðborginni, eða taka stuttan göngutúr til að verða áþreifanlega var við svifryk og mengun í lofti. Á sumum stöðum er engu líkara en maður sé staddur í oliuríki við Persaflóa í miðjum sandstormi. Sandur og svifryk fyllir vit og lungu.

Hvernig ástandið getur verið með þessum hætti í lítilli borg í norðri er hreinlega ómögulegt að skilja. Loftmengun í Reykjavík er meiri en tíðkast í margfalt stærri iðnaðarborgum.

Auðvitað er það svo að bílaumferð á langmestan þátt í því að skapa vandamálið. Í þeim efnum þarf fólk auðvitað að líta sér næst. Sú staðreynd að fólki með öndunarsjúkdóma og leikskólabörnum er reglulega ráðlagt að halda sig innandyra er vitnisburður um bjagaða forgangsröðun.

Hitt er svo annað mál að borgaryfirvöld verða að sjá til þess að borgin sé sæmilega hrein. Á því er mikil vöntun. Varla er ofsagt að borgin sé drulluskítug. Ryk, sandur og fjúkandi rusl á götum, umferðareyjum og göngustígum.

Götuhreinsanir fara fram einu sinni á ári, sem er hlægilegt í samanburði við þær borgir sem við miðum okkur við á tyllidögum. Víða eru götur hreinsaðar daglega eða vikulega. Ferðamannaborgin Reykjavík kemur skelfilega út úr öllum samanburði.

Borgarstjóri taldi það fráleitt að borgin gæti liðkað fyrir yfirstandandi kjaraviðræðum með því að lækka útsvar og önnur gjöld á vegum borgarinnar. Það væri auðvitað ekki hægt án þess að skerða grunnþjónustuna.

En þegar svona viðrar, og tíðindi berast af lokun grunnskóla í borginni að því er virðist vegna vanrækslu við reglubundið og eðlilegt viðhald, er eðlilegt að spyrja í hvað peningarnir séu eiginlega að fara? Að minnsta kosti ekki grunnþjónustuna að því er virðist.

Það ætti að vera forgangsmál hjá borgaryfirvöldum og íbúum að ráða niðurlögum mengunar í borginni. Reykvíkingar sjálfir þurfa að horfast í augu við það að bílar eiga ekki að vera í forgangi gagnvart heilsu fólks og lífsgæðum, og þurfa að vera reidubúnir að sýna sveigjanleika þegar kemur að ferðavenjum.

Borgaryfirvöld þurfa svo að sjá til þess að borgin sé að minnsta kosti sæmilega hrein.

Bæði yfirvöld og borgarþátttakendur geta gert svo miklu, miklu betur.



Á sumum stöðum er engu líkara en maður sé staddur í oliuríki við Persaflóa í miðjum sandstormi. Sandur og svifryk fyllir vit og lungu.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Kynjajafnrétti og Viagra

Þekkir þú einkenni hjartaáfalls? Að þekkja einkennin og bregðast við þeim getur skilið milli lífs og dauða. Hugsaðu aðeins málið ...

Fyrr, nú og um framtíð

Í gær var alþjóðlegur baráttudagur kvenna haldinn hátíðlegur. Þau skilaboð bærust frá skóla fimm ára dóttur minnar hér í London að í stað skólabúnings mættu börnin, í tilefni dagsins, klæðast fatnaði í grænu, hvítu og fjólubláu; einkennislitum súffragettanna, breskra kvenréttindakvenna við upphaf 20. aldar.

Þegar ég þúslaði saman münderingu fyrir dótturina kom á mig fát. Hvernig útskýrir maður alþjóðlegan baráttudag kvenna fyrir fimm ára barni? Átti ég að segja dóttur minni sem stýrir sinni litlu veröld – foreldrum, bróður og vinum – af jafnglæfralegu sjálfsöruggi og framkvæmdastjóri fyrirtækis með hagstæða ársfjórðungsskýrslu undir handleggnum að til sé fólk sem telur hana síður hæfa en stráka til að stýra heiminum? Átti ég að segja henni að einu sinni hafi kynsystur hennar ekki átt neitt og ekki mátt neitt? Leiddi slíkt ekki til komplexa? Þegar jafnréttisbaráttan var komin jafnlangt og raun ber vitni, var það ekki óþarfa fórnarlambavæðing að einblína stöðugt á það litla sem vantaði upp á?

Ég hafði rífið allt út úr fataskáp dótturinnar án þess að finna eina einustu fjólubláa spjör og var við það að hefja undirskriftasöfnun gegn alþjóðlegum baráttudegi kvenna þegar dyrabjallan hringdi. Fyrir utan dýrnar stóð sendill frá vefbókaverslun Amazon með pappakassa sem í var harkaleg áminning um nauðsyn aljóðlegs baráttudags kvenna – fyrr, nú og um ókomna framtíð.

Jaðartilfelli

Flestir þekkja einkenni hjartaáfalls: Þyngsli fyrir brjósti, eins og fill sitji á brjóstakassanum. Ekki rétt?

Rétt. Nema þegar það er rangt. Einkenni hjartaáfalls hjá konum eru oft önnur en hjá körlum. Þegar kona fær

hjartaáfall lýsir það sér gjarnan sem ógleði, þreyta og verkur í kjálka, baki eða öxlum.

Bókin Invisible Women: Exposing Data Bias in a World Designed for Men eftir Caroline Criado-Perez sem kom út í vikunni er sláandi úttekt á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. „Upplifun karlmannsins og sjónarhorn karlmannsins eru talin algild,“ skrifar Criado-Perez. „Upplifun kvenna hins vegar – upplifun helmings mannkyns – er metin sem jáðartilfelli.“

Á 21. öld þekkjum við ekki einkenni hjartaáfalls hjá konum – bara körlum. Það eru 50% meiri líkur á að kona fái ranga sjúkdómsgreiningu í kjölfar hjartaáfalls en karl. En ekki nóg með það:

- Í tilraunum á dýrum í læknisfræði eru kvendýr sjaldnast höfð með.
- Lyfjaprófun sem gerð var á áhrifum áfengisneyslu á Viagra fyrir konur var gerð á tuttugu og þremur körlum en aðeins tveimur konum.
- Það eru 47% meiri líkur á að kona slasist alvarlega í árekstri því sætisbelti og loftþúðar bifreiða eru hönnuð með stærð meðal karlmanns að leiðarljósi.
- Ýtarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum kolarýks á heilsu námuverkamanna. Nánast engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum krabbameinsvaldandi efna á snyrtistofum sem naglasnyrtar anda að sér í miklum mæli.
- Lögglukonur klæðast stunguvestum sem eru hönnuð til að vernda karla.
- 70% meiri líkur eru á að rafmagnstækið Google Home skilji karlmannsrödd en kvenmannsrödd.
- Í Bretlandi eru fleiri stytur af körlum sem heita John en stytur af konum.
- Aðeins 28% barna sem beðin eru um að teikna vísindamann teikna mynd af konu.

Súffragettarnar kunna að tilheyra sögunni. Það gerir kerfislæg mismunun í garð kvenna hins vegar ekki. Í ljósi tölfræðinnar ættu allir dagar að vera alþjóðlegir baráttudagar kvenna. Að þekkja einkennin og bregðast við þeim getur nefnilega skilið milli lífs og dauða.

NESPRESSO

CITIZ
20%
afsláttur

TILBOÐ 7.-11. MARS VEGNA KRINGLUKASTS

Verð nú **19.995 kr.** >> Verð áður 24.995 kr.
Gildir einnig á nespresso.is

what else?



Þægilegast að nota appið



Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina og skráðu þig í viðskipti í gegnum appið. Það tekur aðeins örfáar mínútur.

- **Lán fyrir þig**
Nú getur þú sótt um allt að 2.000.000 kr. lán í appinu á örfáum mínútum.
- **Sæktu um debet- og kreditkort**
Kynntu þér úrvalið og sæktu um þau kort sem henta þér og þínum þörfum.
- **Byrjaðu að spara**
Skráðu þig í reglubundinn sparnað og horfðu áhyggjulaus fram á veginn.
- **Vertu með allt á einum stað**
Þú getur dreift færslum, skipt greiðslum og hækkað eða lækkað heimild.
- **Borgaðu með símanum**
Virkaðu snertilausar greiðslur í appinu og tengdu Íslandsbankakort að eigin vali.



Þú finnur Kort frá Íslandsbanka í App Store og Google Play Store.
Nánar á islandsbanki.is/app

Valsmenn sluppu með skrekkinn gegn sprækum Fjölnismönnum

Fjölnismenn voru grátlega nálægt því að komast í bikarúrslitaleikinn í fyrsta sinn gegn Val þegar liðin mættust í undanúrslitum bikarsins í gær. Vafasamt vítakast var dæmt á Fjölni þegar fimm sekúndur voru til leiksloka og rautt spjald á varnarmann Fjölnis sem leiddi til þess að Valur jafnaði metin á lokasekúndum venjulegs leiktíma. Í framlengingunni tókst Valsmönnum síðan að sigla sigrinum heim. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Nýjast**Coca-Cola bikar karla****Fjölnir - Valur 25-28**

Fjölnir: Breki Dagsson 8, Arnar Máni Rúnarsson 4, Björgvin Páll Rúnarsson 4, Brynjar Loftsson 2, Brynjar Óli Kristjánsson 2, Þorleifur Rafn Aðalsteinsson 2, Hafsteinn Óli Berg Ramos Rocha 1, Daniel Freyr Rúnarsson 1.

Valur: Magnús Óli Magnússon 5, Anton Rúnarsson 5, Ýmir Örn Gíslason 5, Sveinn Aron Sveinsson 3, Róbert Aron Hostert 3, Stiven Tobar Valencia 2, Vignir Stefánsson 2, Ásgeir Snær Vignisson 2, Arnór Snær Óskarsson 1.

FH - ÍR 25-24**Domino's-deild karla****KR - Stjarnan 88-87**

KR: Julian Boyd 28/13 fráköst, Michele DiNunno 27, Kristófer Acox 12/10 fráköst, Finnur Atli Magnússon 8, Björn Kristjánsson 4, Helgi Már Magnússon 4, Emil Barja 3, Pavel Ermolinskij 2.

Stjarnan: Brandon Rozzell 29, Antti Kanervo 17, Hlynur Bæringsson 14/10 fráköst, Filip Kramer 13, Ægir Þór Steinarrson 6/10 stoðsendingar, Collin Pryor 4, Tómas Þórður Hilmarsson 2, Dúi Þór Jónsson 2.

Fifa hafnaði beiðni Chelsea

ENSKI BOLTINN Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, hafnaði í gær beiðni Chelsea um að fresta félagsskiptabanni félagsins um eitt ár sem Chelsea hafði óskað eftir. Chelsea sendi frá sér tilkynningu þar sem félagið lýsti yfir vonbrigðum með ákvörðun FIFA og gaf til kynna að málinu yrði áfrýjað til Alþjóðaiþróttadómstólsins í Sviss.

Chelsea neitar sök í málinu sem snýst um að félagið hafi brotið reglur FIFA um félagsskipti leikmanna undir átján ára aldri. Samkvæmt úrskurði FIFA mun Chelsea ekki fá að kaupa leikmenn fyrr en sumarið 2020. —kpt

**Aðalfundur Íslandsdeildar
Amnesty International**

verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019
kl. 20:00 í húsnæði deildarinnar,
Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík, 3. hæð.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
- Skýrsla stjórnar um fjárhag samtakanna og fjárhagsáætlun
- Ársreikningar lagðir fram
- Kosning stjórnar og félagskjörinna skoðunarmanna
- Ákvörðun um upphæð árgjalds
- Mögulegar lagabreytingar
- Önnur mál

Íslandsdeild Amnesty hvetur félagsmenn sem hafa áhuga á mannréttindum til að bjóða sig fram í stjórn samtakanna.

**Markvarslan mun ráða úrslitum**

HANDBOLTI Það verður boðið upp á handboltaveislu í Laugardalshöll í dag þegar úrslitaleikirnir í Coca Cola-bikarnum í karla- og kvennaflokki fara fram. Í kvennaflokki eru það tvö efstu lið landsins og liðin sem börðust um Íslandsmeistaratitilinn í fyrra, Valur og Fram, sem mætast en í karlaflokki verður það FH sem mætir Val þetta árið. Þetta verður því tvíhöfði fyrir stuðningsmenn Vals og verður leikurinn gegn Fram í kvennaflokki flautaður á klukkan 13.30 og seinni leikur dagsins hefst klukkan fjögur.

Fréttablaðið fékk Jónatan Þór Magnússon, þjálfara KA/Þórs til að rýna í leikina tvo.

Fram er ríkjandi bikarmeistari í kvennaflokki eftir að hafa unnið sextánda bikarmeistaratitilinn sinn á síðasta ári en Valsliðið getur bætt þeim sjöunda við í safnið í dag og þeim fyrsta í fimm ár. Til þess þarf Valur að vinna Fram í fyrsta sinn í vetur eftir að Framarar unnu fyrstu tvo leiki liðanna í Olís-deildinni, þar á meðal fimm marka sigur í Valsheimilinu síðast þegar liðin mættust.

„Valur og Fram hafa sýnt það í vetur að þau eru í sérflökki hvað varðar gæði og breidd. Það munar í leikjum eins og þessum þar sem það eru tveir leikir með stuttum tíma.



Það mun mæða á Söndru og Karen í sóknarleikum. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Ég á von á alvöru naglbít með framlengingum þar sem markvarslan ræður úrslitum,” sagði Jónatan og hélt áfram:

„Þótt ÍBV sé með frábæra vörn er það áhyggjuefni fyrir Valsliðið að þær náðu aðeins að setja 17 mörk gegn ÍBV fyrir leik gegn einni öflugustu vörn landsins.“

Í karlaflokki eru það Valsmenn sem eru sigursælastir með tíu bikarmeistaratitla, þann síðasta fyrir tveimur árum, en FH hefur orðið

bikarmeistari fimm sinnum. Aðeins Víkingur R. (6), Haukar (7) og Valur hafa oftar unnið bikarinn í karlaflokki en FH þótt að það séu 25 ár liðin síðan FH varð bikarmeistari.

„Ég á von á annarri eins spennu í þessum leik. Það mun mikið mæða á markvörðunum en það verður annað einvígi sem verður gaman að fylgjast með. Einvígi Magnúsar Óla og Ásbjörns mun ráða úrslitunum í seinni leik dagsins.“

kristinnpall@frettabladid.is

Valdís Þóra efst þegar mótið er hálfnað í Ástralíu

GOLF Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbum Leyni á Akranesi, er í efsta sæti á NSW Open mótiinu í Ástralíu þegar mótið er hálfnað með tveggja höggja forskot á næstu kylfinga. Mótið er hluti af Evrópumótaráðinni, næststærstu mótaröð heimsins, og á Valdís Þóra besta árangurinn á móti af þessari stærðargráðu þegar hún lenti í þriðja sæti á móti í Bonville í Ástralíu í fyrra.

Valdís greindi frá því í samtali við heimasíðu evrópsku mótaráðarinnar eftir fyrsta hringinn að hún



Valdís leiðir með tveimur höggum í Ástralíu. NORDICPHOTOS/GETTY

væri að glíma við meiðsli í baki. Fyrir vikið tók Valdís ákvörðun um að hægja á sveiflunni og það skilaði sér í besta hring ferilsins þegar Valdís kom í hús á 63 höggum á fimmtudaginn, átta höggum undir pari vallarins.

Skagamærin náði sér ekki jafn vel á strík á öðrum hringnum og byrjaði daginn á því að fá skolla á fyrstu brautinni. Hún átti eftir að fá einn skolla til viðbótar á fyrri níu holunum en fékk tvo fugla og einn örn á fyrri níu holunum og var því

á tveimur höggum undir pari þegar hringurinn var hálfnaður.

Þrjár skollar bættust við á seinni níu holunum á móti tveimur fuglum og kom hún því í hús á einu höggi undir pari vallarins eða sjötíu höggum og var með tveggja höggja forskot á Karolin Lampert frá Þýskalandi og þriggja höggja forskot á Lynn Carlsson og Meghan MacLaren þegar mótið var hálfnað.

Í samtali við heimasíðu evrópsku mótaráðarinnar virtist Valdís vera sátt með að hafa klárað hringinn á

einu höggi undir pari eftir erfiðan hring.

„Þetta var erfiður hringur, ég var ekki að slá vel af teignum og var bara á brautinni þrisvar eftir upphafshögg. Ég náði ekki að sækja jafn vel með jarnnum og náði ekki sama takti sem gerir það að verkum að ég sátt með lokatöluna þegar ég kom í hús. Nú er bara að gera betur á þriðja hringnum,“ sagði Valdís.

Mótinu lýkur aðfaranótt sunnudags þegar Valdís leikur fjórða hringinn. – kpt

Kolbeinn laus allra mála í Frakklandi

FÓTBOLTI Tilkynnt var í gær að landsliðsframherjinn Kolbeinn Sigþórsson og Nantes hefðu komist að samkomulagi um að rifta samningi Kolbeins í Frakklandi. Kolbeinn átti fimmtán mánuði eftir af samningi sínum hjá Nantes en honum er nú frjálst að semja við annað félag.

Kolbeinn var ekkert búinn að koma við sögu hjá Nantes á þessu tímabili og var gert að æfa með varaliði félagsins eftir að félaginu tókst hvorki að selja hann síðasta sumar né í janúarglugganum. Forseti Nantes fór ekki í felur með óánægju sína og var duglegur að gagnrýna Kolbein í samtali við franska fjölmiðla.

Franska félagið greiddi á sínum tíma 3,5 milljónir evra fyrir Kolbein og lék hann 29 leiki á fyrsta ári sínu hjá félaginu en í upphafi annars tímabilsins, stuttu eftir Evrópumótið í Frakklandi, meiddist Kolbeinn illa og sneri ekki aftur inn á völlinn fyrr en 21 mánuði síðar. Á þessum tíma var hann um tíma á láni hjá tyrkneska stórveldinu Galatasaray en náði aldrei að leika fyrsta leik sinn fyrir félagið vegna meiðsla.

Kolbeinn sem er næst markahæsti leikmaðurinn í sögu karllandsliðsins með 23 mörk hefur áður leikið með Ajax og AZ Alkmaar í Hollandi en honum er nú frjálst að ræða við hvaða lið sem er. Um tíma stóðu viðræður yfir við Vancouver Whitecaps í MLS-deildinni í Bandaríkjunum og þá sýndi Gautaborg í Svíþjóð honum áhuga í fyrra en viðræður hans litast af því að félagsskiptagluggin í ýmsum löndum er lokaður fram á sumarið.

Kolbeinn Sigþórsson.



Skrambi á lokaholunni kostaði Ólafíu

GOLF Skrambi á lokaholunni í gær reyndist Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur dýrkeyptur því hún missti af niðurskurðinum á Sky Golf-mótinu í gær á þremur höggum yfir pari.

Mótið er hluti af Symetra-mótaröðinni og munaði aðeins einu höggi að Ólafía næði niðurskurði.

Þetta var fyrsta mót Ólafíu á árinu og var hún á þarinn eftir fyrsta hringinn þar sem hún fékk tvo fugla, tvo skolla og fjórtán þör. Ólafía var á þarinn þegar þrjár holur voru eftir í gær en skolli og skrambi tveimur holum seinna sendu hana niður fyrir niðurskurðarlínuna. Þegar Fréttablaðið fór í prentun og síðustu kylfingarnir voru að skila sér í hús munaði aðeins einu höggi að Ólafía hefði náð í gegn. – kpt

Sölu- sýning

Í dag, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Þar gefst tækifæri til að skoða gæðaheimilistækin frá Siemens, Bosch og Gaggenau og kynnst eiginleikum þeirra.

Við viljum vekja athygli á i-DOS skömmtunarkerfinu í þvottavélum, sjálfhreinandi rakapéttnum í þurrkurum og Zeolith®-þurrkuninni í uppþvottavélunum.

Svo megið þið ekki missa af nýja og öfluga VitaBoost-blandaranum frá Bosch sem býr til súpu á sjö mínútum.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.

Veittur verður afsláttur af öllum vörum sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.

Komdu og njóttu dagsins með okkur.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Skoðaðu nýja Tækifærisbæklinginn okkar!

5 DAGA

TAXI

FIMMTUDAGUR TIL MÁNUDAGS
EKKI MISSA AF ÞESSU

Allar vörur
á taxfree tilboði*

* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema vörum frá IITTALA og Skovby og jafngildir 19,35% afslætti.

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

FREE



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Farsælast að vera maður sjálfur

Þær **Ísabel**, **Erna** og **Salka Ýr** skipta með sér hlutverki Matthildar í samnefndum söngleik. Þær eru sammála um það að meginboðskapur sögunnar um Matthildi sé að farsælast sé að vera maður sjálfur og láta ekkert buga sig.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þrjár stelpur á aldrinum níu og tíu ára munu skipta með sér hlutverki Matthildar í samnefndum söngleik, þær Erna Tómasdóttir, Ísabel Dís Sheehan og Salka Ýr Ómarsdóttir. Þegar blaðamaður ber að garði hafa þær torgað allnokkrum rjómabollum og hlaupa fullar af orku um Stóra svið Borgarleikhússins, þrila, hoppa, öskra og syngja.

Þær voru valdar úr hópi 1.119 barna sem mættu í áheyrnarprufur fyrir tæpu ári. Auk þeirra leika sextán börn í sýningunni. Það yngsta er átta ára og það elsta tólf ára. Börnin hafa stundað stífar æfingar fyrir söngleikinn frá því í byrjun janúar og nú nálgast frumsýning, 15. mars er stóri dagurinn. Þó að í vikunni á undan verði forsýningar og generalprufa sem eru ekki síður teknar alvarlega.

Blaðamaður gerði heidarlega tilraun til þess að beisla rjómabolluorkuna og kynnast aðalleikkonunum betur og settist niður með þeim Ernu, Ísabel og Söllu Ýri ásamt leikstjóranum, Bergi Þór Ingólfssyni.

Ísabel: Ég geng í Vesturbæjarskóla og er í fimmta bekk.

Erna: Ég er níu ára gömul og er í Barnaskólanum í Reykjavík.

Salka Ýr: Ég bý í Garðabæ og geng í Hofstaðaskóla. Ég er líka í fimmta bekk.

Bergur Þór: Ég er á þriðja bekk vanalega, úti í sal í Borgarleikhúsinu!

Stelpurnar skella upp úr.

Ísabel: Það er fallegt nafn.

Ísabel: Já, takk. Pabbi minn skírði mig Ísabel af því hann átti mótorhjól sem hét Ísabel. Hann er bandarískur.

Söngleikurinn um Matthildi er byggður á samnefndri skáldsögu Roalds Dahl. Matthildur er bókelsk, leifturklár með ríkt myndunarafl. Foreldrar hennar eru hins vegar óheflaðir og yfirborðskenndir og sýna henni litla elsku en ægilegan yfirgang.

Ísabel: Þetta er allt svo óréttlátt. Það eru eiginlega allir í kringum hana vondir við hana. Það eru fáeinir sem standa með henni.

Erna: Foreldrunum er alveg sama um hversu frábær og klár hún er. Þeir eru sjálfir heimskir, mamman vill til dæmis frekar að stelpur hugsi um útlitið en að þær lesi bækur.

Ísabel: Sagan um Matthildi snýst um að gefast ekki upp og vera sjálfstæð. Taka sitt pláss.

Erna: Maður verður að vera maður sjálfur.

Salka Ýr: Og ekki leyfa neinum að komast upp með að vera leiðinlegur við mann og fara illa með mann. Ef manni tekst vel að vera maður sjálfur þá gengur lífið bara miklu betur. Þið eruð búnar að efa á hverjum degi frá því í janúar?

Ísabel: Sumar æfingar hafa verið erfiðar en þær eru allar skemmtilegar.

Erna: Mér finnst stundum eitt hvað erfitt. En það er samt skemmtilegt.

Og það er alls ekki langt í frumsýningu. Hvað segir leikstjórnunum um frumsýninguna?



Salka Ýr, Ísabel, Bergur Þór og Erna á Stóra sviði Borgarleikhússins. Það var mikið fjör hjá stelpunum þegar blaðamaður leit í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ísabel er í Vesturbæjarskóla og í fimmta bekk.

Ísabel: Hann segir bara allt gott!

Erna: Að vera Matthildur, vera maður sjálfur. Ekki að vera að spá í leikstjóranum á sviðinu.

Ísabel: Bannað að hlýða leikstjóranum.

Bergur Þór: Já, leikstjórnin segir að áhorfandinn sjái ef leikarinn er að hugsa um leikstjórnann á sýningunni. Ef rödd leikstjórnans er að tala við þig á sýningunni.

Salka Ýr: Þá sjá þeir ekki Matthildi á sviðinu!

Ísabel: Heldur leikara að leika Matthildi.

Salka Ýr: Þau sjá leikara vera að hugsa um leikstjórnann.

Erna: Reyna að gera nákvæmlega það sem leikstjórnin segir.

Bergur Þór: Þið eruð þrjár...

Salka Ýr: Frábærar stúlkur.

Bergur Þór: Ólíkar stúlkur. Þær hafa allar sitt fram að færa, hafa áhuga á misjöfnum hlutum. Þær

hafa mismunandi bakgrunn, eiga ólík líf.

Salka Ýr: Já, rétt hjá þér.

Bergur: Þetta á vel við í dag. Eins og stelpurnar segja, við þurfum að segja frá ef eitthvað er rangt. Við þurfum að læra að þiggja aðstoð ef hún er einhvers staðar til staðar. Þegar við verðum vör við rangindi og óréttlæti þá þurfum við að bregðast við því. Matthildur bregst við því á þann hátt að hún þróar með sér ofurkrafta. Matthildur segir satt, segir frá og lagar óréttlætið.

Búið þið yfir ofurkröftum?

Ísabel: Já, eða sko, nei.

Erna: Nei, engum ofurkröftum, sem ég veit um.

Ísabel: Við erum að þróa þá, með því að leika í Matthildi.

Erna: Við reyndum að finna sjötta skilningarvitið. Æfa það. Reyndum að loka fyrir öll hin skilningarvitin.



Salka Ýr Ómarsdóttir er í 5. bekk í Hofstaðaskóla í Garðabæ.



Erna er níu ára gömul, spilar á selló og finnst gaman að lesa.

Salka: En það var ekki hægt.

Erna: En við náðum ekki að loka fyrir þau öll.

Bergur: Til þess að geta þekkt fimm skilningarvitin vorum við að reyna að finna út hvað sjötta skilningarvitið gæti verið.

Salka Ýr: Við gætum sett sokka á hendurnar, haldið fyrir nefið og lokað fyrir augun.

Bergur Þór: Og sett tunguna í poka.

Stelpurnar hlæja og halda áfram að velta því fyrir sér hvernig þær gætu lokað á skilningarvitin fimm með nýstárlegum aðferðum. Lokaniðurstaðan er háheimspekileg og sú að það sé bara ekki hægt að útiloka tilfinninguna við að gera tilraunirnar.

Bergur Þór: Það ber að taka fram að þessar æfingar voru ekki gerðar! *Hafið þið önnur áhugamál en leiklist?*

Salka Ýr: Ég var í fimleikum. Frá tveggja ára aldri, ég stundaði líka ballett í nokkur ár.

Erna: Ég var líka í ballett, líka í fimleikum og hef spilað á selló frá því ég var þrjú ára. Ég var líka í kór. Ég fer líka oft á myndlistarnámsskeið og oft á símfóniútleika. Mér finnst gaman að lesa.

Ísabel: Mér finnst líka gaman að lesa, ég var í djassballett og ballett og líka einu sinni í fimleikum.

Hvað viljið þið gera þegar þið eruð orðnar stórar?

Ísabel: Ég ætla að verða leikkona.

Salka Ýr: Ég líka, ég ætla að verða leikkona.

Erna: Ég ætla að verða fjöllistakona. Ég er hrifin af mörgum listgreinum og vil gera alls konar list.



Innovation
that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



MEIRA FYRIR PENINGINN TRYGGÐU ÞÉR EINN PAKKAÐAN NISSAN

X-TRAIL

TEKNA, 4WD, 7 SÆTA, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ: 7.190.000 KR.

TILBOÐ: 6.490.000 KR.

QASHQAI

TEKNA, 2WD, SJÁLFSKIPTUR, BENSÍN
VERÐ FRÁ: 4.950.000 KR.

TILBOÐ: 4.250.000 KR.

BJÓÐUM NOKKRA SÉRÚTBÚNA X-TRAIL
OG QASHQAI MEÐ **700.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Nissan TEKNA,
sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

Nánari upplýsingar á nissan.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Fjölskyldan heimsótti gröf föður Grants Wagstaff sumarið 2015, skömmu áður en hann lést. Hjónin Grant og Roslyn eru fyrir miðju. Sarah er föður sínum til hægri handar, Claire yst til hægri og Tyler með hatt. Sarah starfar að markaðsmálum í lífræna geiranum og vinnur að meistararitgerð í upplýsingamiðlun. Tyler er matreiðslumeistari. Claire er klifurkennari og í kennaranámi.

Hvernig gat þetta komið fyrir okkur?

Sarah Wagstaff er dóttir Grants Wagstaff sem lést í flugslysi á Íslandi 2015. Hann var um borð í sjóflugvél sem flogið var af Arngrími Jóhannssyni, kenndum við Atlanta. Sarah telur illa farið með fjölskylduna.

Garðar Örn
Úlfarsson
gar@frettabladid.is



Grant Wagstaff hafði verið ráðinn til að ferja Beaver-sjóflugvél vestur um haf þar sem vinur hans Arngrímur Jóhannsson var að selja hana. Grant hafði ferjað þessa sömu vél til Íslands árið 2008.

Arngrímur flaug hins vegar vélinni fyrsta leggin sem átti að vera úr heimabæ hans Akureyri til Keflavíkur þaðan sem átti að fljúga vélinni úr landi og til Minneapolis í Bandaríkjunum.

Vegna skýjafars náði Arngrímur ekki að fljúga vélinni upp yfir Tröllaskaga í gegn um Óxnadal og endaði 45 mínútum eftir flugtak með því að brotlenda í Barkárdal. Grant Wagstaff komst ekki út úr flakinu og lést er eldur gaus upp. Síðar var meðal annars leitt í ljós að vélin var ofhlaðin og því þyngri en heimilt var.

Hjá Útfararstofu Reykjavíkur, sem annaðist um lík Grants, starfaði kona sem kom ekkjunnri Roslyn Wagstaff í samband við lögmann hjá lögmannsstofunni Opus til að sjá um ýmsa pappírsvinnu hér á landi. Nokkrum mánuðum síðar, í febrúar 2016, barst ekkjunnri tilkynning um að viðkomandi lögmaður, sem reyndar er stjúpdóttir konunnar á útfararstofunni, væri farinn í barneignarfrí. Við málinu hefði tekið annar lögmaður. Var þar um að ræða 25 ára konu sem útskrifast hafði sem lögfræðingur vorið áður.

„Við vissum ekki þá að Arngrímur hefði gert fjölda mistaka þennan dag,“ segir Sarah Wagstaff, elsta dóttir Grants Wagstaff. Hún gagnrýnir meðferð málsins hérlandis harðlega.

Sarah segir fjölskylduna hafa verið í gríðarlegu áfalli eftir slysið. Hún, móðir hennar og yngri bróðir og systir séu öll enn í sérfræðimeðferð til að glíma við afleiðingarnar.

„Ég bjó þá í Vancouver en flutti aftur til Victoria til að styðja fjölskylduna,“ segir Sarah. Hún hafi

Dóttir minnst föður síns


„Ofar öllu var faðir minn afar glaðlyndur og jákvæður maður. Hann var opinn, örlátur, skapandi og skemmtilegur. Hann elskaði að ferðast og að kynna sér menningu landa sem hann heimsótti. Hann var meðalmaður vexti, ljóshærður með leiftrandi blá augu; fallegur maður hið ytra sem innra.

Faðir minn var útivistarmaður og innrætti öllum börnum sínum ást á íþróttum og náttúrunni. Við lærðum öll að skíða, synda og fara í útilegur frá barnsaldri. Ein af upphaldsminningum mínum um föður minn var þegar við fórum ein í útilegu í Tofino, bara pabbi og ég sem var þá átta eða níu ára. Við vörðum helginni í að hjóla á stigum í skóginum, tjalda á langri sandströnd og ég fylgdist með pabba og vinum hans á brimbrettum á meðan ég lék mér með flugdreka og við hund. Fyrst og fremst var pabbi trúnaðarmaður minn og vinur, hann kenndi mér að meta lífið og fjölskylduna. 56 ára að aldri var ástrikur faðir tekinn frá okkur – alltof fljótt því það var enn svo mikið sem hann gat kennt okkur.“

Sarah Wagstaff



Wagstaff-krakkarnir með föður sínum þegar þau voru börn.





HVAÐ SLÆR ÚT ÞJÓÐARÖRYGGI?

FRAMTÍÐ ÍSLENSKA RAFORKUMARKAÐARINS



VORFUNDUR LANDSNETS Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA
ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 08.30 - 10.00, HÚSIÐ OPNAR KL. 8.00

Er landið nógu vel tengt? Er nóg rafmagn í öllum landshlutum? Kemst orkan örugglega alla leið, bæði í dag og á morgun? Hvernig getur íslenski raforkumarkaðurinn mætt þörfum dagsins í dag og þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér? Við leitum svara við fjölmörgum brennandi spurningum á vörfundum Landsnets.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð
Gylfadóttir



Sigrún Björk
Jakobsdóttir



Simon
Grimes



Matthew J.
Roberts



Guðmundur Ingi
Ásmundsson



Steinunn
Þorsteinsdóttir

Ávarp

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Skýr stefna á síkvikum tímum

Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður Landsnets

Áskoranir dagsins og morgundagsins – umbætur í heildsölu rafmagns á Írlandi

Simon Grimes, framkvæmdastjóri hjá EirGrid

Náttúruhamfarir á Íslandi og öryggi innviða

Matthew J. Roberts, Veðurstofu Íslands

Hvað slær út þjóðaröryggi? Framtíð íslenska raforkumarkaðarins

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets

Fundarstjórn: Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets

Skráning í fullum gangi á landsnet.is

Fylgstu með fundinum á samfélagsmiðlum undir myllumerkjunum [#þjóðaröryggi](https://twitter.com/landsnet) og [#raforkumarkaðurinn](https://twitter.com/landsnet)

LANDSNET



**ÞETTA TRYGGINGARMÁL
ER HREINLEGA SVO GRÓFT.
VIÐ FÁUM EKKERT SEM
VIÐURKENNINGU Á ÞEIM
SÁRSAUKA OG ÞJÁNINGU
SEM VIÐ ERUM AÐ GANGA
Í GEGN UM.**

verioð afar nán föður sínum sem hafi verið trúnaðarmaður hennar. Fráfall Grants hafi einnig verið geysilegt áfall fyrir föðurömmu hennar, sem missti hinn son sinn úr hjartaáfalli aðeins átta mánuðum fyrr.

„Við vorum öll að biða eftir að pabbi drægi saman seglin og settist aftur að í Kanada. Planið hjá honum var að vera með húsbíl á ströndinni og fljúga í hlutastarfi hér heima. Hann var kominn nálægt þeim tímupunkti að flytja endanlega heim,“ segir Sarah.

Sagt að biðin gæti verið þrjú ár Sarah kveður lögmansstofuna Opus hafa reynt vel varðandi flutning á líki föður hennar utan og móðir hennar hefði því fengið traust á stofnunni. Fljótlega hafi fjölskyldan fengið að vita frá Opus að vegna mikilla anna hjá rannsóknarnefnd flugslysa á Íslandi myndi fjölskyldan þurfa að biða í tvö til þrjú ár eftir lokaskýrslu nefndarinnar. Fyrr yrði ekki unnt að ljúka málum varðandi skaðabætur og slíkt.

Reyndin er að skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa eru ekki ætlaðar til að nota til að ákvarða sök eða ábyrgð og má ekki nota sem sönnunargagn fyrir dómstólum. Um þetta er gerður fyrirvari í skýrslum nefndarinnar.

Afdrifarikt getur hafa verið að lögmanni fjölskyldunnar hjá Opus yfirsást að skráður eigandi flugvélarinnar var ekki Arngrímur sjálfur heldur eignarhaldssjóður hjá Wells Fargo bankanum í Salt Lake City í Utah-fylki. Flugvélin var skráð í Bandaríkjunum og bar þarlenda einkennisstafi. Arngrímur var hins vegar skjólstaðingur eignarhaldssjóðsins og réð því yfir vélinni sem slíkur.

Glatað tækifæri vestan hafs

Þegar Sarah komst að hinu rétta varðandi eignarhaldið á sjóflugvélinni og innti lögmenninn eftir því í nóvember síðastliðnum hvort hún hefði ekki gert sér grein fyrir þessu sagði lögmaðurinn þær upplýsingar vera nýjar fyrir sér. Þvert á móti teldi hún staðfest með gögnum frá lögreglunni og rannsóknarnefnd flugslysa að að vélin hefði verið í eigu Arngrims á Íslandi. Hún hefði ekki haft neina ástæðu til að draga eignarhaldið í efa.

Aðeins þarf einfalda leit á netinu til að sjá þær upplýsingar að flugvélin sem fórst og bar utan á sér bandarísku einkennisstafina N610LC var skráð eign Wells Fargo Bank í Utah-ríki í Bandaríkjunum.

Margar fleiri upplýsingar er um þetta atriði að hafa.


Strax við skýrslutöku á Landspítalanum tíu dögum eftir slysið sagði Arngrímur lögreglu frá því að flugvélin hefði verið í eigu sjóðs í Bandaríkjunum, það væri „cover“ en að vélin væri í hans vörslu. Rannsóknarnefnd flugslysa sagði ekki í loka-skýrslu sinni að Arngrímur væri eigandi heldur skráður umráðamaður vélarinnar. Í maí 2016 tapaði Arngrímur dómsmáli í Hæstarétti Íslands þar sem rök hans fyrir því að fá felld niður aðflutningsgjöld af



LÖGREGLAN Á AKUREYRI	LJÓSMYNDIR	Mál nr. 316-2015-5446
Ljósmyndir teknar dags: 09.08.2015	Myndir teknar af: Sigrún Ólafsdóttir	Bl. nr. 1/1

1.3-7

Þessi ljósmyndir eru teknar af lögreglu Akureyrar og eru myndir af slysið á flugvélinni N610LC sem fórst á 9. ágúst 2015. Myndirnar eru teknar af Sigrún Ólafsdóttur, ljósmyndari hjá Lögreglu Akureyrar. Myndirnar eru teknar af slysið á flugvélinni N610LC sem fórst á 9. ágúst 2015. Myndirnar eru teknar af Sigrún Ólafsdóttur, ljósmyndari hjá Lögreglu Akureyrar.



Í skýrslu lögreglunnar eru myndir af Arngrími Jóhannssyni og Grant Wagstaff nokkrum mínútum áður en þeir tóku á loft frá Akureyrarflugvelli klukkan 14.01 sunnudaginn 9. ágúst 2015. Um 45 mínútum eftir flugtak brotlenti vélin í Barkárdal.



Um þremur korterum eftir flugtak frá Akureyri brotlenti Beaver-sjóflugvélin innarlega í Barkárdal í um 2.260 feta hæð, að því er kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa.

Pilot not flying

„Á meðan á rannsókninni stóð var metið hvort ætti að skilgreina ferjuflugmanninn eingöngu sem farþega eða sem pilot not flying (PNF) [flugmann sem er ekki að fljúga]. Á því andartaki sem ferjuflugmaðurinn tók þátt í undirbúningi slysaflugsins hætti þetta að vera flug með eins flugmanns áhöfn,“ segir í skýrslu rannsóknarnefnd-

ar flugslysa. „Á grundvelli þeirrar staðreyndar að ferjuflugmaður var ráðinn til ferjuflugsins og tók bæði að sér verkefni á meðan í undirbúningi fyrsta áfanga flugsins og á meðan neyðarástand varði hafi umferðaröryggisráð Íslands ákveðið að skilgreina ferjuflugmanninn sem PNF.“
Úr skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa

Lögmaður hafnar ásökunum dótturinnar

Berglind Glóð Garðarsdóttir, lögmaður hjá Opus, segir það vissulega rétt að hún hafi ekki útskrifast sem lögfræðingur fyrr en vorið 2015. Hjá Opus sé það hins vegar ekki endilega þannig að einn lögmaður fari algjörlega með tiltekið mál. Allir á stofnunni komi að málum og menn beri sig saman. „Í umboðinu sem Roslyn og aðrir undirrita er því beint til ákveðins lögmans eða lögfræðings og eða til annarra innan stofunnar sem hafa sérþekkingu hverju sinni,“ segir Berglind. Í tilfelli Wagstaff-fjölskyldunnar hafi einn eigenda Opus einnig komið að málinu. Hún hafnar því fullyrðingum um að reynsluleysi hafi skemmt fyrir máli fjölskyldunnar.

„Þó að það sé einhver einn í samskiptum við aðila þá er málið auðvitað unnið innan stofunnar. Það er fundað um mál og sá sem hefur besta sérþekkingu hverju sinni tekur ákvarðanir. Gögn sem send eru út eru lesin af fleiri en einum og fleiri en tveimur lögfræðingum og lögmönnum,“ útskýrir Berglind.

Þá segir Berglind ekki rétt að ekki hafi verið lögð fram krafa á hendur Sjóvá fyrr en lokaskýrsla rannsóknarnefndar flugslysa lá fyrir. Krafa hafi verið lögð fram á sínum tíma á grundvelli lögregluskýrslu sem þá hafi legið fyrir.

„En tryggingafélagið hafnaði því strax því að ábyrgðin hvílir ekki á hlutlægum grundvelli. En varðandi sökina fengum við neitun að sinni en að það yrði tekin aftur afstaða þegar skýrsla rannsóknarnefndarinnar lægi fyrir,“ rekur Berglind.

Þótt ekki megi nota skýrslur rannsóknarnefndarinnar í sakamáli segir Berglind annað eiga við um skaðabótamál. „Skýrsla rannsóknarnefndarinnar er ekki notuð í sakamáli gegn mönnum en það er hægt að nota hana í einkamáli,“ segir hún. Fyrir hafi legið að Sjóvá vildi biða skýrslunnar. „Þeir myndu aldrei taka



Berglind Glóð Garðarsdóttir, lögmaður hjá Opus.

lokaákvörðun varðandi skaðabótaábyrgðina fyrr en að skýrslan lægi fyrir.“

Varðandi flugvélin segir Berglind lögmenn hjá Opus hafa vitað að vélin væri skráð í Bandaríkjunum þótt þau hafi ekki vitað að hún væri í eigu eignarhaldssjóðs í Wells Fargo bankanum í Bandaríkjunum. Samkvæmt gögnum sem þau hafi fengið frá lögreglu hafi Arngrímur verið eigandinn og vélin tryggð hjá Sjóvá-Almennum tryggingum.

„Vélin var staðsett á Íslandi og tryggð á Íslandi þannig að við vorum í rauninni bara að sjá um málið á Íslandi. Við fáum einfaldlega upplýsingar um flugvélin, tryggingar og annað slíkt frá lögreglu,“ segir Berglind sem kveðst hafa efasemdir um að hægt hefði verið að reka mál vegna flugslyssins í Bandaríkjunum. Slysið hafi orðið á Íslandi og flugvélin; ásamt flugmanni og farþegum, verið tryggð hjá íslensku tryggingafélagi.

„Okkur var falið að annast málið hér á Íslandi, varðandi íslensk lög og íslenska lögsögu og vélin var rétt tryggð samkvæmt íslenskum lögum. Við höfum séð um allt sem snýr að íslensku réttarvörsluferki en við eru ekki sérfræðingar í bandarískum skaðabótarétti,“ bendir Berglind á. Lögmenninum sem upphaflega tók málið að sér hjá Opus hafi einungis verið falið að annast málið á Íslandi.

Þá kveður Berglind lögmenn Opus hafa hvatt Wagstaff-fjölskylduna til að láta kanna málið ytra. „Þeim var bent á að kanna rétt sinn þar,“ segir Berglind Glóð Garðarsdóttir.

TRAUSTIR BÍLAR Á ÖRUGGUM STAÐ

**GEGGJUÐ
TILBOÐ!**

Kauptu traustan bíl á öruggum stað. Kauptu bíl hjá Brimborg. Yfir 500 gerðir bíla frá Volvo, Ford, Mazda, Citroën og Peugeot. Frábært verð og traust þjónusta. Við eigum rétta bílinn fyrir þig!



Volvo V40 CC D2 Momentum

2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, Webasto vélarhitari og LED aðalljós með beygjustýringu. Verðlistaverð 5.015.000 kr.

Tilboðsverð: **4.290.000** kr.

-725.000 KR.



Ford EcoSport Titanium S SUV

1,0 bensín, 125 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leðuráklæði og Xenon aðalljós. Verðlistaverð 3.850.000 kr.

Tilboðsverð: **3.390.000** kr.

-460.000 KR.
+ VETRARDEKK



Mazda 2 Niseko

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Vel búinn Mazda2 með SkyActiv spartækni! Verðlistaverð 2.660.000 kr.

Tilboðsverð: **2.410.000** kr.

-250.000 KR.



Peugeot 508 Allure

1,5 dísil, 130 hö, 4 dyra, sjálfskiptur

Nýr og glæsilegur lúxusbíll frá Peugeot. Aukabúnaður: Málmlitur og 360° myndavél. Verðlistaverð 5.080.000 kr.

Tilboðsverð: **4.680.000** kr.

-400.000 KR.



Citroen C3 Aircross Shine

1,2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Aukabúnaður: Grip Control spólvörn, 17"álfelgur, lykklalaust aðgengi, bakkmyndavél og málmlitur. Verðlistaverð 4.120.000 kr.

Tilboðsverð: **3.690.000** kr.

-430.000 KR.



**OPIÐ Í DAG
KL. 12-16**

- Komdu í reynsluakstur í dag!

brimborg.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

umræddri flugvél voru einmitt þau að vélin væri skráð erlendis og í eigu erlendis aðila. Frá þessu var sagt í fjölmiðlum.

Eflögmaður fjölskyldunnar hefði komið auga á þessa staðreynd í tæka tíð hefði fjölskylda Grants Wagstaff getað höfðað skaðabótamál í Bandaríkjunum og átt þar von á margfalt hærri bótum vegna fráfalls hans ef málið ynnist. Tveggja ára fyrningarrestur í Bandaríkjunum leið hins vegar í ágúst 2017 án þess að nokkuð væri að gert ytra. Öll sund virðast því lokuð fyrir fjölskylduna þar í landi.

Arngrímur einn sagður tryggður
Eftir að bæði skýrsla rannsóknarnefndar flugslysa og niðurstaða lögreglurannsóknar lá fyrir kveður Sarah lögmanninn hafa sagt nú í vetrarbyrjun að öll púsl væru nú komin og því loksins hægt að leggja fram kröfu á Sjóvá sem tryggði vélina sem först. Krafan nam 75,5 milljónum króna auk vaxta og kostnaðar.

Í svari frá Sjóvá, sem lögmaðurinn framsenddi ekkjunninn í desember síðastliðnum, var bótakröfu fjölskyldunnar algerlega hafnað. Tryggingin væri þannig að flugmaður og farþegar væru tryggðir og vélin sjálf. Wagstaff hafi hins vegar verið svokallaður „pilot not flying“ eða „flugmaður sem ekki er að fljúga“ samkvæmt rannsóknarnefnd flugslysa og öðrum málsgögnum. Sem slíkur hafi Grant því ekki verið tryggður. „Kemur margsinns fram í framburðarskýrslum Arngríms að þeir hafi rætt saman og í sameiningu tekið ákvarðanir varðandi flugið fram að slysinu.“ vitnar lögmaður Sjóvár í orðum sínum eftirlifandi flugmanns.

Samkvæmt tryggingarskírteinu er Arngrímur einn tilgreindur sérstaklega með nafni sem tryggður flugmaður. Þá náði tryggingin einnig eingöngu til einkaflugs á Íslandi. „Við lögðum of mikið traust á lögmannsstofuna en við áttum þá ekki von á að þetta yrði svona langdregin orrusta um tryggingamál,“ segir Sarah sem kveðst sjá mikið eftir að hafa ekki sjálf sett sig inn í málið í stað þess að að treysta einfaldlega lögmanninum hjá Opus.

Nýttskrifaður lögfræðingur

„Þegar ég las í gegn um flugslysa-skýrsluna sá ég ýmsar alvarlegar villur og var mjög brugðin,“ segir Sarah. Hún hafi gert athugasemdir við störf lögmannsins hjá Opus, meðal annars fyrir að hafa ekki einu sinni haft fyrir að afla umboðs systkinanna sjálfra til að leggja fram kröfu í þeirra nafni. Lögmaðurinn hafi viðurkennt að hún hefði átt að hafa fengið umboð frá hverju og einu þeirra enda séu þau öll fullorðin fólk. Sjálf er Sarah 34 ára í dag, bróðir hennar Tyrar þrítugur og systirin Claire 25 ára.

„Þarna hringdu sterkar viðvör-unarþjöllur hjá mér. Ég hugsaði með þér að þessi lögmaður væri ekki mjög faglegur. Alls staðar í heiminum hefði lögmaður byrjað á því að afla umboðs þeirra sem hann ætla að starfa fyrir,“ segir Sarah.

Lögmaðurinn sem um ræðir, Berglind Glóð Gardarsdóttir, útskrifaðist samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Opus með BA í lögfræði í júní 2015. Hún tók við málefnum ekkju flugmannsins í febrúar 2016 er lögmaðurinn sem hafði annast málið áður fór í barnsburðarleyfi. Á þeim tímapikti var Berglind 25 ára og hvorki komin með meistaraþróf í lögum né málflutningsréttindi. Hún lauk hins vegar meistaraþráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands á árinu 2017. Rétt er við Berglind í þessari umfjöllun á síðunni hér á undan. Hún vísar ásökunum Söruh á bug.

„Þetta svo er hræðilegt að ég trúir þessu varla,“ segir Sarah. „Hvernig getur lögmannsstofa tekið slíkt mál að sér og falið það óreyndri mann- eskju? Kannski reyndi hún sitt besta en hún er of reynslulítill til að taka að sér svona flókið mál.“ Þá segir Sarah að lögmaðurinn



Yfirlýsing frá Sjóvá

Vegna umfjöllunar Fréttablaðs- ins um flugvél sem brotlenti í Barkárdal árið 2015 og tryggð var hjá Sjóvá vill félagið koma eftir- farandi á framfæri. Ágreiningur máls- ins snýr að því annars vegar hvort hinn látni geti talist hafa verið farþegi í vélinni eða áhafnarmedlimur og hins vegar hvort flug- maðurinn, sem lifði slysið af, hafi synt af sér saknæm mistök í flug- inu sjálfu og aðdraganda þess.

Í einstaka tilfellum eru mál þannig að um þau skapast ágreiningur. Í þessu tilfelli er um

að ræða viðkvæmt og flókið mál sem því miður þarf að láta reyna á fyrir dómstólum.

Þetta er ekki óskastaða fyrir neinn og ekki léttvæg ákvörðun þar sem margir eiga um sárt að binda vegna slyssins.

Sjóvá hefur samúð með öllum hlutað- eigandi í þessu hörmu- lega slysi en mun ekki tjá sig efnislega nánar um málið í fjölmiðlum.

Virðingarfyllst,
Hermann Björnsson
forstjóri Sjóvár



Arngrímur Jóhannsson, stjórnarfor- maður Atlanta

þegar lagt fram kröfu á Sjóvá og Sarah segir þau systkinin hafa ákveðið að biða átektu – jafnvel þótt þau hefðu þá enn ekki veitt Opus umboð til að fara með mál þeirra. „Svo kom þessi neitun í kring um jölin og það var eins og síðasta hálmstráið fyrir mig,“ segir Sarah. Hún leitaði engu að síður til annars lögmanns á Íslandi. Eftir athugun hafi sá lögmaður sagt að hann teldi ekki nægar líkur á því að málið ynnist og hafnaði því að taka það að sér. Væri það meðal annars vegna þess að samkvæmt tryggingarskírteinu flugvélarrinnar hefði vélin sjálf, flugmaður og farþegar verið tryggðir en ekki „pilot not flying“ – „flugmaður sem ekki er að fljúga“ – sem Grant hefði verið talinn vera af rannsóknarnefnd flugslysa.

„Útlitið er ansi svart og ég held að málinu séu eiginlega lokið fyrir okkur,“ segir Sarah sem finnst illa farið með fjölskylduna. Hún gagnrýnir harðlega að rannsóknarnefnd flugslysa skuli hafi skilgreint föður hennar sem „pilot not flying“ í fluginu. Það hafi verið Arngrímur sem flaug vélinni. Umrædd flugvél er ekki skilgreind sem tveggja flugmanna vél heldur eins flugmanns vél eins og Arngrímur sagði sjálfur í skýrslutöku hjá lögreglunni.

Glufa og fyrirsjáttur

Við yfirheyrslur hjá lögreglu kvaðst Arngrímur hafa flugið vélinni allan tímann. Hann segir að Grant hafi hins vegar sett eldsneyti á vélina fyrir brottför og reynt að koma blöndungshitara í vélinni í gagnið eftir að hún missti afl í aðdraganda brotlendingarinnar.

„Þetta með „pilot not flying“ litur einfaldlega út eins og glufa; fyrirsjáttur sem er verið að nota sem afsökun fyrir að greiða ekki bætur,“ segir Sarah. „Þetta eru klikkuð rök – eins og ef þú værir í flugvél sem farþegi en sért líka flugmaður þá værir þú ábyrgur fyrir fluginu.“

Lögreglan fyrir sitt leyti sagðist „ekki geta sett fram ákveðna niður- stöðu um orsakir“ þess að flugvél- in först en í skýrslu rannsóknarnefnd- ar flugslysa segir að „mannlegir þættir hafi sátt stóran þátt í slys- inu“. Nefndin segir skilgreiningu sína á Grant sem „flugmanni sem er ekki að fljúga“ – „pilot not flying“ byggjast á því að hann hafi verið



Í RAUNINNI ER AF- SÖKUNARBEIÐNI ALLT SEM VIÐ VILJUM FRÁ ARNGRÍMI. ÞAÐ VÆRI NÓG.

ráðinn sem ferjuflugmaður fyrir flugið og bæði tekið að sér verkefni í undirbúningi flugsins og að sögn Arngríms um borð í vélinni eftir að neyðarástand var komið upp.

Pabbi minn er ekkert á Íslandi

„Arngrímur er valdamikill maður og miklu mikilvægari maður á Íslandi en faðir minn. Hann er eins konar flugmógull og goðsögn fyrir Íslendingum. En pabbi minn er ekkert fyrir þeim,“ segir Sarah sem ásakar sjálfa sig fyrir andvaraleysi. „Núna finnst mér ég algerlega hafa brugðist bróður mínum og systur. Ég hefði átt að blanda mér miklu fyrir í málið og þá hefði þetta ekki farið svona.“

Að því er Sarah segir hefur Arngrímur Jóhannsson aldrei látið frá sér heyra eftir slysið þótt hann hafi átt að vera vinur föður hennar.

„Við höfum ekki nokkurn tíma heyrt í Arngrími eftir slysið. Enginn hefur hringt í okkur og vottað okkur samúð vegna þessa missis,“ segir Sarah Wagstaff og er heyrn- lega misboðið.

„Þetta tryggingarmál er hrein- lega svo gróft. Við fáum ekkert sem viðurkenningu á þeim sársauka og þjáningu sem við erum að ganga í gegn um,“ heldur Sarah áfram.

Saga fyrir almenning og pabba

Sarah segir að sér finnst að menn hafi nýtt sér að Wagstaff-fjölskyldan þekkir ekkert til hér á landi. „Þótt ég geti ekki sagt að ég sé undrandi þá þýðir það ekki að ég sé ekki gríðarlega vonsvikin. Það er eitthvað ekki eins og það á að vera en sennilega komumst við aldrei til botns í því. Við erum í Kanada og höfum engin sambönd á Íslandi og mér sýnist við beitt óréttlæti,“ segir hún.

Þrátt fyrir að Sarah segist telja að lögmannsstofan Opus sé sek um vanrækslu í Wagstaff-málinu og að hún vildi gjarnan sjá stofuna dreyna til ábyrgðar kveðst hún sjálf hvorki hafa vilja né fjárhagslegt bol- magn til að reka bótamál gegn fyrir- tækinu.

„Vilji minn hefur verið bugaður. Staðan er ekki auðveld fyrir okkur og við viljum bara að þetta sé yfir- staðið. En ég vil að þessi saga sé sögð fyrir almenning að heyrna því þetta er ekki réttlæti. Og ég held að pabbi hefði viljað það vegna þess að við höfum ekki getað lagt hann til hvílu,“ segir Sarah.

Börnin fylgja ekki ekkjunninni

Á síðasta ári felldi lögreglan niður sakamálarannsókn á hendur Arngrími vegna flugslyssins. Sarah segir að ekki standi heldur til af hennar hálfu að hefja málarekstur gegn Arngrími. „Í rauninni er afsökunar- beiðni allt sem við viljum frá Arn- grími. Það væri nóg.“

Roslyn, ekkja Grants Wagstaff, er hins vegar ekki af baki döttin og ætlað enn að leita réttar síns. Það hyggst hún gera með aðstoð Berglindar Glóðar Gardarsdóttur hjá Opus eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Sarah hefur enga trú á þjónustu Opus og vill ekki taka þá í málarekstrinum.

„Hvernig gat þetta eiginlega komið fyrir fjölskyldu mína?“ spyr Sarah Wagstaff.

Arngrímur Jóhannsson lét ekki ná í sig í gær vegna þessarar umfjöllunar.

Úr lögregluskýrslu frá því eftir slysið

Ríkislögreglustjórnin		SKÝRSLA	Mál nr.
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík - 1			316-2015-005446
Dagsetning og tími skýrslu- gæfingar		Síðar nr.	Bla. nr.
Miðvikudagur, 19.08.2015, kl. 15:07		Arður	1
Skráðu dent			
KE	Þegar þið farið af stað hver flýgur þá vélinni?		
AJ	Ég flaug henni.		
KE	Og flaugst þú henni allan tímann?		
AJ	Já.		
Þetta hafa sinn gang [...öskjrt...]. Spekúlera í mínum... ég er 75 ára gamall, hvort að maður eigi að halda áfram, hvort að það sé eitthvað hægt að kenna aldri um, hvort að það sé hægt að ásaka mig eitthvað fyrir að hafa gert eitthvað rangt, það eru svona spekulásjónir sem eru í hausnum á mér.			
BE	Lögmaðurinn kannski, bara ein spurning frá mér kannski. Ég veit svo lítið um málið, er þetta tveggja flugmanna vél þá?		
AJ	Nei hún er, hún er bara eins manna.		
GK	Eruð þið búnir að spekulera svona eitthvað ykkar á milli hvort að þið eigið að snúa við eða ekki eða?		
AJ	Við töluðum um þetta já, en ákváðum það sko að það yrði betra að vera chiken heldur að fara að [...öskjrt...], hann notaði þessi orð einmitt sko, sem við vorum að beygja.		
KE	Það væri betra að vera chiken og snúa já.		
AJ	Já.		

Arngrímur var enn á sjúkrahæði er lögreglumenn tóku af honum skýrslu á Landspítalanum tíu dögum eftir slysið.

hafi verið afar spar á að veita upp- lýsingar. Til dæmis hafi tekið marg- ar tilraunir að fá hana til að segja hjá hvaða tryggingafélagi flugvél in var tryggð.

Uppnám í fjölskyldunni

Að því er Sarah segir hefði ekki komið til greina að viðkomandi lögreglunni annað málíð efallar staðreyndir hefðu legið á borðinu fyrir fram. „Það er engin leið. Þetta mál er of mikilvægt,“ segir hún.

Þótt Grant og Roslyn Wagstaff hefðu enn verið gift og bestu vinir að sögn Söruh höfðu þau skilið að borði og sæng og hann hafði starfað sem flugmaður erlendis um árabil.

Einhver virðist hafa skýrt Sjóvá frá því að hjónin byggju ekki lengur saman og tryggingafélagið krafðist skýringa.

„Þetta var mjög skritið og við þurftum að huga að því hvort við börnin yrðum að vera aðskilin frá mömmu ef til frekari málareksturs kæmi,“ segir Sarah. Við þessa uppá- komu hafi áreiðni og sársaukin orðið enn meiri. „Mamma komst í mikið uppnám fyrir jölin. Þetta reyndi mikið á þórlifin í okkur og ég sagði að við skyldum þá bara láta málið niður falla.“

Útlitið ansi svart

Lögmaðurinn hjá Opus hafði þá

Snjallari og glæsilegri Hyundai Tucson.



ENNEMM / SIA / NM92290

Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni. Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 4.990.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Ég er öll að norðan

Vernacular, nýr hljómdiskur með leik **Sæunn Þorsteinsdóttur** sellóista, kom út í gær hjá útgáfunni Sono Luminus. Á honum eru fjögur verk eftir jafnmörg tónskáld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



MÉR FINNST ÉG BERA

TALSVERÐA ÁBYRGÐ Á

VERKUM SEM ERU SKRIFUÐ

FYRIR MIG OG VIL GERA

MITT TIL AÐ ÞAU LIFI OG

FÓLK GETI NOTIÐ ÞEIRRA.

Með titlinum á plötunni Vernacular (Tungumál) er ég að vísa til móðurmálsins okkar," segir tónlistarkonan Sæunn Þorsteinsdóttir og á þar við nýja diskinn hennar sem var að koma út í gær. Hann geymir fjögur íslensk verk sem nú eru aðgengileg á helstu tónlistarveitum. Þau eru Afterquake eftir Pál Ragnar Pálsson, 48 images of the moon eftir Þuríði Jónsdóttur, O eftir Halldór Smásson og Solitaire eftir Hafliða Hallgrímsson.

Sæunn er tilnefnd nú til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins, enda er hún einn fremsti sellóisti Íslands. Hún býr í Seattle í Bandaríkjunum, þar sem hún kennir við Washingtonháskóla, en kom heim í síðasta mánuði og hélt útgáfutónleika vegna nýju plötunnar og var óvænt beðin að spila einleik með sinfóníunni líka. Gaf sér samt tíma í spjall daginn sem hún hélt aftur vestur um haf.

Hún kveðst fyrst hafa flutt til Bandaríkjanna sjö ára að aldri, með foreldrum sínum, vegna sérnáms föður hennar í húðsjúkdómalækningum. Þegar ég undrast hennar lýtalausni íslensku upplýsir hún að fjölskyldan hafi flutt aftur til Íslands þegar hún var þrettán ára og dvaldið heima í eitt og hálf ár. „Þá var ég í skóla og svo tölum við auðvitað alltaf íslensku heima. En ég lærði enskuna sjö ára og hún er mér svo tóm að Ameríkanar átta sig ekki á að ég er íslensk.“

Sæunn segir eintóma snillinga starfa hjá útgáfufyrirtækinu Sono Luminus og þeir séu iðnir við að gefa út íslenska tónlist. „Ég var að tala við þá um að taka upp Quake eftir Pál Ragnar sem ég spilaði í fyrri með sinfóníunni og var þá spurð: „Já, áttu ekki eitthvað fleira sem þig langar að taka upp?“ Jú, ég hélt nú það. Maður leggur svo mikla vinnu í konsertana, mér finnst ég bera talsverða ábyrgð á verkum sem eru skrifuð fyrir mig og vil gera mitt til að þau lifi og fólk geti notið þeirra.“ Útgáfutónleikarnir voru í Ásmundarsal við Freyjugötu, Sæunn segir hann æðislegan fyrir einleiksselló. „Það var yndislegt að spila þar, tónninn var svo tær, sérstaklega góður fyrir verk þar sem mikið er af finlegum blæbrigðum eins og í verkinu eftir Halldór Smásson, ég hef spilað það með mikrófón alveg við strengina en það þurfti ekki þarna.“

Tveggja stunda akstur á æfingu

Nú er komið að því að forvitnast um upprunann og fleira. „Ég er öll að norðan,“ segir Sæunn brosandí. „Pabbi, Þorsteinn Skúlason, er úr Þingeyjarsýslu og mamma, Ólóf Jónsdóttir, er frá Akureyri. Hún er fíðluleikari og þegar við bjuggum á Íslandi spilaði hún mikið og kenndi.“ Sæunn kveðst hafa verið ósatt við að flytja aftur út til Banda-

rikkjanna fjórtán ára, er tækifæri á góðu starfi beið föður hennar. „Ég var náttúrulega orðinn táníngur og ekki hrifin af þessari breytingu. Þá fórum við líka á nýjan stað úti. En þetta var gott fyrir mig vegna tónlistarinnar. Ég fékk ég rosalega góðan kennara, konu sem var einbeitt í að gera mig að góðum sellóista. Mamma hafði kannad þetta allt og lagði á sig tveggja stunda akstur til Chicago í sellótíma á sunnudögum. Ég byrjaði klukkan níu í tæknitímum með sex öðrum og frá tíu til tólf höfðum við tækifæri til að spila hvert fyrir annað, svo fór ég oftast í einkatíma eftir það og síðan var keyrt heim. Þetta sé ég nú sem undirstöðu fyrir það sem síðar kom.“

Sæunn fór í góða skóla vestra, fyrst í Cleveland, svo í Juilliard þar sem hún lauk meistaraáráðu. Hún hefur leikið á fjölda tónleika og tónlistarhátíða um allan heim, meðal annars komið fram sem einleikari með Filharmóníuhljómsveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Toronto og spilað í Carnegie Hall í New York og Suntory Hall í Japan.

Skyldi aldrei hafa komið til greina að fást við annað en tónlist?

„Sko, þegar ég var lítil ætlaði ég að verða augnlæknir, það stóð stutt. Ég fór með pabba á spítalann þegar ég var tíu-tólf ára og fékk að vera með honum í einn dag, það var ekki góð reynsla. Nei, það kom ekkert annað til greina, í rauninni, þó mamma hafi spurt mörgum sinnum: Geturðu ekki gert eitthvað annað?“

Músík er í báðum ættum Sæunnar, að hennar sögn, og foreldrarinn studdu hana dyggilega í tónlistarnáminu sem byrjaði í Suzukiskólanum. „Ég man ekki mikið eftir því, en skilst að fyrstu tímarnir hafi farið í að sitja kyrr í tíu sekúndur! Ég var í forskóla líka, þannig að það miðaði allt í þessa átt.“

En skyldi ekki samkeppnin vera hörð úti í hinum stóra heimi?

„Jú, það er fullt af fólki sem langar að starfa við músík og kannski fær það ekki allt tækifæri til að gera nákvæmlega það sem það vill. Þó tel ég nóg pláss fyrir alla að gera eitthvað með tónlistina, þó fólk sé kannski ekki að fljúga milli borga og heimsálfa finnst mér mikilvægt að það sé samt að fást við listir.“ Hún dáist að því hvernig buið er að börnum á Íslandi í sambandi við tónlistarnám og telur það hvetjandi. „Ég hef verið heppin og fengið tækifæri og stuðning, er búin að fara víða og það er ekkert lát á því, það



„Ég er komin á þann stað núna að ég get valið úr verkefnum og sinnt þeim af alúð,“ segir Sæunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Umslag nýja disksins Vernacular.

er alltaf eitthvað fram undan. Er komin á þann stað núna að ég get valið úr verkefnum og sinnt þeim af alúð. Það er nýi diskurinn dæmi um. Mér þykir mjög vænt um verkin á honum og samstarfið á bak við hann. Það er alltaf gaman að finna út hvar í veröldinni hvað á heima og að fá gott fólk til samstarfs.“

Þegar tæknin klikkar

Spurð um eftirminnilega tónleika svarar Sæunn: „Ég veit ekki hvort öðrum finnst það áhugavert en ég spila ekki af pappírnotum lengur, heldur af iPad. Er bara með pedala á gólfinu sem flettir – sem er æðislegt. En það hefur gerst að ég hef farið á svið og kveikt á iPad-inum en þar

Úr dómi

Sæunn sjálf spilaði þó firnavel. Leikur hennar einkenndist af tilfinningadýpt og skáldskap. Tæknilegar hliðar voru eins og best verður á kosið, tónarnir hreinir og fagurlega mótaðir.

Jónas Sen um einleik Sæunnar með Sinfóníuhljómsveit Íslands 21. febrúar 2019.

eru þá engar nótur. Eitthvað hefur klikkað frá því ég setti þær upp og tékkaði á þeim síðast. Svo ég hef spilað tónleika utanbókar, það er einna eftirminnilegast. Sýnir að allt getur gerst þegar maður spilar opinberlega og tæknin er æðisleg þangað til hún virkar ekki.“

Að lokum er Sæunn innt eftir einkamáluum. Er hún á lausu?

„Nei, ég á kærasta sem ég er búin að vera með í átta ár. Hann er bandarískur. Annars er í raun mjög litill tími fyrir annað en tónlistina. Ég er að kenna í Seattle og spila hingað og þangað en hann býr í New York. Ég kem samt alltaf við þar þegar ég get og sé hann oft svona tvisvar í mánuði. Hann er tónlistarmaður líka, er óbóleikari í Metropolitan-óperunni og er dálítill fastur yfir veturinn en á sumrin ferðumst við oft saman og förum á tónlistarhátíðir. Við höfum fullan skilning á aðstæðum hvort annars.“

HELGIN

LAUGARDAGUR 9. MARS 2019

Helgin



Litla dúkkan sem hefur fylgt börnum í meira en hálföld hefur í nútímanum fengið yfir sig skít og skömm. Stutt er síðan Barbie kom með fjóra nýja líkama, steig inn í nútímann að sumra mati, en aðrir voru ekki ánægðir, Barbie væri orðin feit. ➔6



Friða Britt Bergsdóttir fer ekki í ferðalög nema taka með sér Probi Mage meltingargerlana. MYND/STEFÁN

Probi Mage ómissandi heima og heiman

Friða Britt Bergsdóttir hefur unun af ferðalögum og útivist. Hún nýtir hvert tækifæri sem gefst til að heimsækja framandi slóðir í góðum félagsskap. Friða er ávallt vel útbúin á ferðalögum sínum og eitt af því sem hún sleppir aldrei að taka með sér er Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Framhald af forsiðu →

Fríða Britt hefur siglt niður Níl sem hún segir alveg hreint ótrúlega upplifun og fengið að kynna lemúrum á Madagaskar og á ýmsar góðar minningar úr fjölmörgum ferðalögum sínum. Nýverið fór hún til Egyptalands. Auk þess að sigla á Níl skoðaði hún meðal annars píramidana og hin helgu hof og hún er hvergi nærri hætt. Fleiri spennandi ferðir eru nú þegar á planinu.

„Ég hef verið með viðkvæman maga í fjöldamörg ár og eitt það versta sem ég get hugsað mér þegar ég er á ferðalögum er að láta órólegan maga eða magakveisu koma í veg fyrir að ég geti notið ferðarinnar til fulls eða jafnvel eyðileggja hluta af henni fyrir mér,“ segir Fríða.

„Þegar kemur að ferðalögum finnst mér það að geta nýtt matar og drykkjar og prófað framandi rétti í nýju landi bæði áhugavert og skemmtilegt. Það dýpkar upplifunina til muna. Þetta gæti ég líkast til ekki ef magi og melting væri ekki til friðs. Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér, ekki bara á ferðalögum, því mér líður betur almennt þegar ég tek þetta inn.

Ef meltingin er góð finn ég hvað öll almenn líðan er betri líka. Það að þurfa ekki að hafa áhyggjur af hvort maginn sé í lagi þegar haldið er út í daginn, heima eða að heiman, skiptir okkur öll auðvitað miklu máli,“ segir Fríða.

Merkileg uppgötvun, upphafið að merkilegri vöru

Um miðjan áttunda áratuginn komust vísindamenn við Háskólasjúkrahúsið í Lundi í Svíþjóð að því að algengt var að finna mjólkursýrugerilinn *Lactobacillus plantarum* í heilbrigðum þörmum en hann var

mun sjaldnar að finna í sjúkum þörmum. Þetta kallaði á frekari rannsóknir og leiddi til uppgötvunar á mjólkursýrugerlinum *Lactobacillus plantarum* 299v (LP299V®) sem gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir á sem spanna yfir 25 ár.

Probi Mage LP299V® hefur verið söluhæsta varan í sínum flokki í heimalandinu, Svíþjóð, og fengið frábærar móttökur á Íslandi. Hylkin innihalda 10 milljarða lifandi mjólkursýrugerla af gerðinni *Lactobacillus plantarum* 299v og ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Þetta er sami skammtur sem hefur í rannsóknum sýnt sig meðal annars hafa sérstaklega góða eiginleika gegn því sem stundum er nefnt iðraólga einu orði.

Með iðraólgu er aðallega átt við einkenni eins og:

- Uppþembu
- Vindgang
- Niðurgang
- Hægðatregðu

Í dag hefur áhugi og þekking vísindasamfélagsins á þarmaflórunni aukist mjög frá því sem áður var og ekki síst vegna þess að sýnt þykir að heilbrigði þarmaflóru okkar getur skipt miklu máli fyrir heilsu okkar almennt, jafnt líkamlega sem andlega.

Hippókrates sagði á sínum tíma: „Allir sjúkdómar hefjast í meltingarvegi,“ og þó svo hann hafi ef til vill ekki fengið þann hljómgrunn sem hann vonaðist eftir þá er margt sem bendir til þess nú að hann hafi haft á réttu að standa hvað þetta varðar, að einhverju leyti í það minnsta.

Þeir sem eiga við tilfallandi eða langvarandi óþægindi tengd meltingu að etja þekkja vel hversu mikil áhrif það getur haft á daglegt líf og að sama skapi hversu mikill léttir það er þegar komist er fyrir slíkt ástand.

Probi Mage LP299V® fæst í apótekum um land allt, heilsuverslunum, Fjarðarkaupum, Hagkaupi, Melabúðinni og Heimkaupum.



Fríða Britt finnur mikinn mun á sér eftir að hún fór að nota Probi Mage. MYND/STEFÁN

**Meltingin betri**

Ég hef notað Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
Þórunn Kristjónsdóttir

**Alltaf viðkvæm í maga**

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitt-hvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek eitt hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
Sigríður Ríta Ragnarsdóttir



70% minni verkir með Bio Kult

Rannsóknir sýna fram á að inntaka á Bio Kult Original getur dregið verulega úr einkennum iðraólgu (IBS) og ristilkrampa. Talið er að tíðni verkjakasta minnki um rúmlega 70 prósent.

Parmaflóran samanstendur af meira en 1.000 tegundum örvera sem vega hátt í tvö kíló. Hún gegnir gríðar mikilvægu hlutverki þegar kemur að heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu.

Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar þarmaflóran (örveruflóran) í meltingarveginum verður fyrir hnjaski og það kemst ójafnvægi þar á, koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga.



“Allir ættu að taka inn góðgerla (probiotics) til að auka líkur á heilbrigðu lífi og hefur Bio Kult reynst mörgum vel.

Hrönn Hjálmsdóttir, heilsu-
markþjálfari hjá Artasan


við mikla streitu.

Bio Kult minnkar einkenni iðrabólgu

Vísindalegum rannsóknum á þarmaflóru okkar manna fleygir hratt fram og þurfum við sífellt að vera að endurskoða viðhorf okkar og sjónarmið því skilningur okkar á hlutverki hennar í líkama okkar er sífellt að aukast. Framleiðendur Bio-Kult gerlanna hafa látið gera mikið af tvíblindum, klínískum rannsóknum sem sýna fram á ótrúlega jákvæða virkni gerlanna þegar kemur að því að draga úr þeim einkennum sem nefnd voru hér áður. Nýlega voru birtar niðurstöður rannsókna sem gerð var á hópi fólks sem þjáðist af iðraólgu og voru þær afar áhugaverðar.

70% minni verkir

Í rannsókninni var 360 manna hópi skipt til helminga og fékk annar hópurinn BioKult Original sem inniheldur 14 mismunandi gerlastofna á meðan hinir fengu lyfleysu (placebo). Tekin voru 4 hylki á dag í 16 vikur áður en árangurinn var metinn. Marktækur munur var á hópnum en iðraverkir þeirra sem tóku inn Bio Kult Original höfðu minnkað um nærri 70% (samanborið við



Iðraólgu verður yfirleitt fyrst vart hjá ungu fólki og hrjáir að jafnaði 15-20% fullorðinna en flestir eru á aldrinum 20-50 ára.

47% í samanburðarhópnum). Einnig hafði tíðni verkjakasta hjá Bio-Kult hópnum dregist saman um rúm 70%. Í lok rannsókna voru 34% þeirra sem höfðu fengið Bio-Kult Original einkennalausir á meðan það voru einungis 13% í samanburðarhópnum.

Geta allir tekið góðgerla?

Allir geta tekið inn góðgerla til að hjálpa til við að halda jafnvægi á þarmaflórunni. Fjöldi örvera í meltingarveginum er gríðarlega

mikill og það getur verið flókið og dýrt ferli að ætla að greina hvert tilfelli fyrir sig nákvæmlega. Sem betur fer eru góðgerlar til inntöku hættulausir og í versta falli verður engin breyting. Það getur einfaldlega þýtt að önnur tegund, samsetning stofna eða magn henti betur.



Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir því. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf þá eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar í þörmunum, eins og víða annars staðar í líkamanum.

Hvað er iðraólga (IBS)?


Iðraólga sem sumir þekkja sem ristilkrampa á sér stað við truflun á starfsemi ristils og smáþarma á þann hátt að í stað þess að dragast reglubundið saman og flytja þannig fæðuna taktfast áfram þá verða samdrættir á mismunandi stöðum ristils og smáþarma samtímis. Þessar truflanir koma oftast í kjölfar máltíða. Afleiðingar þessara óreglulegu samdrátta eru þær að fæðan berst treglegar niður meltingarveginum og frásog vatns truflast með þeim afleiðingum að hægðirnar verða harðar en geta einnig stundum orðið linar eða jafnvel að þunnum niðurgangi. Iðraólgu verður yfirleitt fyrst vart hjá ungu fólki og hrjáir að jafnaði 15-20% fullorðinna en flestir eru á aldrinum 20-50 ára. Konur eru í meiri áhættu svo og þeir sem lifa

Saffrox | Andleg vellíðan á náttúrulegan hátt

Saffrox er 100% náttúrulegt og klínískar rannsóknir sýna að það hefur góð áhrif á andlega líðan og léttir lund.

Bætiefni sem hefur mikil áhrif á geðslag án aukaverkana eins og þyngdaraukningar og kyndeyfðar

- Vinnur gegn geðsveiflum og depurð
- Jákvæð áhrif á kynlífslöngun
- Vinnur gegn andlegri streitu
- Stuðlar að betri svefngæðum



Útsölastaðir: Flest apótek.



Mavic Air

Mavic Air er ótrúlega meðfærilegur en um leið afkastamikill dróni fullur af möguleikum.

- 32 MP Sphere Panorama myndataka[1]
- Hægt að brjóta saman
- Þriggja ása gimbal & 4K myndavél
- Umhverfisskynjun
- SmartCapture
- 21 mínútu flugtími

Verð 114.990

Flymore kit 144.990*

*Taska, 2x aukarahlöður, hleðslustöð, spaðavörn, auka spaðasett



DJI SPARK

Spark er lítill dróni útbúinn DJI tækni. Spark gerir þér kleift að grípa augnablik hvenær sem þú vilt.

- Flugtími: 16 mínútur
- Hraði: 50 km/klst.
- Gimbal: Tveggja ása
- Drægni: 2 km
- Drægni Vision Positioning System: 30 m
- Mynduplausn: 12 MP

Controller combo 69.990

Flymore combo 89.990*


*1 aukabatterí, spaðavörn, hleðsludokka, auka spaðasett.



Tello

Tello er frábær dróni sem hentar byrjendum einstaklega vel. Hægt er að forrita Tello í Scratch-umhverfinu.

Verð 19.990



Osmo Pocket

Osmo Pocket er minnsta 3-ása myndavél með hristivörn sem DJI hefur nokkru sinni framleitt.

- Létt og meðfærileg
- 4K 60fps myndbandsupptaka
- Vélræn hristivörn
- Fjöldi aukahluta
- 140 mínútna rafhlöðuending

Verð 54.990



Osmo Mobile 2

verð 19.990



dji | AUTHORIZED RETAIL
STORE REYKJAVÍK

VIÐURKENNDUR SÖLUAÐILI

DJI Reykjavík er viðurkenndur sölu- og dreifingaraðili DJI vara á Íslandi. Við bjóðum DJI vörur á svipuðu verði og erlendis.

UM DJI

DJI er stærsti drónaframleiðandi heimsins í dag með um 70% markaðshlutdeild. DJI er þekkt fyrir gæði og góða þjónustu.

KÍKTU VIÐ

Við þekkjum DJI vörur eins og handarbökin á okkur. Kíktu í heimsókn til okkar ef þig vantar aðstoð eða ráðgjöf.



Mavic 2 Pro

Mavic 2 Pro notast við Hasselblad-myndavéartækni til að tryggja myndgæði.

- Hasselblad-myndavél
- 1" CMOS myndflaga
- Stillanlegt ljósop
- 10-bita Dlog-M
- 10-bit HDR myndbandsupptaka
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

Verð 209.990

HASSELBLAD

GEFÐU HUGMYNDA- FLUGINU LAUSAN TAUM



Mavic 2 Zoom

- 2x optískur aðdráttur (Optical Zoom)
- 1/2,3" CMOS myndflaga
- 48MP myndataka
- 4x stafrænn aðdráttur án þess að tapa gæðum (FHD myndbandsupptaka)
- Dolly Zoom
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

Verð 179.990

Barbie er sextug í dag

Litla dúkkan sem hefur fylgt börnum í meira en hálföld hefur í nútímanum fengið yfir sig skít og skömm. Stutt er síðan Barbie kom með fjóra nýja líkama, steig inn í nútímann að sumra mati, en aðrir voru ekki ánægðir, Barbie væri orðin feit.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Barbie á stórafmæli í dag. Hún er sextug og saga þessara litlu dúkku er ekkert minna en stórkostleg. Um 98 prósent heims þekkinga Barbie sem er mun meira en gengur og gerist. Barbie-dúkkan hefur eðlilega þróast og breyst á þessum 60 árum. Fyrsta Barbie-dúkkan sem almenningur sá var í KR-lituum sundbol með tagl. Hún hafði brjóst og karlmenn sögðu Ruth Handler, stofnanda Mattel, strax í byrjun að svona dúkka myndi aldrei seljast. Konur og börn tóku dúkkunni þó fagnandi og nánast óslitið síðan hefur heimurinn leikið sér með Barbie.



Ruth Handler, upphafskona Barbie, með eina dúkku. Handler var mikill brautryðjandi. Hún lést árið 2002. NORDICPHOTOS/GETTY

Sigurgangan hefur þó verið þyrnum stráð og ótrúlega margir hafa látið Barbie-dúkkuna fara í taugarnar á sér. Hún er jú með óvenjulegasta vöxt sem fyrirfinnst. Ef hún væri alvöru kona væri brjóstmálið nánast metri, mittismál aðeins 46 sentimetrar og mjaðmirnar 84 sentimetrar og hún væri um tveir metrar á hæð.

Þá hefur verið bent á að dúkkan ýti undir anorexiu hjá ungum stúlkum og reglulega er minnt á að Barbie gaf út dúkku 1963 sem hélt á umdeildri bók. Á forsiðu bókarinnar stóð Hvernig á að grennast? og á bakhliðinni stóð EKKI BORDA með hástöfum. Frasarinnar hennar hafa einnig sætt gagnrýni. Talandi Barbie sagði setningar eins og: „Á ég einhvern tímann nóg af fötum?“ „Ég elska að versla,“ og „Stærðfræði er erfið!“

Mattel fór að hugsa dúkkuna



» Ef hún væri alvöru kona væri brjóstmálið nánast metri, mittismál aðeins 46 sentimetrar og mjaðmirnar 84 sentimetrar og hún væri um tveir metrar á hæð.




Barbie og Ken árið 1964. Trúlega á leiðinni í veislu. NORDICPHOTOS/GETTY

upp á nýtt enda höfðu sölutölur farið niður á við.

Árið 2016 komu út fjórar nýjar dúkkur sem fengu glimrandi móttökur. Það var komið smá kjöt utan á sveltandi líkamann en enn var gagnrýnt. Nú var bent á að það ætti ekki að gefa eftir varðandi líkamann. Offita væri vandamál en jákvæðar raddir voru yfirgnæfandi. Barbie steig inn í nútímann með þessu skrefi. Flestir voru sammála um það. Streymisveitan Hulu fylgdi hönnunarlíðinu eftir þennan tíma og gerði myndina Tiny Shoulders: Rethinking Barbie sem hægt er að finna á veitunni. Veitir myndin innsýn í hinn magnaða heim Barbie.


Þrátt fyrir að vera orðinn sextug er Barbie trúlega rétt að byrja sinn feril. Hún mun væntanlega fagna stórafmælinu á heimili sínu í Malibu með Ken og vinkonum, fá sér kókusneid og hlakka til framtíðarinnar.



Barbie er komin inn í nútímann. NORDICPHOTOS/GETTY

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir

Eftir

Evonia er hlaðin bæti-efnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is



Eitursvöl og ber aldurinn vel. Barbie fagnar sextíu ára afmæli sínu í dag en hún var frumsýnd á þessum degi í New York árið 1959. NORDICPHOTOS/GETTY

Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann í bókhaldsstarf.

Starfið felur í sér innheimtu og gjaldkerastörf
Þekking á DK viðskiptahugbúnaði er æskileg.
Umsóknarfrestur er til og með 20. mars n.k.

Vinsamlega sendið inn umsóknir á atvinna@frettabladid.is
merkt „Bókhald-0903“

www.fmg.is
FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS
SÍMI 575 8585

Löggiltur fasteignasali óskast

Fasteignamiðlun Grafarvogs óskar að ráða löggiltan fasteignasala. Viðkomandi þarf að vera drífandi og geta unnið sjálfstætt auk þess að vera góður í mannlegum samskiptum. Fullum trúnaði er heitið. Umsóknir sendist á stella@fmg.is

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

JOB REFERENCE 10/2019

Deadline for applications:
31 March 2019 (midnight CET)

Start date: September 2019

For full details of this position and
to apply, please visit:

<https://jobs.eftasurv.int>

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 80 staff members of 19 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Legal Officer – Security Inspector

ESA is recruiting a Legal Officer in the Internal Market Affairs Directorate (IMA), to work in the field of transport. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to transport (safety, security, freedom to provide services and establishment) in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway).

The successful candidate will join the IMA Directorate, which is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. This position sits within the Transport Unit of the Directorate.

For this position, in light of the make-up of the team and operational needs, we are looking for an experienced transport lawyer, with at least 3-5 years' experience from the public and/or private sector. Experience with security audits in an international context would be advantageous but is not essential. As the successful candidate will be required to handle legal and other documentation in Norwegian, Norwegian language skills are essential for this position.

Tasks will include examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports, and may include participation in aviation and maritime security inspections. Depending on the overall needs of the Authority, the responsibilities may be changed to cover other general or specific issues relating to EEA law.

Bókhald

Byggingafyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða bókhalds, launavinnsla, afstemmingar, vsk. uppgjör og önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur og hafa góða þekkingu á bókhaldi. Þekking á DK bókhaldskerfi er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Laxar Fiskeldi ehf. er fyrirtæki sem stundar laxeldi á Íslandi. Fyrirtækið er að meirihluta í eigu Måsøval Eiendom, sem er norsk fjölskyldufyrirtæki sem hefur 45 ára reynslu af laxeldi.

Fyrirtækið rekur tvær seiðaeldisstöðvar að Bakka og Fiskalóni í Ölfusi auk þess sem landstöð er starfrækt í Þorlákshöfn. Auk þess eru Laxar Fiskeldi með sjókvíaelði í Reyðarfirði þar sem fyrirtækið hefur leyfi til að framleiða allt að 9.000 tonn af laxi í sjókvíum á þremur stöðum en fyrirhuguð framleiðsla félagsins á Austfjörðum til lengri tíma lítið mun nema um 25.000 tonn.

Grundvallarhugsun Laxar Fiskeldi er að reka eldisfyrirtæki þar sem þekking er í fyrirrúmi en jafnframt fjárhagslegur styrkur til að takast á við erfiðleika.

Aðalskrifstofa Laxar Fiskeldi er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið
má finna á www.laxar.is

Yfirmaður fiskivelferðar (Fish Health Manager)

Laxar Fiskeldi ehf. óskar eftir að ráða yfirmann fiskivelferðar (Fish Health Manager) til að þróa frekar stefnu fyrirtækisins varðandi heilbrigði fiska og að sinna velferð þeirra. Yfirmaður fiskivelferðar mun hafa aðstöðu á aðalskrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík og heyrir hann beint undir framkvæmdastjóra.

Starfið krefst ferða til þeirra staða þar sem framleiðslan fer fram og annarra staða sem tengjast framleiðslunni. Þeir sem hafa takmarkaða reynslu á þessum vettvangi munu fá viðeigandi þjálfun frá sérfræðingum Måsøval í fiskeldi. Yfirmaður fiskivelferðar er hluti af stjórnendateymi Laxar Fiskeldi.

Helstu viðfangsefni:

- Samræming verkefna við önnur sambærileg verkefni innan fyrirtækisins
- Samskipti við yfirvöld varðandi heilbrigði fiska og velferð þeirra
- Samskipti við fagaðila og viðeigandi rannsóknastofnanir
- Áhersla er á fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi heilbrigði fiska og velferð þeirra
- Eftirlit og upplýsingagjöf varðandi heilbrigði fiska
- Heimsóknir og stuðningur við þá staði þar sem framleiðsla fer fram

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem dýralæknir eða líffræðimenntun á sviði fiskeldis
- Reynsla af fiskeldi og sérstaklega á sviði laxeldis er kostur
- Samskiptahæfni í ensku og íslensku, talaðri og skrifaðri. Hæfni í norsku er kostur
- Hæfni til að móta nýjar leiðir og að vinna að stöðugum umbótum

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 512 1225 og einnig Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri (jens@laxar.is) í síma 899-4348. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, bæði á ensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

Intellecta - Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími: 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Icepharma leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingum í spennandi störf

Viðskiptastjóri á Heilbrigðisviði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Markaðssetning og sala á hjúkrunarvörum og lækningatækjum
- Myndun og viðhald tengsla við viðskiptavinum
- Viðskiptaþróun og greining vaxtartækifæra
- Fundir og ráðstefnur innanlands og erlendis
- Samskipti við erlenda birgja
- Vinna við útboð og verðfyrirspurnir
- Aðkoma að áætlanagerð og eftirfylgni við áætlanir

Hæfnikröfur

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda
- Reynsla af markaðsstarfi og sölu heilbrigðisvara er mikill kostur
- Góð þekking á heilbrigðisgeiranum og starfsemi skurðstofa
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði
- Greiningarhæfni og tölvulæsi
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is, 520-4323.

Bókarastarf á Fjármálasviði

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er ræða 100% starf.

Helstu verkefni og starfssvið

- Gerð innlendra og erlendra reikninga
- Afstemmingar
- Bókun innlendra og erlendra greiðslna
- Bókun daglegra uppgjöra og vörukaupa
- Innheimta erlendra krafna og samskipti við birgja
- Þátttaka í teymis- og umbótavinnu

Hæfnikröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á bókhaldi og Excel er skilyrði
- Þekking á Axapta bókhaldskerfi og DK verslunarkerfi er kostur
- Samvirkusemi og nákvæmni
- Gott vald á íslensku og ensku
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl Þór Sigurðsson, fjármálastjóri Icepharma, karlsig@icepharma.is, 540-8006.



Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugum framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

Sótt er um störf í ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna
Umsóknarfrestur er til 19. mars 2019. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf hjá Icepharma. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Forstöðumaður fjárhagsdeildar hjá Vegagerðinni



Vegagerðin vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins alls. Vegagerðin vinnur að uppbyggingu samgöngukerfisins með lagningu vega og þjónustu við vegakerfi landsins, þróun almenningsamgangna og samþættingu mismunandi samgönguforma.

Nú vantar okkur **öflugan forstöðumann fjárhagsdeildar** til að taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Starfsmenn fjárhagsdeildar starfa víðsvegar um landið en starf forstöðumanns er í Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl og árangursrík reynsla af stjórnun
- Reynsla og þekking í uppgjörum og bókhaldi
- Góð færni í framsetningu fjármálaupplýsinga
- Reynsla af breytingastjórnun
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs (ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is) og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri (sigurbjorg.helgadothir@vegagerdin.is) og í síma 522 1000

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1973. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknaamsbrautum auk þess að vera miðstöð kennslu í hótél- og matvælagreinum og starfrækja ferðamála- og leiðsögunám í kvöldskóla. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 100 og fjöldi nemenda í dagskóla eru um 900.

Starfssvið

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólafélagið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólafélags á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Skólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólavæðingum.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla, leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Reynslu af stefnumótunarvinnu, hæfileiki til nýsköpunar og að stýra breytingum.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er mikilvæg.
- Þekking af fjármálum og rekstri er nauðsynleg.

Umsóknir

Umsóknir með greinargerð umsækjenda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann í Kópavogi út frá faglegum og rekstrarlegum áherslum í skólafélagi með upplýsingum um núverandi starfsheiti umsækjenda ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið mrn@mrn.is, fyrir dagslok þriðjudaginn 30. apríl 2019.

Við ráðningar í störf hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti er tekið mið af jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að loknum umsóknarfresti og verða umsóknir þar sem óskað er nafnleyndar ekki teknar til greina. Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna María Urbancic rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 9. mars 2019.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Vinnustaðaeftirlit

Skipta réttindi launþega á vinnumarkaði þig máli?

Iðnaðarmannafélagin á Stórhöfða auglýsa eftir öflugum fulltrúa í vinnustaðaeftirlit, með góð tök á pólsku eða rússnesku, til að standa vörð um réttindi launþega á vinnumarkaði og tryggja að aðstæður á vinnustöðum séu í samræmi við lög og reglur. Markmið starfsins er að koma í veg fyrir að brotastarfsemi festi rætur á félagssvæðum stéttarfélaganna. Um er að ræða 100% starf, starfsstöð er á Stórhöfða 31, 110 Reykjavík.

Umsóknarfrestur

17. mars

Helstu verkefni:

- Vinnustaðaheimsóknir bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.
- Skipulag vinnustaðaheimsókna um allt land í samstarfi við aðra vinnustaðafulltrúa.
- Byggja upp og efla markvisst vinnustaðaeftirlit og samstarf við aðra vinnustaðafulltrúa.
- Samskipti við þá aðila er fara með málefni vinnumarkaðarins.
- Skráning og eftirfylgni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13036

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun er skilyrði.
- Þekking á íslenskum vinnumarkaði.
- Tungumálakunnátta, íslenska, enska, pólska og/eða rússneska.
- Öryggisvitund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt.
- Almenn tölvukunnátta.
- Bílpróf.



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Við Háskólann á Akureyri er laus til umsóknar staða forseta hug- og félagsvísindasviðs

Staða forseta fræðasviðs er fullt starf og felur meðal annars í sér yfirumsjón með allri starfsemi, rekstri og stefnumörkun í málefnum fræðasviðsins í samræmi við stefnu Háskólans á Akureyri. Næsti yfirmaður er rektor háskólans.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2019.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem kennd eru á fræðasviðinu og hafa þekkingu og reynslu af háskóla- og/eða rannsóknastarfi.
- Góð samstarfshæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum eru skilyrði.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun er skilyrði.
- Áhugi á stjórnendahlutverkinu er nauðsynlegur sem og metnaður til að leggja sig fram í slíku hlutverki.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn og byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna eru skilyrði.
- Doktorspróf er skilyrði, æskilegt er að prófið sé á vettvangi viðkomandi fræðasviðs.
- Góð tök á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.

Helstu fylgigögn með umsókn eru:

- Greinargerð umsækjanda um helstu áherslur í starfi forseta fræðasviðsins og sýn umsækjanda á hvernig viðkomandi muni móta fræðasviðið til framtíðar (hámarks lengd þrjár síður).
- Náms- og starfsferilskrá.
- Staðfest afrit af prófskírteinum.
- Umsagnir um kennslu- og stjórnunarstörf umsækjenda eftir því sem við á.
- Ritaskrá ásamt skýrslu um vísindastörf og þær fræðilegu ritmiðar sem umsækjandi telur vera sín bestu verk (allt að fimm ritum). Ef umsækjandi er meðhöfundur að innsendu verki skal hann gera grein fyrir sínu framlagi til verksins.

Umsóknarfrestur er til og með **1. apríl 2019**

Umsóknir og fylgigögn skal senda á rafrænu formi á netfangið starfsumsokn@unak.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Eyjólfur Guðmundsson** rektor Háskólans á Akureyri. Fyrirspurnir skal senda á netfangið rektor@unak.is.

Auglýsinguna í heild má finna á unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um laus störf.

www.unak.is/lausstorf



Forseti hug- og félagsvísinda-
sviðs Háskólans á Akureyri



Rekstrarstjóri SVA og ferliþjónustu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða rekstrarstjóra hjá SVA og ferliþjónustu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Daglegur rekstur og umsjón með þjónustu SVA og ferliþjónustu.
- Fer með verkstjórn SVA og ferliþjónustu.
- Gerð vaktaskýrslna, uppsetning vaktarúlla í vinnustund og utanumhald um breytingará vöktum.
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila sem að mála-flokkunum koma.
- Stefnumótun og þróunarvinna innan málaflokksins.
- Gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana ásamt forgangsröðun verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð krafa um háskólamenntun á sviði viðskipta, rekstrar eða sambærilegri menntun sem nýtist í starfi.
- Meirapróf og rútuþróf kostur.
- Reynsla af verkstjórn æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á SAP bókhaldsforritinu, One System skjalakerfinu, Vinnustund og Vakakerfi í ferliþjónustu kostur.
- Lipurð í samskiptum og þjónustulund.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubragða.
- Vilji til nýsköpunar og innleiðingu nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars 2019**



Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is



Félagsbústaðir hf. sinna lögbundnu verkefni á sviði húsnæðismála fyrir hönd Reykjavíkurborgar en sveitarfélög bera ábyrgð á fjölbreyttri félagsþjónustu við íbúa sína. Hlutverk Félagsbústaða hf. er rekstur og útleiga á félagslegu húsnæði, byggingarstarfsemi, kaup og sala fasteigna, umsýsla og viðskipti með lausafé, lánastarfsemi og ýmis fjármálastarfsemi auk annars er tengist starfsemi félagsins. Markmið félagsins er að starfa í þágu almannaheilla samkvæmt félagslegum markmiðum sem eigandinn, Reykjavíkurborg, setur og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu þessa markmiðs félagsins.

Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á heimasíðunni www.felagsbustadir.is

FÉLAGSBÚSTAÐIR ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Leitað er að drifandi aðila með áhuga og skilning á því umhverfi sem Félagsbústaðir starfa í. Framkvæmdastjóri þarf að hafa metnað til að ná árangri og hæfileika til að leiða öflugan hóp starfsmanna inn í framtíðina.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur Félagsbústaða
- Ábyrgð á fjármálum og fjármögnun
- Þátttaka í stefnumótun í samstarfi við stjórn
- Áætlanagerð
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti og samstarf við stofnanir og aðra hagaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraþróf skilyrði
- Víðtæk stjórnunarreynsla, m.a. á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla á sviði velferðar- og félagsmála æskileg
- Þekking og reynsla af starfsemi sveitarfélaga
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skilningur á hlutverki Félagsbústaða



Nánari upplýsingar veitir:

Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með **19. mars nk.**



BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkerðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.

Opnunartími BAUHAUS er frá kl. 8-19 virka daga og 10-18 um helgar.



Við hjá Bauhaus leitum að kröftugu starfsfólki með ríka samskiptahæfileika.

FRAMTÍÐARSTARFSMAÐUR Í MÁLNINGARDEILD

Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu á málningu auk tengdra vara.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Iðnmenntun og/eða reynsla af málningarvinnu kostur
- Góðir samskiptahæfileikar
- Aldurstakmark 20 ára

SUMARSTARFSMENN Í ALLAR DEILDIR HLUTA- OG HEILSDAGSSTÖRF

Helstu verkefni eru sala og þjónusta við viðskiptavini.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og samskiptafærni. Einstaklingar á öllum aldri eru hvattir til að sækja um. Reynsla af sölu- og /eða þjónustustörfum er mikill kostur, þó ekki skilyrði.

VAKTSTJÓRAR Á ÞJÓNUSTUBORÐ Í HLUTASTARF

Vaktstjórinn sinnir upplýsingagjöf til viðskiptavina, stýrir öðrum starfsmönnum þjónustudeildar og sér um uppgjör og frágang og þarf að taka á sig nokkra ábyrgð.

Hæfniskröfur

- Reynsla af þjónustustörfum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Aldurstakmark 18 ára



Nánari upplýsingar veita:

Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is
Rannveig Jóna Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

SÍÐFERÐISGÁTTIN

Eflir vellíðan á vinnustað

www.sidferdisgattin.is



SÍÐFERÐISGÁTTIN



Sálfræðingur - Heilsugæslan Grafarvogi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar 50% starf sálfræðings við sálfræðipjónustu fyrir fullorðna 18 ára og eldri hjá Heilsugæslunni Grafarvogi.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, hreyfistjóra og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

Sálfræðingar starfa í þverfaglegu teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru fagfólki á heilsugæslustöð. Um er að ræða krefjandi störf í skemmtilegu starfsumhverfi sem er í stöðugri þróun.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sálfræðipjónusta fyrir einstaklinga 18 ára og eldri
- Greining, mat og meðferð á geðrænum vanda, gagnreynd sálfræðimeðferð og ráðgjöf
- Einstaklings- og hópmeðferð
- Námskeiðahald, ráðgjöf og fræðsla
- Handleiðsla og þjálfun nema í klínískri sálfræði
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu sálfræðipjónustu í heilsugæslu
- Samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir s.s. Landspítala og félagsþjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum

Hæfnikröfur

- Starfsleyfi frá landlækni er skilyrði
- Reynsla af greiningu og meðferð fullorðinna með geðrænan vanda
- Þekking og reynsla af gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð
- Faglegur metnaður og áhugi á uppbyggingu sálfræðipjónustu í heilsugæslu
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla og áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Mikil samskiptahæfni, lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar

- Sveinbjörn Auðunsson, s. 513-5600, sveinbjorn.audunsson@heilsugaeslan.is
- Agnes Agnarsdóttir, s. 513-5000, agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun

Skurðhjúkrunarfræðingur

Handlæknastöðin Glæsibæ, óskar eftir að ráða skurðhjúkrunarfræðinga til starfa. Fullt starf eða hlutastarf kemur til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið atvinna@handlaeknastodin.is fyrir 15. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Einarsdóttir deildarstjóri á guðrun@handlaeknastodin.is

Handlæknastöðin hefur starfrækt skurðstofur frá árinu 1984. Við stöðina starfa um 40 lækna ásamt 16 manna starfslíði skipað hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og aðstoðarfólki. Árlega eru rúmlega 7.000 skurðaðgerðir framkvæmdar á Handlæknastöðinni.



HANDLÆKNASTÖÐIN
THE SURGICAL CLINIC

Handlæknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík
sími: 535 6800 · www.handlaeknastodin.is

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

AVANT



Starfsmaður óskast á varahlutalager

Við auglýsum eftir góðum manni/konu til starfa á varahlutalager. Starfið er mjög fjölbreytt og krefst þokkalegrar tölvukunnáttu, ensku í töluðu og rituðu máli auk þekkingar á vélum, sérstaklega landbúnaðartækjum.

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972. Íslyft hefur verið markaðsleiðandi í sölu á Linde lyfturum og vöruhúsatækjum síðastliðin 20 ár.

Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Merlo og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir sendist á netfangið islyft@islyft.is

Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfturum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl. 25 ár.

BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið og Fréttablaðið.is óska eftir blaðamanni. Um er að ræða áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.

Umsækjandi þarf:

- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Sunnu Karen Sigurpórsdóttur í gegnum netfangið sunnak@frettabladid.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars.



VILTU LÁTA LJÓS ÞITT SKÍNA?

Við leitum að frábæru samstarfsfólki í okkar lið. Okkur vantar tvo drífandi leiðtoga með brennandi áhuga á því að tryggja framúrskarandi undirbúning að framkvæmdum og tryggja öruggan rekstur flutningskerfis okkar. Síðast en ekki síst leitum við að öflugum verkefnastjóra í okkar fjölbreyttu framkvæmdaverkefni sem fram undan eru. Nánari upplýsingar um okkur eru að finna á www.landsnet.is og á samfélagsmiðlum. Sjáðu hvað við gerum til að halda ljósunum logandi.

Langar þig að ganga til liðs við okkur?

Við leitum að stjórnanda reksturs flutningsvirkja

– sem ber ábyrgð á rekstri tengivirkja og raflína okkar um allt land. Stýrir og ber ábyrgð á mannauði einingar, áætlanagerð og undirbúningi verkefna sem unnin eru við flutningsvirkin ásamt umsjón með rekstrarsamningum.

Ef þú ert með háskólapróf í verkfræði eða sambærilega menntun, með reynslu af stjórnun og rekstri, tæknilega þekkingu á sviði raforku, öryggis- og umhverfisvitund og auðvitað framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og drifkraft þá erum við mögulega að leita að þér.

Við leitum að stjórnanda vegna undirbúnings framkvæmda

– sem ber ábyrgð á að allir ferlar við undirbúning byggingaframkvæmda séu uppfylltir, bæði ferli innan okkar fyrirtækis og samfélagsins. Stýrir og ber ábyrgð á áætlanagerð, mannauði einingar og undirbúningi verkefna ásamt eftirfylgni áætlaða og upplýsingagjöf.

Ef þú ert með háskólapróf sem nýtist í starfið, með reynslu af stjórnun, rekstri og verklegum framkvæmdum, hefur þekkingu á skipulagsvinnu sveitarfélaga og býrð auðvitað yfir framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og drifkrafti þá erum við mögulega að leita að þér.

Við leitum að verkefnastjóra í framkvæmdateymið okkar

– sem leiðir verkefni við uppbyggingu og endurnýjun flutningskerfisins frá undirbúningi, í gegnum útboðshönnun, verksamninga og verklega framkvæmd. Ber ábyrgð á áætlunum verkefnis og eftirfylgni þeirra.

Ef þú ert með háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem verkfræði eða tæknifræði, með góða reynslu og þekkingu á verkefnastjórnun og verklegum framkvæmdum, með reynslu af öryggis- og umhverfismálum og auðvitað framúrskarandi samskiptafærni, frumkvæði og drifkraft, þá erum við mögulega að leita að þér.

Við vinnum fyrir þig

Við erum þjónustufyrirtæki – við vinnum fyrir þig í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar. Við viljum vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem umhyggja og öryggi er haft í hávegum. Þannig sköpum við góðan vinnustað með spennandi verkefnum, með gildin okkar – **samvinnu, ábyrgð og virðingu** – að leiðarljósi.

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2019.

Nánari upplýsingar veitir **Valka Jónsdóttir** mannauðsstjóri, sími: 563-9300, netfang: mannaudur@landsnet.is. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í vísitöludeild.

Sérfræðingur á efnahagssviði

Deildin sér um útreikning verðvísitalna, úrvinnslu útgjaldarannsóknar og alþjóðlegan verðsamanburð.

Starfið felur í sér vinnu við mælingu og útreikning verðvísitalna og annarrar verðtölfræði. Starfsmaðurinn mun auk þess vinna að þróun á aðferðafræði og framsetningu efnis. Starfið felur einnig í sér samskipti við gagnaveitendur, þjónustu við notendur og kynningu á aðferðafræði. Viðfangsefni eru fjölbreytt og fela í sér samskipti við innlenda og erlenda aðila.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í verkfræði, tölfræði, stærðfræði, hagfræði eða skyldum greinum.
- Þekking á vísitölfræðum er kostur
- Reynsla á vinnslu gagnagrunna (t.d. SQL)
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og góð tölukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Góðir greiningarhæfileikar og rökhusun
- Nákvæmni og einbeiting
- Frumkvæði og agi
- Reynsla af skrifum og framsetningu efnis

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019 og skulu umsóknir berast í pósti á: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a • 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 • Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.



Skólastjóri Giljaskóla á Akureyri

Staða skólastjóra Giljaskóla á Akureyri er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. maí 2019.

Giljaskóli hóf starfsemi árið 1995. Fjöldi nemenda er um 390 í 1.-10. bekk og starfsmenn rúmlega 70. Í skólanum er sérdeild fyrir börn með þroskahömlun. Framsækni hefur einkennt starf skólans sem hefur verið í fararbroddi s.s. í upplýsinga-tækni, námsmati og list- og verknámi. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á www.giljaskoli.is

Skólastjóri er faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Menntunarkröfur:

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Meistarapróf sem nýtist í starfi er kostur
- Viðbótarmenntun í skólalárrun og/eða stjórnun er æskileg

Hæfniskröfur:

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og/eða reksturs grunnskóla
- Reynsla af vinnu í lærdómssamfélagi
- Reynsla af mannauðsmálum og hæfni í starfsmanna-stjórnun
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Gerð er krafa um vammleysi s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2019



Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

FÉLAGSRÁÐGJAFI ÓSKAST Á FJÖLSKYLDUSVIÐ GARÐABÆJAR

Fjölskyldusvið Garðabæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa til starfa í barnavernd. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:

- Vinnsla barnaverndarmála
- Bakvaktir í barnavernd
- Ráðgjöf við foreldra og börn, m.a. PMTO meðferð og námskeið
- Samtarf við leik- og grunnskóla og aðrar stofnanir

Menntun- og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Reynsla af barnaverndarstarfi
- Menntun í PMTO æskileg
- Jákvæðni, góðir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna sjálfstætt ásamt skipulögðum vinnubrögðum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí 2019.

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildigunnur Árnadóttir, yfirlýsingarstjóri í tölvupósti á hildigunnur@gardabaer.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla er laus staða umsjónarkennara á yngsta stigi og staða sérkennara.

Vegna forfalla vantar umsjónarkennara á yngsta stig og sérkennara við Sunnulækjarskóla á Selfossi.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólafarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 18. mars 2019.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri

Sérfræðingur í tollendurskoðunardeild



Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og BHM.

Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Starf sérfræðings í tollendurskoðunardeild felur m.a. í sér:

- Endurskoðun á tollskýrslum
- Gerð úrskurða
- Svörun andmæla
- Erlend samskipti
- Skýrslugerð
- Tölfræði
- Verkefnastjórnun

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Til dæmis viðskiptafræði (reikningshald og endurskoðun), lögfræði, viðskiptalögfræði og hagfræði. Góð þekking á bókhaldi æskileg.
- Greiningarhæfileikar
- Talnalæsi

- Geta til að breyta gögnum í verðmætar upplýsingar
- Samskiptafærni
- Geta tjáð sig í ræðu og riti
- Yfirsýn, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulags-hæfileikar
- Færni til að nýta sér upplýsingatækni við úrlausn flókinnar verkefna t.d. með:
 - Gagnamótun með Microsoft verkfærum: Excel (Pivot töflur og gröf), Access, Word
 - Power BI - Skýrslur og mælaborð
 - R – tölfræðiúrvinnsla
 - Business Intelligence tól, t.d. Tableau
- Góð enskukunnátta er áskilin
- Kunnátta í Norðurlandamáli æskileg

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðbjörn Guðbjörnsson í síma 560-0300 eða netfang: guðbjorn.guðbjornsson@tollur.is Umsóknarfrestur er til 25. mars n.k. Sótt er um stöfin rafrænt á www.tollur.is/laus-storf

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Tvær stöður sálfræðinga við meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga að Stuðlum eru lausar til umsóknar

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sálfræðinga á Stuðlum. Stuðlar starfa á grundvelli barnaverndarlaga og reglugerðar um Meðferðarstöð ríkisins. Stuðlar sinna unglungum á aldrinum 12-18 ára með hegðunarferðleika, þ.m.t. vímuefnavanda. Um fullt starf er að ræða en möguleiki er að semja um lægra starfshlutfall.

Starfssvið

Meðal verkefna sálfræðings er:

- Greining og meðferð unglunga og vinna með fjölskyldum þeirra.
- Gerð og framkvæmd meðferðaráætla.
- Ráðgjöf og stuðningur við barnaverndarnefndir, skóla sem og samvinna við ýmsar aðrar stofnanir.
- Ráðgjöf og handleiðsla við starfsfólk Stuðla sem og við aðrar meðferðarstofnanir.
- Þátttaka í almennri stefnumótun.
- Þátttaka í ART (aggression replacement training) og notkun áhugahvetjandi samtals (motivational interviewing).

Persónulegir eiginleikar

- Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samstarfshæfni og jákvæð viðhorf til skjólstæðinga.

Hæfniskröfur

- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking og reynsla á meðferð og greiningu unglunga er æskileg.
- Þekking og færni í hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.
- Frumkvæði í starfi og skipulagshæfileikar.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

Nánari upplýsingar veitir Funi Sigurðsson, forstöðumaður Stuðla í síma 530-8800 eða á netfanginu funi@bvs.is.

Við úrvinnslu umsókna gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Sálfræðingafélag Íslands. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. **Vinsamlegast athugið að umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 18. mars 2019 og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.



HRAUNBÚÐIR VESTMANNAEYJUM HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST Í SUMARAFLEYSINGAR

Á hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir í Vestmannaeyjum vantar 100 % stöðugildi hjúkrunarfræðings frá 1. júní til 31. ágúst í sumarafleysingar.

Helstu verkefni

- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við hjúkrunarforstjóra og bera ábyrgð á meðferð

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar

- **Umsóknarfrestur er til 22.03.2019**
- Laun skv. kjarasamningum sambands íslenskra sveitarfélaga og félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Umsókn fylgi afrit af hjúkrunarleyfi
- Umsókn óskast send á hraunbudir@vestmannaeyjar.is
- Nánari upplýsingar veitir Sólrún Gunnarsdóttir deildarstjóri í öldrunarmálum í s. 488 2602, hraunbudir@vestmannaeyjar.is

Á Hraunbúðum eru 28 hjúkrunarrými, 8 dvalarrými og 1 hvíldarrými auk annarrar þjónustu við eldri borgara. Nánari upplýsingar um heimilið má sjá inn á www.hraunbudir.is



Deildarstjóri sjúkráþjálfunar hjá Hrafnistu

Staða deildarstjóra sjúkráþjálfunar hjá Hrafnistu Hafnarfirði er laus til umsóknar. Deildarstjóri er leiðandi og hefur frumkvæði í þróun öldrunarsjúkráþjálfunar innan heimilisins. Í starfinu felst m.a. skipulagning á sjúkráþjálfuninni ásamt daglegum rekstri og stjórnun.

Helstu verkefni

- Stjórnun og rekstur á starfsemi sjúkráþjálfunardeildar
- Skipuleggur störf starfsfólks í samræmi við þarfir þjónustuþega
- Sér um eftirlit og mat á gæðum sjúkráþjálfunar
- Skoðun, mat og meðferð
- Ráðgjöf og fræðsla til sjúklinga og aðstandenda
- Teymisvinna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem sjúkráþjálfari
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun er kostur
- Jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði
- Þekking á RAI mælitækni er kostur


Um er að ræða 100% starf.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á fastradningar.is

Umsjón með starfinu hefur Lind hjá FAST Ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552 1606. Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt með því að fylla út umsóknarform á fastradningar.is.

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.



Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

 HAGVANGUR

hagvangur.is

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf
laus til umsóknar:

Grunnskólar

Forfallakennari í Kópavogsskóla
Sérkennari í Álfhólsskóla
Stærðfræðikennari í Salaskóla
Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
Umsjónarkennari á yngsta stig í Salaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Salaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Vatnsendaskóla
Proskapjálfi eða sérkennari í Hörðuvallaskóla

Leikskólar

Leikskólakennari í Efstahjalla
Leikskólakennari í Marbakka
Matreiðslumaður í Kópastein
Sérkennslustjóri í Kópahvol

Umhverfissvið

Arkitekt á skipulagssvið – tímabundið

Velferðarsvið

Persónulegur stuðningur á heimili fatlaðra
Tímabundið starf í þjónustu með fötluðum

Eingöngu er hægt að sækja um störfn í
gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar



Kópavogsbær

kopavogur.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is



Fagstjóri lækninga Heilsugæslan Mjódd

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga að Heilsugæslunni Mjódd. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur starfsfólk auknið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóri innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

Hæfnikröfur

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

Nánari upplýsingar veita:

Kristín Þorbjörnsdóttir - kristin.thorbjornsdottir@heilsugaeslan.is - 513-6000
Sigríður Dóra Magnúsdóttir - Sigríður.D.Magnusdottir@heilsugaeslan.is - 513-5971

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Starfshlutfall er 100%. Staðan veitist frá 1 apríl 2019 eða eftir samkomulagi. Ráðið er í stöðuna til fimm ára í senn.

Umsóknarfrestur er til og með 18 mars 2019.



Heilbrigðisstofnun Vesturlands samanstendur af átta starfsstöðvum á Vesturlandi. Á svæðinu eru reknar átta heilsugæslustöðvar og á fjórum stöðum eru rekin sjúkrahús og/eða hjúkrunardeildir.

Umsókn fylgi ítarlegar og staðfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, ásamt afriti af hjúkrunarleyfi og prófskýrteini. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni og sýn á starfið. Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar, skv. 36. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, metur hæfni umsækjenda.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar, viðtölum og umsögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu HVE.

Nánari upplýsingar veitir: Jóhanna F. Jóhannesdóttir, forstjóri HVE, johanna.johannesdottir@hve.is, s: 432-1000

Hæfnikröfur

- Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi
- Viðbótar- eða framhaldsmenntun sem nýttist í starfi
- Áskilin reynsla af mannaúðsmálum og stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
- Góðir leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, áreiðanleiki og metnaður til að ná árangri í starfi
- Geta til að takast á við krefjandi verkefni í breytilegu starfsumhverfi
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfileikar
- Reynsla af stefnumótun og umbótaverkefnum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirmaður hjúkrunar og ber faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu stofnunarinnar og í samræmi við 10 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
- Heildarskipulagning og samþæfing hjúkrunar og efling faglegrar þróunar á öllum sviðum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Frumkvæði að umbótum, hagræðingu og eflingu endurmenntunar
- Yfirumsjón og seta í ýmsum nefndum
- Heyrir undir forstjóra og á sæti í framkvæmdarstjórn

Forstöðumaður Gerðarsafns

KÓPAVOGSBÆR LEITAR EFTIR ÖFLUGUM LEIÐTOGA TIL AÐ STÝRA GERÐARSAFNI INN Í NÝJA TÍMA

Gerðarsafn var reist í minningu Gerðar Helgadóttur myndhöggvara og er ætlað að varðveita safneign Gerðar og listaverkæign Kópavogsbæjar auk þess að safna verkum og miðla þeim í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Gerðarsafn er eitt af fimm menningarhúsum Kópavogs, en þau starfa náið saman að skipulagningu viðburða og hátíða undir stjórn forstöðumanns menningarmála í Kópavogi. Ráðið er í starfið til fimm ára í senn.

Helstu verkefni

- Mótar listræna stefnu Gerðarsafns og ber ábyrgð á metnaðarfullu sýninga- og viðburðahaldi
- Ber ábyrgð á rekstri safnsins, safnverslunar og samskiptum við rekstraraðila í veitingasölu
- Hefur frumkvæði að miðlun sýninga og viðburðum gagnvart almenningi og skólahópum
- Ber ábyrgð á safneign Gerðarsafns og listaverkæign Kópavogsbæjar
- Ber ábyrgð á söfnunar- og innkaupastefnu samkvæmt reglum lista- og menningarráðs
- Undirbýr fjárhags-, launa- og rekstraráætlun safnsins
- Ber ábyrgð á öflun sértekna og styrkja
- Þátttaka í almennri stefnumótun menningarmálaflokksins
- Annast samskipti og sinnir samstarfi við aðrar menningarstofnanir bæjarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Haldbær þekking á myndlist og reynsla af lista- og menningarstarfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun æskileg
- Reynsla af sýningastjórnun æskileg
- Hugmyndaauðgi, listrænt innsæi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi í fjölbreyttum verkefnum
- Færni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir listrænni sýn og hæfni umsækjanda í starfið. Umsjón með ráðningunni hefur Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála, sem veitir nánari upplýsingar í gegnum netfangið soffiakarls@kopavogur.is eða í síma 441 7606.

Einungis er hægt að sækja um í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.

Stjórn menningarmálaflokksins heyrir undir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar.

Umsóknarfrestur er til og með **24. mars**.

Umboðsmaður Alþingis

Lögfræðingar

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í tvö störf lögfræðinga.

Störfín eru annars vegar við athuganir og úrvinnslu kvartana og annarra mála sem umboðsmaður fjallar um og hins vegar einkum við frumkvæðis- og OPCAT-eftirlit.

- Leitað er að einstaklingum með embættispróf í lögfræði eða grunnnám í lögfræði auk meistaraþrófs í greininni.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnslurátt og/eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.
- Í starfi við frumkvæðis- og OPCAT-eftirlit er að auki æskilegt að viðkomandi hafi sérstaklega lagt sig eftir námi eða hafi reynslu á sviði mannréttinda eða öðrum réttarsviðum sem reynir á við eftirlit með stöðum þar frelsissviptir einstaklingar dveljast.
- Gerð er krafa um gott vald á ritun texta á íslensku.
- Gerð er krafa um góða kunnáttu í ensku og kunnáttu í einu Norðurlandamáli.
- Um er að ræða krefjandi störf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna, séu skipulagðir og hafi gott vald á aðferðafræði lögfræðinnar.
- Frumkvæðis- og OPCAT-eftirlit felst m.a. í vettvangsathugunum og skýrslugerð um þær. Þeir sem hafa reynslu úr slíkum störfum eru sérstaklega hvattir til að sækja um.
- Í báðum tilvikum er leitað að einstaklingum sem hafa til að bera frumkvæði, ríka þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sem uppfylla ofangreindar hæfnikröfur eru hvattir til að senda inn umsókn. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og önnur atriði skal senda á netfangið postur@umb.althingi.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík, merkt: Starfsumsókn.

Þess er óskað að í umsóknum verði gerð grein fyrir um hvort starfið er sótt og þekkingu og reynslu umsækjanda í samræmi við það sem fram kemur um hvort starf og að staðfesting um nám fylgi.

Umsóknarfrestur er til og með **29. mars nk.**

Upplýsingar um störfín eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700. Nánari upplýsingar um störf umboðsmanns Alþingis og OPCAT-eftirlitið má finna á vefsíðunni: www.umbodsmadur.is.

Þórshamri, Templarasundi 5- 101 Reykjavík
Sími 510 6700 – Fax 510 6701 – postur@umb.althingi.is

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn





RÚV starfar í almannabágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Óflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



Fréttamenn í sumarstörf

Fréttastofa

Fréttastofan leitar að öflugum sumarflæysingafólki í 100% störf á vöktum. Störf felast í að afla fréttu og miðla þeim, á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, í útvarpi, sjónvarpi og á www.ruv.is. Við leitum að metnaðarfullu og sjálfstæðu fólki með fjölbreyttan bakgrunn, sem á auðvelt með að vinna í hópi, hefur góða framsögn og er vel ritfært.

Umsóknarfrestur er til 25. mars.

Nánari upplýsingar og skil umsókna á umsokn.ruv.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

www.ruv.is



Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Teymisstjóri

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf teymisstjóra Geðheilsuteymis HH suður

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019

Helstu verkefni og ábyrgð

Teymistjóri heldur utan um starfsemi teymisins og ber ábyrgð á heildarþjónustu við skjólstæðinga teymis. Hann tekur þátt í þróun og uppbyggingu geðheilsuteyma Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Teymisstjóri er í samstarfi og hefur samráð við aðra sérfræðinga á sviði geðheilbrigðismála. Hann heldur utan um samskipti teymisins við stofnanir og félagasamtök utan HH. Hann veitir ráðgjöf til stofnana, samtaka og einstaklinga varðandi meðferð, leiðir og úrræði innan geðheilbrigðiskerfisins og veitir stuðning og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda. Teymisstjóri sinnir klínisku starfi, vinnur að stöðugu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun og styður skjólstæðinga við að fylgja henni.

Við geðheilsuteymi HH starfa m.a. geðlæknar, geðhjúkrunarfræðingar, geðsjúkraliðar, liðveitendur og sálfræðingar

Hæfnikröfur

- Hákólanám á heilbrigðisvísindasviði
- Meistaragráða á heilbrigðisvísindasviði er kostur.
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar.
- Reynsla í að vinna með einstaklinga með geðraskanir.
- Hæfni og lipurð í samskiptum.
- Reynsla af þróun og uppbyggingu úrræða innan geðheilbrigðiskerfisins.
- Færni og reynsla til að vinna í þverfaglegu teymi.
- Þekking og reynsla af starfi innan heilsugæslu
- Viðtæk þekking og kunnáttu á ólíkum meðferðarformum innan geðheilbrigðiskerfisins.
- Reynsla af samvinnu við stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök
- Kunnáttu í að beita gagnreyndum meðferðarformum.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Góð tækni á rituðu íslensku máli og góð enskukunnáttu

Starfshlutfall er 100%

Nánari upplýsingar veita:

Sigríður Dóra Magnúsdóttir - sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is - 513-5971
Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir - ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5044

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

SÍÐFERÐISGÁTTIN

Eflir vellíðan á vinnustað

www.sidferdisgattin.is



SÍÐFERÐISGÁTTIN



Staða skólastjóra í Foldaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Foldaskóla. Foldaskóli er elsti hverfisskólinn í Grafarvogi, stofnaður árið 1985. Í skólanum eru um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann er starfrækt einhverfudeild og Foldaskóli er safnskóli unglingadeilda í Hamra-, Húsa- og Foldahverfi og er um helmingur nemenda á því skólastigi. Skólinn er Grænfánaskóli og tekur þátt í verkefninu Heilsuefandi skóli. Einkunnarorð skólans eru siðprýði, menntun og sálarheill. Skólinn vinnur í anda uppeldis til ábyrgðar og Olweusaráætlunar gegn einelti og verið er að innleiða leiðsagnarmat. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki, mikið samstarf er við félagsmiðstöð, frístundaheimili og nærsamfélagið. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutílhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða stjórnunarreynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarþæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækni verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2019. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Rekstrarstjóri SVA og ferliþjónustu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða rekstrarstjóra hjá SVA og ferliþjónustu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Daglegur rekstur og umsjón með þjónustu SVA og ferliþjónustu.
- Fer með verkstjórn SVA og ferliþjónustu.
- Gerð vaktaskýrsla, uppsetning vaktarúlla í vinnustund og utanumhald um breytingará vöktum.
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila sem að mála-flokkunum koma.
- Stefnumótun og þróunarvinna innan málaflokksins.
- Gerð og framkvæmd rekstrar- og fjárhagsáætlana ásamt forgangsröðun verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð krafa um háskólamenntun á sviði viðskipta, rekstrar eða sambærilegri menntun sem nýtist í starfi.
- Meirapróf og rútupróf kostur.
- Reynsla af verkstjórn æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á SAP bókhaldsforritinu, One System skjalakerfinu, Vinnustund og Vakakerfi í ferliþjónustu kostur.
- Lipurð í samskiptum og þjónustulund.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Vilji til nýsköpunar og innleiðingu nýrra hugmynda og vinnubrögð.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2019



Akureyrar

Akureyrar • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is



Dómsmálaráðuneytið auglýsir Lögfræðingur/sérfræðingur á sviði útlendingamála

Dómsmálaráðuneytið auglýsir eftir reynslumiklum lögfræðingi/sérfræðingi til starfa á skrifstofu réttinda einstaklinga. Skrifstofa réttinda einstaklinga annast stefnumótun, frumvarpsmíði, mótun reglugerða og reglna og ber ábyrgð á stjórnsýslu í þeim málaflokkum sem undir skrifstofuna heyrir. Skrifstofan annast jafnframt almennt stjórnsýslueftirlit með stjórnsýslustofnunum sem undir skrifstofuna heyrir.

Leitað er að einstaklingi til að sinna verkefnum tengdum vinnu við málefni útlendinga. Í starfinu felst vinna við stefnumótun í málefnum útlendinga og greiningarvinna, þ. á m. að fylgjast með breytingum og þróun í málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Í starfinu felst einnig vinna við gerð frumvarpa, reglugerða og reglna og samskipti og samstarf við stofnanir og aðra aðila sem koma að málaflokknum innlenda sem erlenda. Þá felast einnig í starfinu ýmis önnur tilfallandi verkefni á málefnasviði skrifstofunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla
- Þekking og reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar kostur
- Þekking og reynsla af málefnasviði ráðuneytisins, sérstaklega af málefnum útlendinga er kostur
- Þekking eða reynsla af stefnumótun og verkefnastjórnun kostur
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta á einu Norðurlandamáli er kostur
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum

Laun greiddast samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðs hafa gert.

Um er að ræða fullt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknir skulu fylltar út á Starfatorgi og er umsóknarfrestur til 25. mars nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í síma 545 9000

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Forstöðumaður fjárhagsdeildar hjá Vegagerðinni



Vegagerðin vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins alls. Vegagerðin vinnur að uppbyggingu samgöngukerfisins með lagningu vega og þjónustu við vegakerfi landsins, þróun almenningsamgangna og samþættingu mismunandi samgönguforma.

Nú vantar okkur **öflugan forstöðumann fjárhagsdeildar** til að taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Starfsmenn fjárhagsdeildar starfa víðsvegar um landið en starf forstöðumanns er í Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl og árangursrík reynsla af stjórnun
- Reynsla og þekking í uppgjörum og bókhaldi
- Góð færni í framsetningu fjármálaupplýsinga
- Reynsla af breytingastjórnun
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs (ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is) og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri (sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is) og í síma 522 1000

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

Tollvörður

Spennandi starf í lifandi umhverfi



TOLLSTJÓRI

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og á Keflavíkurlugvelli eru lausar til umsóknar hjá embætti Tollstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem henta jafnt konum sem körlum. Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is. Gera má ráð fyrir að þeir sem kallaðir verða í inntökupróf mæti 28. eða 29. mars.



Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfræði, skýrslugerð og tölvufærni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.

Starf tollvarða er fjölbreytt og getur t.d. falið í sér:

- Greiningu á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnslu gagna
- Sérhæfðar leitir svo sem í bílum, með hundum, gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.
- Almenn töllefirlit á vettvangi svo sem í skipum, flugvéllum, bílum, gámum, póstsendingum og með farþegum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til slíks náms.
- Greiningarhæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samvirkusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ársæll Ársælsson og Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, í síma 560-0300. Umsóknarrestur er til 25. mars nk. Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

VILT ÞÚ SLÁST Í HÓPINN?

Fjölbreytt störf í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2019-2020 í boði fyrir fólk á öllum aldri með margvíslega menntun og reynslu. **Nánar á hafnarfjordur.is**

Lækjarskóli

- » Kennsla í íslensku á unglingsstigi
- » Sérkennari
- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi

Setbergsskóli

- » Dönskukennsla í unglingsdeild
- » Enskukennsla í unglingsdeild
- » Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg
- » Heimilisfræðikennsla
- » Kennsla í hönnun og smíði
- » Náttúrufræðikennsla í unglingsdeild
- » Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg
- » Stærðfræðikennsla í unglingsdeild
- » Tómenntakennsla
- » Umsjónarkennsla á yngsta stigi
- » Umsjónarkennsla í miðdeild
- » UT deildarstjórn og UT kennsla

Skarðshlíðarskóli

- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi

Víðistaðaskóli

- » Aðstoðarskólastjóri
- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á unglingsstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi

Öldutúnsskóli

- » Deildarstjóri yngri deildar
- » Frístundaleiðbeinandi
- » Íslenskukennari á unglingsstigi
- » Íþróttakennari
- » Sérkennari á unglingsstigi
- » Textilkennari
- » Tómenntakennari
- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi

Hraunvallaskóli

- » Almenn kennsla á unglingsstigi
- » Dönskukennsla á unglingsstigi
- » Forfallakennari
- » Hönnun og smíði
- » Myndlistarkennari
- » Sérkennsla
- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi
- » Proskapjálfi

Hvaleyrarskóli

- » Deildarstjóri stoðþjónustu
- » Íþróttakennari
- » Stuðningsfulltrúi í Bjarg
- » Stærðfræðikennari á elsta stigi
- » Umsjónarkennari á miðstigi
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



AKADEMÍSKT STARF VIÐ FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAÐEILD

Háskólinn á Bifröst auglýsir laust 100% starf lektors/dósentis/prófessors í lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild.

Helstu verkefni eru kennsla og rannsóknir í lögfræði, bæði á grunnstigi í viðskiptalögfræði (BS) og meistarastigi (ML), ásamt leiðsögn með B.S.- og M.L. ritgerðum nemenda. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af rafrænum kennsluháttum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Doktorsgráða í lögfræði og nauðsynlegt er að umsækjandi hafi sinnt fræðastörfum. Þau sem búast við að ljúka doktorsgráðu á árinu 2019 koma til greina.
- Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi kennt á háskólastigi.
- Enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Leitað er að umsækjendum með þekkingu og reynslu á sviði tæknilögfræði (IT-law).

Umsóknarferli:

- Upphafsdagur er sem fyrst eða samkvæmt samkomulagi.
- Umsókninni skal fylgja:
 1. Ferilskrá og ritaskrá
 2. Afrit af prófskírteinum og öðrum starfsréttindum
 3. Tvö umsagnarbréf og upplýsingar um hvernig má hafa samband við umsagnaraðila.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans og eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Helga Kristín Auðunsdóttir,

aðstoðardeildarforseti helgaa@bifrost.is

Umsóknir skulu sendar á rektor@bifrost.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019



Þú finnur
draumastarfið á

Job.is



lönaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is

Skólastjóri Giljaskóla á Akureyri

Staða skólastjóra Giljaskóla á Akureyri er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. maí 2019.

Giljaskóli hóf starfsemi árið 1995. Fjöldi nemenda er um 390 í 1.-10. bekk og starfsmenn rúmlega 70. Í skólanum er sérdeild fyrir börn með þroskahömlun. Framsækni hefur einkennt starf skólans sem hefur verið í fararbroddi s.s. í upplýsinga-tækni, námsmati og list- og verknámi. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á www.giljaskoli.is

Skólastjóri er faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Menntunarkröfur:

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Meistarapróf sem nýtist í starfi er kostur
- Viðbótarmenntun í skólaþróun og/eða stjórnun er æskileg

Hæfnikröfur:

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og/eða reksturs grunnskóla
- Reynsla af vinnu í lærdómssamfélagi
- Reynsla af mannauðsmálum og hæfni í starfsmanna-stjórnun
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Lípurð og færni í samskiptum
- Gerð er krafa um vammleysi s.s. að vera með gott orðsþor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2019



Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

Sérfræðingar í ráðningum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is

ÁRANGUR Í VERKI



Hefur þú áhuga á samgöngum; umferðarmálum, götum og veitum?

Mannvit leitar annars vegar að tækniteiknara og hins vegar verkfræðingi eða tæknifræðingi til að starfa með fjölmennum hópi sérfræðinga á sviði samgangna og veitna. Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum í samgöngumálum; umferðargreiningum, samgönguskipulagi, forhönnun og verkhönnun samgöngumannvirkja og veitna.

Tækniteiknari

Mannvit óskar eftir að ráða tækniteiknara til starfa á sviði samgangna og veitna. Viðkomandi þarf að hafa lokið námi í tækniteiknun og hafa góða þekkingu á AutoCad. Þekking á Autocad Civil 3D eða Microstation er einnig kostur. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Nám í tækniteiknun.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. 3 ára starfsreynslu í tækniteiknun.
- Góð þekking á AutoCad.
- Þekking á Autocad Civil 3D eða Microstation er kostur.
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Byggingartæknifræðingur eða verkfræðingur

Mannvit óskar eftir að ráða tæknifræðing eða verkfræðing á sviði samgangna og veitna. Viðkomandi mun sinna hönnunar- og ráðgjafarverkefnum á sviði samgangna.

Menntunar- og hæfnikröfur

- B.Sc. eða M.Sc. í byggingarverkfræði eða tæknifræði (áhersla á samgöngur og veitur er æskileg).
- Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. 3 ára starfsreynslu á sviði samgöngumála.
- Reynsla í gatnahönnun er æskileg.
- Þekking á almennum teikniforritum og þrívíddarhönnunarforritum (Autocad Civil 3D eða Microstation Inroads) er æskileg.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku og helst einnig á einu norðurlandamáli.
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars.

Nánari upplýsingar veitir Einar Ragnarsson, sviðsstjóri Mannvirkja og umhverfis í síma 422 3015.

Sótt er um störfín á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is

Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrtæki landsins á sviði orku, iðnaðar og mannvirkjagerðar. Þar starfar öflugur hópur verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölbreytta reynslu á flestum sviðum verkfræðipjónustu. Hjá Mannviti færð þú tækifæri til að skara fram úr og starfa í umhverfi sem byggir á gildum okkar; trausti, þekkingu, vísýni og gleði. Með verkum okkar viljum við skapa og stuðla að aukinni sjálfbærni í samfélaginu.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



MANNVIT

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringar



Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma um 9.000 starfsmenn sem sinna fjölbreyttri þjónustu á mörgum sviðum fyrir íbúa og gesti Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og þeirri framtíðarsýn sem þar birtist þá einkennist starfsemi Reykjavíkurborgar af fagmennsku og framsækni. Með því að taka öra tækniþróun upp á okkar arma erum við lifandi og skemmtilegur vinnustaður með sterkt aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk á öllum aldri sem vinnur í þágu borgarbúa.

Í kjölfar aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf og styttri boðleiðir upplifir starfsfólk borgina sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

Sjá nánar á: www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringar Reykjavíkurborgar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið er nýtt kjarnasvið sem starfa mun innan nýs stjórnskipulags Reykjavíkurborgar sem tekur gildi 1. júní nk. Skipulag nýs sviðs er í mótun og mun nýr sviðsstjóri koma að lokaundirbúningi við skipulag sviðsins. Ábyrgðarsvið sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringar getur því tekið breytingum þar sem endanleg uppbygging sviðsins liggur ekki fyrir.

Fyrirhugað er að sviðið muni m.a. bera ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar, uppgjöri A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar, vinnslu bókhalds og launa, fjárstýringu og ráðgjöf vegna innkaupa- og úboðsmála, innkaupastýringu og samningsstjórnun, hafa á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, greiningu og áhættustýringu í rekstrarumhverfi A-hluta og veita borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, áhættustýringu og frávik.

Núverandi fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar verður að stórum hluta uppistaðan í hinu nýja sviði, þ.e. þær deildir sem sinna áætlanagerð, bókhaldi, fjárstýringu, uppgjöri, innkaupum og launavinnslu. Áhættustýring er ný eining sem nýr sviðsstjóri mun móta til framtíðar.

Ábyrgðarsvið:

- Sinnir verkstjórn á daglegum verkefnum og rekstri fjármála- og áhættustýringar
- Leiðir þróun og uppbyggingu fjármála- og áhættustýringar
- Leiðir stefnumótunarvinnu á sviði fjármálastjórnar borgarinnar
- Hefur faglegt frumkvæði að umbótum og þróun á sviði fjármála- og áhættustýringar þvert á borgarkerfið, þ.m.t. á sviði rafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagjafar um fjármála
- Ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með höfuðverkefnum fjármála- og áhættustýringar, þ.e. skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar og uppgjöra A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar, vinnslu bókhalds og launa, fjárstýringu og ráðgjöf vegna innkaupa- og útboðsmála, innkaupastýringu og samningsstjórnun, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, greiningu og áhættustýringu í rekstrarumhverfi A-hluta
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða og annarra rekstrareininga borgarinnar sé í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun og áhættustefnu
- Ber ábyrgð á skipulegri upplýsingagjöf til borgarstjóra og borgarráðs um rekstur, fjárstýringu, áhættustýringu og frávikagreiningar í samræmi við reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- Undirbýr fundi fjármálahóps með borgarstjóra
- Tilheyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða/menntun á framhaldsstigi á sviði fjármála, hagfræði eða annarra sambærilegra greina sem nýtast í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af fjármálastjórnun og áhættustýringu í stórra rekstrareiningu
- Leiðtogahæfileikar og reynsla af breytingastjórnun
- Farsæl stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og fjármálaumhverfi hins opinbera er kostur
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Geta til að vinna undir álagi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Launakjör sviðsstjóra heyrir undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er af borgarráði í starf sviðsstjóra til fimm ára.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019. Umsjón með ráðningu hefur Intellecta. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð verður 3ja manna hæfnisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) hjá Intellecta og Stefán Eiríksson borgarritari (stefan.eiriksson@reykjavik.is).

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfis



Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma um 9.000 starfsmenn sem sinna fjölbreyttri þjónustu á mörgum sviðum fyrir íbúa og gesti Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og þeirri framtíðarsýn sem þar birtist þá einkennist starfsemi Reykjavíkurborgar af fagmennsku og framsækni. Með því að taka öra tækniþróun upp á okkar arma erum við lifandi og skemmtilegur vinnustaður með sterkt aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk á öllum aldri sem vinnur í þágu borgarbúa.

Í kjölfar aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf og styttri boðleiðir upplifir starfsfólk borgina sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

Sjá nánar á: www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis Reykjavíkurborgar.

„Reykjavíkurborg er vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa“

Leiðarljósín í innleiðingu á framtíðarsýn mannauðsmála til 2025 eru mannvæn, traust, samræmd og snjöll.

Mannauður og starfsumhverfi er nýtt kjarnasvið sem starfa mun innan nýs stjórnskipulags Reykjavíkurborgar sem tekur gildi 1. júní nk. Sviðsstjóri mun hafa yfirumsjón með mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg.

Skipulag nýs sviðs er í mótun og mun nýr sviðsstjóri koma að lokaundirbúningi skipulags nýs sviðs. Ábyrgðarsvið sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs getur því tekið breytingum þar sem endanleg uppbygging sviðsins liggur ekki fyrir.

Glæsilegt 135,1 fm tveggja hæða einbýlishús ásamt 28,1 fm bílskúr á frábærum stað. Golfvöllur í göngufæri og frábært útsýni til fjalla af efri hæð hússins. **Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný Kristjánsdóttir í síma 869-8650 eða á jona@trausti.is**
Verð: 42 millj.



OPÍÐ HÚS

Brekubær 1 110 Reykjavík

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. MARS KL. 17:30 – 18:00

Vel skipulögð og rúmgóð 120,5 fm 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í Árbænum. Úr stofu/borðstofu er útgengi á stórar svalir með fallegu útsýni. Stutt í skóla, leikskóla og verslun. **Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811 eða á gh@trausti.is**
Verð: 45,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Daggarvellir 4B 221 Hafnarfjörður

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. MARS KL. 18:00 – 18:30

Falleg og björt 73,2 fm 2-3ja herbergja íbúð á 4. hæð í góðu lyftuhúsi með sérinngangi af svölum. Tvö svefnherbergi, opið eldhús og stofa með góðum suðursvölum. Þvottahús innan íbúðar. Sérgeymsla á sömu hæð. Tilvalin fyrstu kaup. Laus fljótlega. **Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir í síma 897-7712 eða á gudbjorg-helga@trausti.is** Verð: 37,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Efstahlíð 23 221 Hafnarfjörður

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. MARS KL. 18:15 – 18:45

Rúmgott og bjart 151,8 fm 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum með 28,7 fm bílskúr og fallegu útsýni. Tvennar svalir. Góður afgirtur sólpallur með heitum pott. Gróinn garður. **Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Gerður Sveinbjörnsdóttir í síma 899-5949 eða á gudbjorg@trausti.is**
Verð: 74,9 millj.

VIÐ ERUM TRAUSTI



Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
löggiltur leigumíðlari.
S: 867-3040



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr.,
lög, fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
leigumíðlari.
S: 899-5949



Bára Danielsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837



Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124



Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
S: 853-9779



Sólveig Regina Biard
Aðstoðarmaður
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 869-4879



Stýrmir Þór Sævarsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 846-6568



Jóna Benný Kristjánsdóttir
Lögmaður. Löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja-
og skipasali.
S: 869-8650



Gunnar Þórisson
Viðskiptafr., aðstoðarm.
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 823-6226



Einar Örn Guðmundsson
Viðskiptafr., aðstoðarm.
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 823-4969



Garðar B. Sigurjónsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255



Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir
Viðskiptafræðingur,
Aðstoðarmaður
fasteignasala, í námi til
löggildingar fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.
S: 897-7712



Garðar Hólm Birgisson
Löggiltur fasteignasali
S: 899-8811



OPÍÐ HÚS

Fiskakvísl 28 110 Reykjavík

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. MARS KL. 18:30 – 19:00

Glæsileg og vel skipulögð 128,9 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð með tvennum svölum og öll hin snyrtilegasta. Eignin er skráð 128,9 fm en efri hæð er að hluta undir súð og gólfhlötur því mun stærri. Stórkostlegt útsýni er yfir sundin til vesturs. **Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811 eða á gh@trausti.is**
Verð: 53,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Sogavegur 140 108 Reykjavík

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 17:00 – 17:30

Rúmgott og mikið endurnýjað 80,7 fm 3ja herbergja parhús með stórum suðurgarði. Gott geymslu loft er yfir eigninni sem ekki er inni í fermetratölu eignar. Leyfi er til að byggja stærra og því stækkunar möguleikar upp á 188,8 fm. **Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040 eða á kristjan@trausti.is**
Verð: 46,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Viðarrimi 62 112 Reykjavík

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 17:30 – 18:00

Einstaklega bjart og rúmgott 184,3 fm einbýlishús á einni hæð þar af 41,8 fm bílskúr. Meiri lofthæð er í stofunni. Stór pallur í kringum hluta hússins og góður garður. Gott aðgengi er að húsinu og eignin hefur fengið gott viðhald. **Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811 eða á gh@trausti.is**
Verð: 81,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Hólavað 21 110 Reykjavík

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 18:00 – 18:30

Nýlegt og tvílyft 119,5 fm 4ra herbergja raðhús með 27,2 fm bílskúr. Stór 70 fm sólpallur. Rúmgott 30 fm geymslu loft er yfir efri hæðinni sem ekki eru inni í fermetratölu eignarinnar. Rúmgóð og björt eign í útjaðri byggðar í Norðlingaholti. **Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Gerður Sveinbjörnsdóttir í síma 899-5949 eða á gudbjorg@trausti.is**
Verð: 64,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Sandavað 1 110 Reykjavík

OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. MARS KL. 19:00 – 19:30

Einstaklega björt og rúmgóð 119 fm 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi auk bílastæðis í lokuðum bílarkjallara. Yfirbyggðar svalir. Eign á góðum og barnvænum stað rétt við helstu útivistarperlur borgarinnar. **Nánari upplýsingar veitir Garðar Hólm í síma 899-8811 eða á gh@trausti.is**
Verð: 53,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Fellsmúli 14 108 Reykjavík

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 13. MARS KL. 17:00 – 17:30

Virkilega falleg og björt 144,1 fm 5-6 herbergja íbúð á 3. hæð með góðum suðursvölum í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Vel skipulögð endaíbúð með fínu útsýni. Einstaklega vel staðsett eign. **Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040 eða á kristjan@trausti.is**
Verð: 52,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Svalbarði 1 780 Höfn í Hornafirði

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 13. MARS KL. 17:00 – 17:30

Vel staðsett 101,8 fm íbúð á neðri hæð með sérinnangangi í klæddu tvíbýlishúsi. Gróinn garður. Stutt er skóla, matvöruverslun, sundlaug og ýmsa þjónustu. **Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný Kristjánsdóttir í síma 869-8650 eða á jona@trausti.is**
Verð: 18,5 millj.



OPÍÐ HÚS

Heiðarbær 11 110 Reykjavík

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 13. MARS KL. 18:00 – 18:30

Fallegt einbýlishús með bílskúr. Staðsett innarlega í botnlanga. Svefnherbergin eru þrjú en auðvelt er að breyta þeim í fjögur. Í hluta bílskúrs er 25 fm geymslupláss sem ekki er inni í fermetratölu eignar. Glæsilegur garður. **Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040 eða á kristjan@trausti.is**
Verð: 89,9 millj.



OPÍÐ HÚS

Gnitakór 2 203 Kópavogur

OPÍÐ HÚS FIMMTUDAGINN 14. MARS KL. 17:00 – 17:30


Stórglæsilegt og vandað 249,3 fm einbýlishús með fallegu útsýni og 50,5 fm bílskúr. Mjög vandað hús þar sem hugsað er vel út í hvert smáatriði hvað varðar hönnun og efnisval. **Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson í síma 867-3040 eða á kristjan@trausti.is**
Verð: 139 millj.



Ragnar G. Þórðarson
ragnar@gardatorg.is
s: 8995901



Sigurður Tyrfringsson
sigurdur@gardatorg.is
s: 8983708



Haraldur Björnsson
haraldur@gardatorg.is
s: 7878727



Steinar S. Jónsson
steinar@gardatorg.is
s: 8985254



Hlynur Bjarnason
hlynur@gardatorg.is
s: 697 9215

Akurvellir 1. Hafnarfjörður



OPÍÐ HÚS

Opið hús Sunnudag 13-13:30
Stærð: 132,7fm | Herb: 4 | Verð: 49 m

Snyrtileg íbúð með 3 svefnherbergjum og stórrí stofu. Íbúðin er á góðum stað á Völlumum, stutt í skóla, leikskóla, verslun og þjónustu.

Helluvað 15. Reykjavík



OPÍÐ HÚS

Opið hús Sunnudag 10. mars 14:30-15:00
Stærð: 100,2 fm | Herb: 3 | Verð: 42.9 m

3ja herbergja íbúð á 3.hæð með suðursvölum og góðu útsýni. Þar af 11,4 fm geymsla og bílastæði í bílakjallara. Þvottahús innan íbúðar.

Hjallabraut 33. Hafnarfjörður



OPÍÐ HÚS

Opið hús Þriðjudag 12.mars 12:30-13:00
Stærð: 79,2fm | Herb: 3 | Verð: 43.5 m

Íbúðin er staðsett í húsi eldri borgara. Innangengt í ýmsa þjónustu þ.m.t. matur í hádeginu, fót og handsnyrting, hárgreiðsla, nudd ofl. ofl.

Þórsberg 2. Hafnarfjörður



OPÍÐ HÚS

Opið hús sunnudagur 10.mars 15-15:30
Stærð: 297,1fm | Herb: 9 | Verð: 95.8 m

Einbýlishús á vinsælum skjólgóðum stað í Setberginu með fallegu útsýni. Möguleiki er á að útbúa 109,2 fm íbúð á neðri hæð með sérinnangi.

Ásbúð 66. Garðabær



OPÍÐ HÚS

Opið hús Þriðjudag 17:15-17:45
Stærð: 178,5fm | Herb: 4 | Verð: 79.8 m

Vel staðsett 178,5 fm parhús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Húsið er vel staðsett, hornlóð með fallegum garði. Stutt í skóla og þjónustu.

Nýhöfn 3. Garðabær



OPÍÐ HÚS

Opið hús mánudaginn 11.mars 17-18
Stærð: 152,4fm | Verð: 84 m

Einstaklega vel útbúin íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með óskertu sjávarútsýni yfir Arnanesvögin. Stórar yfirbyggðar svalir. Innangengt í bílskúr.

Boðarþing 14-20. Kópavogur



OPÍÐ HÚS

Opið hús sunnudaginn 10. mars milli 13:00-14:00
Stærð frá 79,8 - 134,7fm | Verð frá 41,9 - 73,9 millj.

Nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri á góðu verði við þjónustumiðstöðina Boðinn.

Herjólfsgata 40. Hafnarfjörður



OPÍÐ HÚS

Opið hús. sunnudag frá kl 14:30 - 15:00
Stærð: 109,6 fm | Verð: 57,9 m | Aldur: 60+

Góð íbúð á annari hæð ásamt staði í lokaðri bílgeymslu. Lyftuhús með rúmgóðri og snyrtilegri sameign. Sjávarútsýni af yfirbyggðum svölum.

450
FASTEIGNASALA



KRISTBERG
SNJÓLFSSON
S: 892 1931

Sölustjóri

450
FASTEIGNASALA



BALDUR
JEZORSKI
S: 776 0615

Löggiltur fasteignasali

EIGNIR Á GÓÐU VERÐI Í 101 RVK

450
FASTEIGNASALA



DAN V. S. WIIMUM
S: 533 4040

Löggiltur fasteignasali

SELJAVEGUR 25

Vel skipulögð 87,8 fm 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð með útgengi í suður garð. Afar rúmgóð svefnherbergi. Parket á gólfum. Laus við kaupsamning. Gott hús.

Opið hús miðvikudaginn 13. mars kl 18:15

39,8
milj.



ÁSVALLAGATA 69

Björt 132,9 fermetra fimm herbergja hæð á tveimur pöllum. Stofa með innfelldri lýsingu og góðri lofthæð. Þrjú svefnherbergi, útgengt á svalir úr einu þeirra, komið er að einhverjum úthúsviðgerðum.

Opið hús þriðjudaginn 12. mars kl 18:00

49,8
milj.



BÁRUGATA 22

3ja herbergja 85,2 fermetra kjallaraíbúð með sér inngang. Eign á góðu verði en þarfnast verulegs viðhalds. Gott tækifæri fyrir handlagna.

Opið hús sunnudaginn 10. Mars kl 13:00

29,8
milj.



Dalsbraut 26-28-30

Reykjanesbæ



OPIÐ HÚS

laugardaginn 9. mars kl. 14:00 – 15:00

Um er að ræða þriggja og fjögurra herbergja vel skipulagðar íbúðir í þremur litlum fjölbýlishúsum.

Hvert hús er tveggja hæða með 11 íbúðum og stærð íbúða er frá 74,3 fm til 108,2 fm.

Með íbúðum á 1. hæð fylgir stór séreignagarður sem heimilt er að girða af samkvæmt teikningu.

Húsin standa á stórrí lóð, með fjölda bílastæða og hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla.

Innréttingar eru allar hannaðar af Hönnu Stínu innanhúsarkitekti

Stutt er í alla þjónustu að Fitjum.

Stapaskóli, einn glæsilegasti leik- og grunnskóli landsins er að rísa í þessu blómlega hverfi, steinsnar frá íbúðunum.

Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

verð frá: **31,5 millj.**



Nánari upplýsingar veita:



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Grandavegur 42 A, B og C

107 Reykjavík



8 íbúðir eftir



OPIÐ HÚS

sunnudaginn 10. mars kl. 14:30 – 15:30



Einstaklega vel hannaðar íbúðir með yfirbyggðum þaksvölum sem eykur notagildi og nýtur sólar frá morgni til sólarlags að kvöldi.

Tvö baðherbergi eru í öllum íbúðum og allar þriggja herbergja með mismunandi skipulagi.

Sérstæði í lokaðri bílgeymslu með rafhleðslustöð.

Nánari upplýsingar veita:



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jason@miklaborg.is



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

Var að fá í einkasölu

stór glæsilegt einbýlishús á Seltjarnarnesi

sem er einstaklega vel staðsett á Nesinu.



Nánari upplýsingar veitir:
Jörunn Skúladóttir, lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

Húsið er allt hið glæsilegasta, vandað til efnisvals og vinnu.

Upplýsingar um húsið eru einungis veittar á skrifstofu



OPIÐ HÚS

sunnudaginn 10. mars kl. 14:00 - 14:30

Gráhellu 70

800 Selfoss

3 svefnherbergi
Endaraðhus
Baðherbergi með sturtu



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **36,9 millj.**



OPIÐ HÚS

sunnudaginn 10. mars kl. 15:00 - 16:00

Álalækur 17

800 Selfoss

Nýjar íbúðir, 2ja til 5 herb. íbúðir
Arkitekt Kristinn Ragnarsson
Lyftuhús á þremur hæðum



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **34,9 millj.**



FASTBORG

FASTEIGNASALA

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

Opið hús Mán. 11. mar. frá kl. 17:30-18:00



AUSTURKÓR 65		203 KÓPAVOGUR
ÍBÚÐ	4 HERBERGI	117m ²
VERÐ:	ÚTSÝNISÍBÚÐ - EFSTA HÆÐ	
54.9M	PÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

Opið hús Lau. 9. mar. frá kl. 14:00-14:30



JAKASEL 5A		109 REYKJAVÍK
PARHÚS	8 HERBERGI	224m ²
VERÐ:	MIKIÐ ENDURNÝJAD - FJÖLSKYLDUVÆNT	
84.9M	PÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

Opið hús Sun. 10. mar. frá kl. 15:00-15:30



SKÓGARSEL 43		109 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ	3 HERBERGI	142.9m ²
VERÐ:	ÍBÚÐ MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU	
73.9M	PÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

Opið hús Sun. 10. mar. frá kl. 14:30-15:00



LINDARGATA 28		101 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ	3 HERBERGI	84.3m ²
VERÐ:	NÝLEG ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ MEÐ SÉR INNGANGI	
53.9M	ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447	

Opið hús Sun. 10. mar. frá kl. 15:30-16:00



SUNDLAUGARVEGUR 26		105 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ	4 HERBERGI	84.2m ²
VERÐ:	SNYRTILEG OG MIKIÐ ENDURNÝJAD ÍBÚÐ	
39.5M	ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447	

Opið hús Þri. 12. mar. frá kl. 17:15 -17:45



VATNSSÍGUR 13		101 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ	2 HERBERGI	68.2m ²
VERÐ:	FALLEG ÍBÚÐ Í SKUGGANUM	
42.9M	ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844	

Opið hús Mán. 11. mar. frá kl. 17:00-17:30



TÚNGATA 38		101 REYKJAVÍK
EINBÝLISHÚS	8-9 HERBERGI	309.5m ²
VERÐ:	AUKA ÍBÚÐ - BÍLSKÚR FALLEGT HÚS	
165M	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401



GERPLUSTRÆTI 31		270 MOSFELLSBÆR
ÍBÚÐ	5 HERBERGI	125.4m ²
VERÐ:	LAUS STRAX - FALLEG STAÐSETNING	
53.8M	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401



GULLENGI 23		112 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ	3 HERBERGI	83m ²
VERÐ:	LAUS STRAX	
39.9M	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401



KÁRSNESBRAUT 69		200 KÓPAVOGUR
ÍBÚÐ	3 HERBERGI	93m ²
VERÐ:	LAUS STRAX - PRÍBÝLI	
42.9M	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401

Opið hús Lau. 9.mar. frá kl. 13:00-13:30



NJÁLSGATA 48A		101 REYKJAVÍK
STÚDÍÓ ÍBÚÐ	2 HERBERGI	50.6m ²
VERÐ:	LAUS STRAX - SÉR INNGANGUR	
31.9M	GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR	621 2020

Opið hús Mán. 11.mar. frá kl. 17:00-17:30



BLIKAHÓLAR 4		111 REYKJAVÍK
FJÖLBÝLI	4 HERBERGI	103.3m ²
VERÐ:	LAUS STRAX, LYFTA, FRÁBÆRT ÚTSÝNI	
37.9M	GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR	621 2020

FERMING 2019

Skór fyrir alla fjölskylduna



VAGABOND JOYCE
Kaupfélagið
14.995



SIXMIX HÆLASKÓR
KOX
15.995



GABOR
Steinar Waage
17.995



VAGABOND ELENA
Kaupfélagið
12.995



SIXMIX HÆLASKÓR
KOX
19.995



GABOR SANDALAR
Steinar Waage
16.995



SKECHERS SANDALAR
Skechers
8.995



KMB HÆLASKÓR
Kaupfélagið
19.995



SKECHERS GÖTUSKÓR
Skechers
13.995



VAGABOND ZOE
Kaupfélagið
15.995



VANS OLD SKOOL
KOX
13.995



VANS AUTHENTIC
KOX
10.995



VAGABOND LINHOPE
Kaupfélagið - Herra
17.995



SKECHERS GÖTUSKÓR
Skechers - Herra
12.995



VAGABOND PAUL
Kaupfélagið - Herra
17.995



VAGABOND ZOE
Steinar Waage
15.995

Skór.is

ALLA SKÓNA OG FLEIRI FERMINGARSKÓ MÁ SJÁ Á SKÓR.IS NETVERSLUN

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

KOX
KRINGLUNNI

SKECHERS
KRINGLU OG SMÁRALIND

Ólm í að smakka allt nýtt

Guðný Harðardóttir, sauðfjársbóndi að Gilsárstekk í Breiðdal, er mjög fastheldin á hefðir. Hún er einn eigenda Breiðdalsbita sem kynnti afurðir sínar á matarmarkaðinum í Hörpu síðustu helgi.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Matarmarkaðurinn var haldinn í Hörpu um síðustu helgi en þar sýndi fjöldi smábænda og smærri matvælaframleiðenda fjölbreytt úrval af ýmiss konar matvöru og bauð gestum upp á að smakka og kynna þeim betur.

Meðal þeirra sem kynntu afurðir sínar voru fulltrúar Breiðdalsbita, Guðný Harðardóttir og Jörunn Dagbjört Jónsdóttir, en Breiðdalsbiti er í eigu sauðfjársbændanna að Gilsárstekk í Breiðdal, Guðnýjar Harðardóttur og Vals Þeys Arnarsonar, auk Arnalds Sigurðssonar, sauðfjársbónda að Hlíðarenda.

Byrjuðu smátt

Fyrirtækið, sem hefur aðsetur í Breiðdal á Austfjörðum, var stofnað árið 2016 og framleiddi fyrst um sinn eingöngu kæfu að sögn Guðnýjar sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra. „Síðan þá hefur framleiðslan vaxið hægt og rólega. Í dag samanstendur vörulína okkar m.a. af tveimur tegundum af kæfu, ærberjasnacki, hakkbollum, kindahakki og



Guðný Harðardóttir (t.h.) á matarmarkaðinum í Hörpu síðustu helgi ásamt Jörunni Dagbjörtu Jónsdóttur. Vörur þeirra fengu mjög góðar undirtektir.

lundum svo dæmi séu nefnd. Næst á dagskrá er að þróa kjótkraft en við fengum styrk til þess. Starfsemi byrjaði í vottuðu eldhúsi í veiðihúsinu hér í sveitinni en nú erum við loksins komin í okkar eigin aðstöðu sem við náðum að klára rétt fyrir jólamarkaðina á síðasta ári.“

Hugmyndin að Breiðdalsbita þróaðist út frá verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina, sem var liður í átakinu Brothættar byggðir hjá Byggðastofnun að sögn

Guðnýjar. „Við vorum tvönn hjón sem stofnuðum félagið upphaflega en núna erum við þrjú ásamt öflugum liðsfélaga, Jörunni Dagbjörtu Jónsdóttur, sem er nýorðin sauðfjársbóndi í dalnum. Auk þess er óhætt að segja að samfélagið hér sé boðið og búið til að koma á stofn slíku fyrirtæki og því hafa margir góðir lagt okkur lið á annatímum.“

Tókst vonum fram

Matarmarkaðurinn um síðustu helgi tókst frábærlega að hennar

sögn. „Andinn var svo frískur og hress, bæði meðal þátttakenda og gesta. Við vorum með fleiri vöruflokka núna en í fyrra og frumsýning okkar á ærberjasnackinu tókst vonum fram. Gestum þótti snakkið óvanalegt, augun stækkuðu á sumum og greinilegt að margir nutu þess. Við eignuðumst nýja vini um helgina og svo var dásamlegt að hitta gamla vini.“

Hvernig er lífið í Breiðdal?

Það er æðislegt og ég vil hvergi annars staðar vera. Ég er uppalin á Héraði, rétt hjá Egilsstöðum, og hélt að ég gæti ekki fest rætur annars staðar en það afsannaðist.

Hvaða afurðir náttúrunnar á Austurlandi nýtir þú helst í matargerð?

Ég nota auðvitað lambið og annað kindakjöt frá eigin bú. En jurtirnar hér í dalnum, eins og bláber, blóðberg og birki, eru frábær krydd. Aðalbláberin og bláberin eiga hug minn allan.

Hvenær kviknaði áhugi þinn á matargerð?

Hann byrjaði snemma. Þar má helst nefna áhugann á að fullnýta sauðkindina, og veita henni þá virðingu sem henni ber, sem hefur fylgt mér alla tíð. Að nýta skrokkinn í dýrindis mat er bara hluti af því. Ég þrjúna einnig mikið úr ull.

Er til einhver matur sem þú borðar alls ekki?

Nei, ég vil ólm smakka allt nýtt sem ég kemst í. Ég er sannkallaður matarferðamaður, þegar ég fæ tækifæri til. Einnig er ég mjög fastheldin á hefðir og reglulega eru svið hér á borðum, súrmatúr og annað þjóðlegt góðgæti.

Hvað finnst þér best að fá í morgunmat um helgar?

Beikon og egg er himneskt. Þegar þú vilt gera vel við þig í mat og drykk, hvað verður fyrir valinu?

Vel marineraður innri lærvöðvi af fullorönu heimaslátruðu. Helst marineraður í bláberjum. Gott grænmeti, brún sósa og rautt vín með.

Hvaða veitingastaður er í mestu uppáhaldi?

Kaffi Hamar hér í Breiðdal klikkar aldrei! Hann býður upp á ekta heimilismat.

Hvernig verður helgin hjá þér og þínum?

Helgin fer í að taka snoðið af kindunum en þetta er í annað sinn sem þær eru rúnar í vetur. Það er til þess að fá haustullina í sem mestum gæðum ásamt því að auka velferð þeirra en þær eru sumar orðnar ansi loðnar. Þeim þykir ekki gott að vera í þykri ullarpeysu á hlýju sumri.



Nýjar vörur
streyma inn

netverslun www.belladonna.is

Verzlunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

FYRIR
PARMAFLÓRUNA!



Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (*Lactobacillus plantarum* 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.

Fæst í apótekum og heilsuverzlunum, Hagkaup, Melabúðinni Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsöluastaða um land allt.

abel heilsuvörur

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúga þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslikamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðu-

bótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vínur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.

gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnst kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag.“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyrna frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki buist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyrna þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúga er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.





SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

ÚTSALA

ÚTSALA

ÚTSALA

20-70% afsláttur

Frábært úrval af vönduðum útivistarfatnaði frá **Arc'teryx**,
Kühl, **Löffler**, **Marmot**, **Smartwool** og **Scarpa** skóm,
ásamt því sem eftir er af skíðabúnaði frá **Völkl**, **Marker**,
Dalbello, **Smith**, **Julbo** o.fl.

EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI!

Marmot

SCARPA

Smartwool
Go for Feet good

PETZL

ARC'TERYX

Löffler

Julbo

SMITH

BH

Black Diamond

Teva
T E V A

Afgreiðslutími næstu daga:

	laugardagur	sunnudagur	mánudagur lokadagur útsölu
Laugavegur 11	10-17	12-18	10-18
Kringlan 7	10-16	lokað	10-18
Reykjavíkurvegur 64	12-16	lokað	12-18

Ég er fjörfiskur og villigrís

Það er pabbaheggi hjá rapppabbanum Erpi Eyvindarsyni í kvöld. Hann skálar í sykurskertum sítrónusvala við Ragga Bjarna og segir lífsstíl sinn skrautlegan eins og sannir textar hans segja frá.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég er ekki enn orðinn alvöru pabbi en fer að dæla þessu út. Mig langar að eignast tíu krakka og helst eiga litla púka um allan heim, kannski einn Gyðing sem er góður í stærðfræði, Rússa sem er framúrskarandi í ballett og Íslending í Sigurrósa-lopamussu sem dæmi. Það væri gaman að geta teft fram einni snargeðveikri Benetton-fjölskyldu," segir Erpur og skellihlær.

„En ég er náttúrulega rapppabbi; pabbi íslensks rapps. Papa don Blaz er með pabbaheggi. Bróðir minn Sesar A er svo rappafinn og í kvöld verður með mér grimmur sjóbissnessafi, sjálfur Raggi Bjarna," segir Erpur sem kemur reglulega fram með Ragga.

„Við tökum iðulega „Allir eru að fá sér“ og ég fæ mér alltaf fullt en Raggi er alltaf í sínum sykurskerta Sítrónu-Svala og búinn að vera í kókómjólkinni í áratugi. Ég vissi af Ragga því afi minn var dyravörður og dansstjóri í gamla Alþýðuhúsinu í Iðónó, þar sem Raggi spilaði meðal annars á trommur og afi hékk líka mikið með Hauk Morthens og fleiri godsögnum. Af



Erpur, eða Blaz Roca, er ekki enn pabbi en þó rapppabbi. MYND/ANTON BRINK

Ragga hef ég aðallega lært að vera afslappaður því það er sama hvað hann virðist utangátta áður en hann stígur á svið; hann gerir allt tipp topp þegar hann er kominn á sviðið og er fagmaður fram í fingurgóma.“

Skrautlegur lífsstíll

Yrkisefni Erps eru ekki alltaf á barnamáli.

„En ég get ekki tekið á mig að hafa slæm áhrif á unga hlustendur. Ég er listamaður og lífi samkvæmt því að verða betri manneskja með hverjum deginum sem líður. Ég get hins vegar ekki sleppt því að yrkja um það hvernig líf mitt hefur verið og er, það gera listamenn og ekki þeirra hlutverk að ritskoða sjálfa sig. Fólk verður að meta það sjálft hvort Michael Jackson hafi

verið betri fyrirmynd en þeir sem eru með allt uppi á borði, eins og ég sem virðist kannski grófari, eða presturinn sem virðist heilagastur af öllum er að gera mun verri hluti í kapellunni. Listamenn sem opna sig og virðast ekki vera til fyrirmyndar eru í langflestum tilfellum heilbrigðari en þeir sem fordæma mest og þykjast góðar fyrirmyndir," segir Erpur sem yrkir gjarnan um eigin lífsstíl í sínum textasmíðum.

„Lífsstíll íslenskra rappara, samkvæmt yrkisefninu, er ekki alltaf sannur. Sjálfur bulla ég aldrei í mínum textum en það eru margir að vakna á Arnarnesinu þar sem mamma þeirra matar þá með silfurskeið á meðan pabbi þeirra er að einkavæða bankana og borga tryggingar af Porsche-bílnum sem þeir gáfu stuttbuxnaunganum í fermingargjöf. Það eru pulsir sem ýmist ljúga eða eru fæddir silfurskeiðarskrattar og hafa aldrei dýft tanni í vatn til að vinna sér inn fyrir lifibrauðinu. Ef ég segist hafa farið í 36 tíma „blackout“ gerði ég það í alvörunni, en ég rappa líka um pólitík og fleira. Lífsstíll minn er þó vissulega skrautlegur, enda er ég fjörfiskur og mikill villigrís. Þannig hefur það alltaf verið og þannig væri ég líka þótt ég ynni

við að búa um hótélrum í Ármúlunum.“

Kúbuvinill og hlaupskepnur

Þegar Erpur á fri á laugardagskvöldi þykir honum gott að hafa það náðugt heima.

„Þá fæ ég mér stóran Kúbuvinill, sker niður ávöxt eða poppa og maula kannski hlaupskepnur yfir franskri mynd sem gerist í Marseille eða ítölskum glæpaþátum sem eru í uppáhaldi," segir Erpur og hlakkar mikið til pabba-kvöldsins sem hann stendur fyrir á Bryggjunni Brugghúsi í kvöld.

Strákarnir sem koma fram með guðföður rappsins eru Raggi Bjarna og ferskverjarnir Sdóri, Chase og NVTVN, DJ Balatron, Blaffi BlackOut og KrisH.

„Tilgangur lífsins er að upplifa sem mest, þannig öðlast maður viskuna. Líka að hegða sér. Það skilar sér eins og hvert annað karma. Að vera góður við alla sem eru góðir við þig og segja ræpunum að fukka sér, en maður á almennt að vera almennilegur við alla.“

Fylgstu með skrautlegum lífsstíl Erps á Snapchat undir Babarinn og á Instagram undir Slakibabarinn.

Lengri útgáfa af viðtalinu við Erp er á frettabladid.is



Málþing málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál
19. mars. kl. 13 -16 á Grand Hótel
Háteigi, 4.hæð

Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?

DAGSKRÁ

- Ávarp formanns þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ
- Hafa tekjur öryrkja hækkað eins og tekjur annarra? Þróun lífeyris og tekna öryrkja í samanburði við þjóðfélagið í heild
Bergþór Heimir Þórðarson, varaformaður kjarahóps ÖBÍ
- Dreifing skattbyrði - jöfnuður og sanngirni
Indriði H. Þorláksson hagfræðingur og fyrrverandi ríkisskattstjóri
- Örinlegg - reynsla tveggja örorkulífeyrisþega
- Réttur fatlaðs fólks til viðunandi lífsafkomu og félagslegrar verndar í íslenskum rétti í ljósi 28. gr. Samnings SB um réttindi fatlaðs fólks
Brynhildur Flóvenz, dósent hjá Lagadeild HÍ
- Pallborðsumræður
- Lokaorð Rósa María Hjörvar formaður málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál

Fundarstjóri: Eyrún Magnúsdóttir, fjölmiðlakona

■ Rit- og tákn málstúlkun í boði

ALLIR VELKOMNIR - FJÖLMENNUM OG SÝNUM SAMSTÖÐU

ÖBÍ - Ekkert um okkur án okkar!



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



VW GOLF GTE DSG PANORAMA nýskr. 05/2017, ekinn 10 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Griðarlega flottur! Verð 4.650.000 kr. Raðnúmer 259068



AUDI A3 SPORTBACK E-TRON nýskr. 01/2017, ekinn 16 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Mjög vel búinn aukahlutum! Verð 4.450.000 kr. Raðnúmer 259069



BMW 225XE IPERFORMANCE nýskr. 02/2017, ekinn 12 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Svakalega flottur bíll! Verð 3.990.000 kr. Raðnúmer 259005

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Bílar til sölu



TILBOÐ 1 MILLJ. STGR.!

Renault Scenic III 2013 ssk, diesel, ekinn 85 þús., 5 manna frábær fjölskyldubíll. Fæst á 1 millj. stgr. Hjördis 896-0753

Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfrieihf.is



Benz Atego 817 árg. 2000 ek 588. XXX Km Skoðaður 19. V. 750.000 Kr eða tilboð.

Uppl. í s. 6597909 - Gunnar.



Toyota Hiace árg. 2007 Diesel 4x4 ek. 235.xxx Km. Flottur, vel meðfarinn bíll, skráður 6 manna. V. 1.850.000 kr Uppl.í s. 6597909 - Gunnar.



Vel með farinn CHEVROLET CRUZE station. árg.2013, sjálfsk, diesel TURBO . nýskoðun næst 2021. Verð 1.990.000 kr. Tilboð óskast. Uppl. helst í e-mail throsturfrid@internet.is eða sms 6993318.

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorur að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéla dekkjum frá Techking Búkkolludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ymsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir



BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is



Altenatorar & Startarar



ljosboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGAMEISTARI getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum.
Uppl. í s. 778 1604.

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

RÁÐGJÖF.

Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, solumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
Hafðu samb. í 8211000
Guðlaugur eða laugim66@gmail.com

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Til sölu



Til sölu Lexus LS 430 árg 2004.

Ekinn aðeins 85.000 km
Topp eintak.
Skipti á Landcruiser 100 eða
Lexus LX 470 2003-2007 770-5144

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

JD FLUTNINGAR.

Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vórufl., búslóðafl., sorpufl. og fl. S: 7868899 jdflytningar@jdflytningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR

Sprunguviðgerðir - Múrviðgerðir

Stimplun bílaplana. Málun.
BDG ehf s. 618 7712

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is



VW Passat Alltrack

kr. 3.490.000

Nýskráður 12/2015, ekinn 108 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Afborgun kr. 45.356 á mánuði*



Toyota Yaris Hybrid

kr. 2.390.000

Nýskráður 3/2017, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Afborgun kr. 31.111 á mánuði*



Toyota Avensis

kr. 2.990.000

Nýskráður 5/2017, ekinn 43 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Afborgun kr. 38.881 á mánuði*



Skoda Octavia Combi 4x4

kr. 2.390.000

Nýskráður 6/2015, ekinn 76 þús.km., dísel, beinskíptur.

Afborgun kr. 31.111 á mánuði*



KIA Ceed Lx

kr. 2.390.000

Nýskráður 3/2017, ekinn 58 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Afborgun kr. 31.111 á mánuði*



Bílaáskjalnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Keypt
& Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. WWW.MYRANAUT.IS S. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
WWW.KAUPUMGULL.IS

Opið mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

KAUPUM GULL - J
ÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Skólar &
Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH,
NORWEGIAN & DANISH
F. FOREIGNERS - ENSKA,
NORSKA, DANSKA

Levels/Stig: 1 - 6: Start/Byrja: 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. AM&PM/fh&eh. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back 75-90% of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. WWW.ICESCHOOL.IS - FF@ICETRANS.IS - FACEBOOK.COM/ICESCHOOL. Fullorðinsfræðslan-IceSchool. Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir lítilli íbúð á leigu í rvk (ekki 101), skilvisri og góðri umgengni heitið. Uppl. s: 847-0919

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570
FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116
REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR
990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma. Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

HÚS Í ORLANDO!

Einbýlishús m/3 svefn.herb. við golfvöll með sundlaug og heitum potti til leigu vegna forfalla í apríl. Uppl. s: 892-6440

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. WWW.GEYMSLUR.IS

Til sölu



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Heimilið

Barnavörur



SYSTKINA VAGN/KERRA

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Stangveiðimenn/konur athugið

Námskeið í fluguköstum hefst sunnudaginn 10. mars í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.

Kennt verður 10, 17, 24 og 31. mars.

Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.

Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.

Tökum greiðslukort.

Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm.

Verð 18.000 kr en 16.000 kr til félagsmanna.

Uppl. í s. 894 2865 Gísli. KKR, SVFR & SVH

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.

Skráning og nánari upplýsingar í sínum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:

<https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/>

<https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatnamskeid/>



FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ
SALA OG LEIGA

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



Hlaupabretti, aðeins 99.000,-

Óflug græja með 3 hp mótör.
Max hraði 16 km/klst.
Breytilegur halli allt að 15°.
Hátalarar, mp3, 12 prógröm. Hámarksþyngd notanda 130 kg.

Afgreitt alla daga.
Uppl. í síma 661-1902.

Bíldshöfða 16, bakhús.
PREKTÆKI
og LÖG

Bilvogur eh/f

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í sumaraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-
mótorhjóla og snjósleðasætum.
Húsbílakjæðningar og öll almenn
bílstrun. Við erum þekktir fyrir
fljóta og góða þjónustu.

Formbílstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 tímbrí.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðapjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok
og yfirbreiðslur á allar
tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



ÞORLÁKUR ÓMAR
EINARSSON
Frankvæðastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



STEFÁN HRAFN
STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



SARA MARÍA
KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



ERLA DRÖFN
MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



JÓHANNA ÍRIS
SIGURÐARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166



MATTHILDUR SUNNA
ÞORLÁKSSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H.
GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508



KRISTÍN
SKJALDARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 824 4031



SÆÞÓR ÓLAFSSON
Sölumaður, nemi til
lögildingar
fasteignasala
Gsm: 855-5550



ÞÓRUNN LÚJA
VILBERGSDÓTTIR
Lögfræðingur / nemi til
lög. fasteignasala
Sími 535 1000



KJARTAN ÍSAK
GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392



GEIRSGATA - HEIL HÚSEIGN



**NÁNARI
UPPLÝSINGAR
VEITIR:**

**ÞORLÁKUR ÓMAR
EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399
thorlakur@stakfell.is

TIL LEIGU GEIRSGATA 11

Húsið er 2.573,7 fm. að stærð. Fjöldi bílastæða er við húsið. Margir nýtingarmöguleikar er á húsinu. Frábær staðsetning við höfnina í miðbæ Reykjavíkur.



FANNBORG Í MIÐBÆ KÓPAVOGS

TIL LEIGU ERU TVÆR HÚSEIGNIR VIÐ FANNBORG

Húsin hýstu áður bæjarskrifstofur Kópavogs. Minna húsið Fannborg 4, er innréttað með 24-26 herbergjum á tveimur hæðum, hentar vel til skammtíma útleigu, t.d. hostel ofl. Stærra húsið er innréttað sem skrifstofur og þjónustu húsnæði á jarðhæð, getur nýst undir ýmiskonar starfsemi.



**NÁNARI
UPPLÝSINGAR
VEITIR:**

**ÞORLÁKUR ÓMAR
EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399
thorlakur@stakfell.is



GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI



„Ég hef aldrei haft eins gaman af neinu starfi. Ég get einhvern veginn hagað mínum verkefnum þannig að ég hef bara hundrað prósent áhuga á því sem ég er að gera,“ segir Ása. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Lenti í hættulegustu aðstæðunum á Íslandi

Ása Steinarsdóttir er með tvær háskólagráður og nærri 130 þúsund fylgjendur á Instagram. Hún gaf 9-5 lífið upp á bátinn og lagðist í ferðalög með myndavélina í farteskinu. Ása ruddi sér leið í karlaheimi náttúru ljósmyndunar með aðstoð samfélagsmiðla.

Ljósmyndarinn Ása Steinarsdóttir er nýkomin úr skíðaferð til Kanada, stuttu eftir að hún lenti á Íslandi var hún þotin vestur á firði. Hún er jafnan á ferð og flugi um heiminn og hefur komið til 53 landa á ferli sínum. Til jafnfjarlæggra landa og Norður-Kóreu, Óman, Havaí og Japans.

Ása er hávaxin og glaðleg í framkomu. Það má segja að henni sé ástríðan fyrir náttúru og útivist í blóð borin. Foreldrar hennar eru Steinar Guðlaugsson jarðeðlisfræðingur og Margrét Óskarsdóttir sem starfar í ferðaþjónustu.

„Pabbi hefur unnið sem jarðeðlisfræðingur allt sitt líf. Hann er núna kominn á eftirlaun og mjög sáttur við það. Mamma er frjáls í anda, hún hefur unnið árum saman í ferðabransanum og er líka golfari, hún vinnur reyndar núna fyrir Vita golf. Við erum frekar venjuleg fjölskylda, en ég er fædd í Ósló. Foreldrar mínir bjuggu í Noregi í 20 ár. Okkur leið vel þar en við fluttum hingað heim í Árbæinn í Reykjavík þegar ég var sjö ára gömul,“ segir Ása.

Tvöfaldaði launin í Noregi

Ása hélt tengslum sínum við Noreg. Þegar efnahagshrunið skall á þá var hún í menntaskóla og fór til Noregs að vinna á sumrin. „Og launin tvöföld í Noregi, það kom sér aldeilis vel,“ segir Ása og brosir breitt.

Ása hefur vitað frá unglingsaldri að ljósmyndun og útivist yrðu líf hennar og sál. „Ég var samt haldin togstreitu. Mér fannst ég þurfa að mennta mig, það voru ekki margar fyrirmyndir í sjónmáli. Ég fór í heilbrigðisverkfræði í Háskólanum í Reykjavík og fór svo að vinna hjá Icepharma að loknu námi. Eftir eitt ár fer þessi löngun að toga í mig. Ég flutti til Tyrklands þar sem ég vann sem fararstjóri. Ég bjó í Tyrklandi í um hálf tveggja árum,“ segir hún frá og segir

togstreituna aftur hafa gert vart við sig.

„Mér fannst ég þurfa að mennta mig enn meira og fór og lærði tölvunarfræði. Það er svolítið myndið að ég hafi endað á því að vera sex ár í háskóla. Og að í öll þessi ár var ljósmyndunin svona áhugamál til hliðar. Ég leit aldrei svo á að ég gæti unnið sem ljósmyndari einn daginn,“ segir Ása.

Starfsreynslan ýtti henni út í fagið. „Ég vann hjá Guide to Iceland og Arctic Adventures sem eru stór ferðaþjónustufyrirtæki. Þannig leiddist ég út í markaðsstarf. Það sem henti mér svo alveg út í djúpu laugina er þegar ég þáði starf hjá Sahara sem er stafræn markaðsstofa. Ég var annar starfsmaðurinn sem var ráðinn. Ég kom því til starfa þegar það var ótrúlega margt að gerast og ég þurfti að hlaupa í öll hlutverk. Ég þurfti að mynda daglega, alls konar tónleika, útihátíðir og viðburði. Þá rann upp fyrir mér ljós. Ég gæti gert meira.“

9-5 hentaði ekki

Ekki einungis fann Ása að hún gæti gert meira heldur kviknaði sterk þörf. Hún fann að hún þurfti á því að halda að gera miklu meira. „Ég fann að ég vildi miklu meiri fjölbreytni.“

Ég er mjög orkumikil manneskja og það hentar mér ekki að vinna í hefðbundnu starfi frá 9-5. Starfið

hjá Sahara hentaði mér vel, þar voru alltaf ný verkefni. En ég ákvað hins vegar að láta slag standa,“ segir Ása sem ákvað að starfa sjálfstætt.

„Ég hlæ stundum að því að mér finnst ég vera með þínulítið fyrirtæki í hausnum á mér. Það er svolítið myndið líka að mörgum í kringum mig finnst ég bara vera að leika mér. eru hálf hissa á því að ég sé að vinna. En þetta er mikil vinna, það er miklu meiri pressa að sækja verkefni og það sé eitthvað nýtt að koma inn. Og það veltur allt á mér sjálfri,“ segir Ása.

„Ég hef aldrei haft eins gaman af neinu starfi. Ég get einhvern veginn hagað mínum verkefnum þannig að ég hef bara hundrað prósent áhuga á því sem ég er að gera. Þetta er draumastarfið, að starfa sem ljósmyndari en líka að taka þátt í að móta fyrirtæki í markaðsstarfi þeirra. Ég er nefnilega líka með viðskiptavini sem vilja hjálpa við að markaðssetja sig á netinu og það er gefandi að ná árangri í því. Allt sjónrænt, allt sem hefur að gera með myndir og hvernig þær segja sögu eða kveikja á tilfinningu, því hef ég allra mest gaman af,“ segir Ása.

Havaí er heillandi

Vinir hennar segja henni að hún lifi stundum í gegnum linsuna. „Mér líður best þegar ég er að taka myndir. Þó að ég sé í krefjandi og stóru ljósmynda verkefni þá finnst



ÉG ER MJÖG ORKUMIKIL

MANNESKJA OG ÞAÐ HENT-

AR MÉR EKKI AÐ VINNA Í

HEFÐBUNDNU STARFI FRÁ

9-5.

mér aldrei eins og ég sé í vinnunni,“ segir hún.

Ása hefur ferðast oft og víða síðustu ár. „Ég hef farið til 53 landa, en hef farið miklu oftár út. Ég fer oft til sömu staðanna. Mér finnst Japan mjög heillandi. Það er hægt að fara á skíði í Japan og þar eru líka eldfjöll og heitar laugar. Ferðalag til Mongólíu stendur líka upp úr, svo fór ég nýlega til Havaí sem heillaði mig mjög mikið, landslagið er ekkert ólíkt Íslandi, þar eru eldfjöll, hraun og fallegar fjörur,“ segir Ása.

Rammvillt uppi á hálendi

Þó að Ása hafi verið í ótryggum aðstæðum í fjarlægum löndum hefur hún aldrei verið í raunverulegri hættu nema hér heima á Íslandi.

„Ég held að hættulegustu aðstæðurnar hafi verið hér heima á Íslandi.

Við fórum þrjú saman fyrir nokkru á jeppa upp á hálendi og ætluðum að gista í skála sem þar er. Hann er mjög einfaldur og annars líklega aðeins notaður einu sinni á ári þegar það er verið að smala. Við gistum í skálanum í eina nótt og þegar við vöknudum hafði snjóað mikið. Það var ekkert símasamband. Við þurftum að ákveða hvort við færum sömu leið til baka eða reyndum að fara hringinn. Við ákváðum að fara hringinn en veðrið versnar, það snjóar enn meira. Við vorum orðin smeyk og íhuguðum að snúa við í skálann en við vildum reyna að finna símasamband því enginn vissi nákvæmlega hvar við vorum,“ segir Ása og segir þau ekki hafa gefið neinum upp nákvæma staðsetningu.

Þau festu bilinn uppi á hálendi og voru þá orðin rammvillt. „Við festum bilinn og hann fór djúpt í snjóinn. Hann lá á maganum og við sjáum ekki einu sinni hvar vegurinn er lengur. Við erum stödd í algjörrí auðn. Snjóeyðimörk. Við reynum að grafa heillengi og ekkert gerist. Barna varð ég í alvörunni hrædd og hausinn á mér fór af stað. Hvenær myndu mamma og pabbi kalla út björgunarsveitina? Og hvað myndu þau segja? Þau vissu ekki einu sinni hvar ég var. Hausinn á mér var á fleygiferð. Og þá kemur íslenskur maður á risajeppa keyrandi,“ segir Ása.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

Þverhnipi í Himalaya

Maðurinn bjargaði þeim ofan af hálendinu og það tók langan tíma. „Þetta var ótrúleg tilviljun. Ef hann hefði ekki komið, þá hefðum við aldrei komist heim. Hann var í ferð með fjölskyldu sem þyrsti í öðruvísi ævintýri. Hann þurfti að draga okkur ellefu sinnum áður en við komumst niður af hálendinu,“ segir Ása sem býr að reynslunni ævilangt.

„Það er svo skrýtið hvernig hausinn á manni fer af stað. Fyrsta viðbragð er að ganga eitthvert í burtu. Það er eitthvað sem maður á alls ekki að gera heldur bíða. En það er svo sterk þörfin sem kviknar hjá manni að gera eitthvað, reyna eitthvað til að komast úr aðstæðunum og maður þarf að vinna gegn því,“ segir Ása.

Hún segist einnig oft hafa verið í mjög krefjandi aðstæðum í Indlandi þar sem reyndi á innri ró og jafnaðargeð. „Til dæmis í rútuferðum hátt í Himalajafjöllum þar sem er þverhnipt niður. Engin bílbelti og há tónlistin og bílstjórnin trúir bara á æðri mátt. Það er há slysatíðni og mannslíf í Indlandi eru ekki jafn mikils metin og hér heima. Maður sá slysin gerast og fólk kippir sér ekki upp við það og heldur bara áfram í sínu.“

Á vini víða um heim

Einna dýrmætast við starfið og ferðalögin sem því fylgja er vináttan og tengslanetið sem Ása hefur byggt upp um allan heim.

„Mér þykir ótrúlega vænt um vana- og tengslanetið, sem er úti um allan heim. Ég finn kannski mest fyrir því þegar ég er að ferðast því núorðið á ég vini í flestum borgum. Nýlega ferðaðist ég til Hawai og gat þá gisti hjá fjölskyldu vinkonu minnar. Þau lánuðu mér bil og pabbi hennar sem er flugmaður fór með mig í flugferðir. Það er ómetanlegt að búa að því að þekkja fólk af ólíkri menningu víða um heim. Það vikkar sjóndeildarhringinn,“ segir Ása og segist einnig eiga góðan vin í Óman sem hún hefur heimsótt tvisvar.

„Hann hefur komið fjórum sinnum til Íslands og kemur með ferskar dödlur til mín. Ég kem með íslenskt nammi til hans og hann lánar mér arabíska kjóla og klæðnað. Þetta er alveg magnað að geta þetta. Ég fæ stundum samviskubit yfir því hvað ég er lítið heima, en veit á sama tíma að mínir góðu vinir á Íslandi eru til staðar,“ segir Ása.

Vann fyrir bilarisann Audi

Ásu líður best úti í náttúrunni. Hún segist vita að hún sé ekki hefðbundin og beðin um að lýsa sér leitar hún til vinkvenna sinna. „Þær segja sko að ég sé strákur í skvísulíkama. Ég er líka sögð rótlaus, það er ef til vill augljóst. Ég fíla alls ekki mikla rútínu og þarf fjölbreytni og áskoranir,“ segir hún.

Henni hefur gengið óhemjuvel síðustu ár að byggja upp feril sinn. Henni fylgja tæplega 130 þúsund manns á Instagram og mun fleiri horfa á ljósmyndir hennar og myndskeld. Hún fær sífellt fleiri verkefni og tækifærin eru helst hjá stórum erlendum fyrirtækjum.

„Það verkefni sem ég er hvað stoltust af er þegar ég fékk að vinna fyrir bílaframleiðandann Audi í svissnesku Ölpunum. Þeir voru að kynna nýjan bíl og ég myndaði ferðalagið í gegnum Alpana á honum og fór til þriggja landa, Sviss, Austurríkis og Þýskalands. Þetta var mjög gaman,“ segir Ása.

Draumurinn að segja sögu

Framtíðardraumar Ásu eru að mynda enn meira í náttúrunni og segja sögu breytinga sem eru að verða vegna loftslags og ágangs manna.

„Áhugi minn er á náttúrljósmyndun, ég vil segja sögu með myndum mínum og vekja athygli á málefnum eins og til að mynda bráðnun iss á Suðurskautslandinu og í Ölpunum og lit upp til nokkurra ljósmyndara sem gera það nú þegar og hafa mikil áhrif,“ segir Ása sem segir mikilvægt að skrásetja



Ása og félagar hennar festu jeppann uppi á miðju hálendi. Veður versnaði og ekkert símasamband. Þeim var bjargað fyrir hreina tilviljun.



Ása nýtur þess einnig að ferðast á Íslandi.



breytingar á náttúrunni. „Heimurinn er að breytast svo mikið, ég held að besta leiðin til að vekja athygli á því sé að taka myndir. Hér á Íslandi líka, jöklnir okkar eru að breytast og bráðna. Ljósmyndarar í Noregi hafa tekið áhrifamiklar myndir af laxeldi í Noregi og sýnt fram á skadleg áhrif á villta laxastofninn. Þetta er draumurinn í augnablikinu,“ segir Ása sem segist átta sig á því að draumar geti breyst. „Kannski vil ég einn daginn bara vera á einum stað, hver veit?“ segir hún.

Karllægur bransi

Ása þurfti að hafa fyrir því að koma ár sinni vel fyrir borð í náttúrljósmyndun sem er karllægur bransi.

„Það eru ekki margar stelpur að mynda náttúruna og landslag og þetta er klárlega mjög karllægur bransi. Stór fyrirtæki sem bjóða ljósmyndunum í myndatúra bjóða oft bara strákum og körlum. Það gerði til dæmis Olympus-fyrirtækið og maður hugsar með sér, í alvöru? Það er 2019. Að það skuli enginn fatta að bjóða konum í þessar ferðir, það skil ég ekki,“ segir Ása og segir mikilvægt að skoða samhengið. Hvers vegna það séu fær stelpur og

konur sem leggja fagið fyrir sig.


Vísad á krúttlega myndavél

„Ég hef aldrei áður orðið vör við kynjamismunun nema í þessum bransa. Ég ákvað bara að verða bara betri og fá verkefni. Sanna mig. Það rann líka upp fyrir mér ljós. Þegar það hallar á konur þá skekkist allt. Þegar ég hugsa um það þá finn ég og veit að mig hefur alltaf langað til að verða ljósmyndari þótt leiðin hafi verið löng. En hvatningin og fyrirmyndirnar voru ekki til staðar. Ég velti því stundum fyrir mér hvers vegna fólk tengir þetta ekki saman og sér samhengið.

Ég get nefnt dæmi, þegar ég var að kaupa mér ljósmyndabúnað og nefni að ég þurfi alvöru búnað þá var mér vísad á krúttlega myndavél, Canon Kiss X. Þetta er ekki eina dæmið, þetta eru ótal skref og ótal krókar á leiðinni,“ segir Ása. „Og þegar maður hellir sér út í fagið þá tekur maður meira og meira eftir þessu. Þess vegna fagnaði ég því mjög að fá jafn stórt verkefni og fyrir bilarisann Audi. Það var áfangi og sýndi að ég, stelpa, get þetta. Þetta er karlavígi, það er staðreynd og það er verst þegar



Ása er nýkomin frá Kanada þar sem náttúru-fergurðin er gripandi.



**VIÐ LÆRUM HRAÐAR,
ÞETTA ER MINNI HEIMUR,
FLEIRI TÆKIFÆRI. SAM-
FÉLAGSMIDLAR SNÚAST
EKKI ALFARIÐ UM ÚT-
LITSDÝRKUN OG NEYSLU-
HYGGJU.**

stór fyrirtæki sjá þetta ekki,“ segir Ása sem segir að þannig sé erfiðara að koma á viðhorfsbreytingu. „Við erum færri, eðlilega eru fleiri karlar ráðnir þegar þeir eru svona margir. En mér finnst líka eðlilegt að vera með fáeinar stelpur í hópnum.“

Kann illa við orðið áhrifavaldur

Þó að Ása hafi nærri 130 þúsund fylgjendur á Instagram kann hún illa við orð á borð við; samfélagsmiðlastjarna og áhrifavaldur. „Orðið áhrifavaldur er svo ýkt. Áhrifavaldar hér áður fyrr voru brautryðjendur á borð við Einstein! Fólk sem hafði alvöru áhrif.

Þó að ég fái bara jákvæð viðbrögð fer ekki fram hjá mér neikvæð umræða um ungt fólk á samfélagsmiðlum, en mörg okkar eru hins vegar að byggja upp feril og atvinnu. Ég fengi ekki þau atvinnutækifæri sem mér bjóðast án samfélagsmiðla og ég gæti heldur ekki lifað þessum lífsstíl. Instagram-síðan mín er nokkurs konar ferilmappa, ég er að skapa mér ákveðna ímynd og maður þarf virkilega að hugsa og vera einbeittur í því hvað maður setur á miðilinn. Því þetta er í raun fjölmiðill og ég er meðvitund um að áhorf og lestur á minni síðu er margfaldur á við þá sem fylgja mér. Eina ljósmynd sem fær 20 þúsund læk hafa 240 þúsund manns séð.“

Þetta er framtíðin

Ríkisskattstjóri vakti nýverið athygli á því að svokallaðir áhrifavaldar hefðu skattskyldu og birti leiðbeiningar þess efnis. Undanfarið hefði stækkað sá hópur fólks sem hefur tekjur af markaðssetningu vöru og þjónustu á samfélagsmiðlum.

„Það er undarlegt að einblína sérstaklega á það að áhrifavaldar hafi skattskyldu. Að sjálfsögðu bera allir sem hafa tekjur skattskyldu. Að taka út eina starfsgrein finnst mér skrýtin umræða. Ég er bara með minn endurskoðanda eins og flestir sem taka reksturinn alvarlega,“ segir Ása og segist stundum finna að lítið sé gert úr framtaki ungs fólks.

„Það er ýjað að því að þetta sé allt á gráu svæði. En það er það ekki. Þetta er svolítið framtíðin. Svar fólks við því að það skortir fjölbreytni og vettvang. Það er svo mikið af ungu fólki sem er að gera góða hluti og er líka hvetjandi fyrir annað ungt fólk. Flottar fyrirmyndir. Við lærum hraðar, þetta er minni heimur, fleiri tækifæri. Samfélagsmiðlar snúast ekki alfarið um útlitsdýrkun og neysluhyggju. Ég man þegar ég byrjaði á Instagram, það var af einni ástæðu. Til að fylgja ljósmyndaranum Paul Nicklen. Hann sérhæfir sig í að mynda náttúruna og gerir það af einstakri ástríðu. Á bak við myndirnar er mikil vinna og stundum fylgja sögurnar með. Þetta er komið til að vera og sérstaklega hjá þeim sem eru í þessu af lífi og sál.“

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Myndir úr ferðalögum Ásu eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.


Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

+PLÚS



Myndir Ásu

Ása hefur ferðast til ótal staða sem fáir hafa tækifæri til. Draumurinn er að geta einbeitt sér í meira mæli að náttúrulífsmyndum. Og fanga þær breytingar sem eru að verða í náttúru heimsins vegna ágangs mannsins.




ÁSA HEFUR FERÐAST TIL
53 LANDA.

INSTAGRAM: @ASA

STEINARS

HÚN BYRJADI Á INSTA-
GRAM TIL AÐ FYLGJA

ÁTRÚNAÐARGOÐI SÍNU
PAUL NICKLEN.



Njóttu þess að hlakka til

vita

Afbragðs þjónusta
og frábær verð

Ferðir fyrir Gott fólk 60+

Benidorm með Lilju Jóns

Ferðir fyrir fólk á besta aldri. Lilja skemmtanastjóri mun halda uppi fjörinu og sjá um fjölbreytta og áhugaverða dagskrá sem allir geta tekið þátt í. Fastir liðir eins og minigolf, spilavist, skemmtikvöld og gönguferðir. Komdu með í haustsólina á frábæru verði.

Melia Benidorm ★★★★★




Brottfarir 10., 17. og 24. sept.

Verð á mann í tvær vikur
frá **179.900** kr.

Verð á mann í þrjár vikur
frá **219.900** kr.

Miðað við tvo fullorðna í tvíþýli með hálfu
fæði og 1/2 vínflösku með kvöldmat

Skemmtanastjóri:
Lilja Jónsdóttir



Fjöldi annarra ferða fram undan á árinu. Nánari upplýsingar á VITA.is

HAUSTSÓLIN Á BENIDORM

4.-17. október 2019

EGYPTALAND



Fararstjóri:
Sr. Þórhallur Heimisson

September til nóvember

KANARÍ



6.-22. september 2019

MIDJARÐARHAFIÐ



Fararstjórar: Svanhildur
Davíðsdóttir og Karl Rafnsson

TÍMAMÓT

Merkisatburðir



Fiðluleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands 1976.

1950 Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói og telst hún stofnuð þennan dag.

1957 Jarðskjálfti af stærðargráðunni 9,1 verður á Aleútseyjum.

1986 Kafarar Bandaríkjaflota finna stjórnklefa geimskutlunnar Challenger, sem fórst eftir sjötíu og þriggja sekúndna flug árið 1983, og lík geimfaranna sjó sem lögðu upp með henni.

1987 Plata U2, The Joshua Tree, kemur út.

1989 Sovétríkin gangast undir lögsögu Alþjóðadómstólsins.

1990 Lögregla lokar af hverfið Brixton í Suður-London eftir mótmælaöldu vegna nýs nefskatts.

1991 Tugþúsundir mótmæla stjórn Slobodan Milosevic í Belgrad.

1992 Alþýðulýðveldið Kína undirritar samning um að dreifa ekki kjarnavopnum.

2007 Byggingu nýs Wembley-leikvangs lýkur í London.



„Ég reyndi að fanga eitthvað hversdagslegt,“ segir Guðmundur um landslagsmyndir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Form sem fáir gefa gaum

Aflagðir lýsisgeymar og landslag sem fáir veita athygli eru myndefni Guðmundar Ingólfssonar ljósmyndara á sýningu sem hann opnar á torginu í Neskirkju á morgun.

Ég er meðal annars með myndir sem ég tók inni í lýsisgeymum á árunum 1993 til 2000. Mér finnst þeir vera spennandi innrými og stórmerkileg mannvirki, uppfundin á Íslandi og byggð úr steinsteypu,“ segir Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari sem opnar sýningu á torginu í Neskirkju við Hagatorg á morgun. Hann segir formin í myndunum hafa orðið til með ljósinu í tönkunum sem borist hafi inn um op ofan á þeim eða affallsrör. Spurður hvort eimt hafi eftir af lýsislykt í tönkunum svarar hann: „Allt lýsi og öll lykt var farin en sums staðar þurfti maður stígvél til að komast um. Þarna sigldu menn um lýsið á prömmum áður fyrr, það hefur nú ekki verið geðslegt.“

Geyrnarnir voru við síldarverksmiðjurnar, að sögn Guðmundar. „Þær frægustu voru á norðanverðu landinu, við Húnaflóann, á Ströndum og við Eyjafjörðinn, sums staðar eru þær nýttar enn, svo sem á Hjalteyri. Þetta eru myndir sem ég sýndi í Noregi fyrir fjórtán árum og tek bara fram núna.“

Guðmundur sýnir líka nýjar myndir á torgi Neskirkju, þar er þemað allt annað og því lýsir hann svo: „Til Íslands koma þúsundir ferðamanna yfir árið eingöngu til að taka ljósmyndir, vetur



Tilkomumikið rými í einum tanknum. MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

Allt lýsi og öll lykt var farin en sums staðar þurfti maður stígvél til að komast um. Þarna sigldu menn um lýsið á prömmum áður fyrr.

sumar, vor og haust. Margir stoppa stutt og mynda það sama, Kirkjufell, Skógafoss, norðurljós, hesta og Jökulsárlón. Ég fór um Suður- og Vesturland og reyndi að fanga eitthvað hversdagslegt sem flestir keyra fram hjá á hverjum degi án þess að gefa gaum. Það ætla ég að sýna núna.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, amma og langamma, **Salgerður Sveina Marteinsdóttir**

er látin. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd vandamanna, **Kristinn Sigurðsson**

Mergættir, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta

Farsími 821 5353

Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Ellert Ingason, umsjón sálmaskrár

Útfararþjónusta & lögræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbúskiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Borghildur Thors**

þroskaþjálfari,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 1. mars. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 11. mars kl. 13.00.

Hilmar Oddsson
Elisabet Á. Oddsdóttir
Hera Hilmarsdóttir
Oddur Sigþór Hilmarsson
Oddur Ómarsson
Arnar Ómarsson

Guðlaug M. Jakobsdóttir
Ómar Jóhannsson
Sam Keeley



Elskuleg eiginkona mín, móðir, dóttir, tengdadóttir og systir, **Arndís Jónasdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, þann 4. mars síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 13. mars kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans.

Brynjar Þór Gestsson
Jónas Bjarki Brynjarsson
Jónas Sigurðsson
Hrefna Guðmundsdóttir
Gunnar Eyjólfsson

og systkini.



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETABLADID.IS



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Guðfinna Friðbjörnsdóttir
lést á heimili sínu 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju
fimmtudaginn 14. mars kl. 15.00.

Friðbjörn R. Ægisson
Guðrún Inga Ægisdóttir
Margrét Björk Ómarsdóttir
Birkir Steinn Ómarsson
Hallfríður Friðbjörnsdóttir

Anja Kokschka
Bjarki Ólafsson
Katrín Stella Jóninudóttir
barnabörn og fjölskylda.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, og langamma,
Sigríður Helgadóttir
sem lést á Grund, þann 1. mars 2019
verður jarðsett í Bústaðakirkju,
föstudaginn 15. mars kl. 13.00

Einar Sindrason
Heimir Sindrason
Sigurjón Helgi Sindrason
Sindri Sindrason
Yngvi Sindrason

Kristín Árnadóttir
Anna Lovísa Tryggvadóttir
Helga Garðarsdóttir
Kristbjörg Sigurðardóttir
Vilborg Ámundadóttir
barnabörn, og barna-barnabörn



Elskuleg systir okkar,
Ása Eiríksdóttir
Sigurhæð 12, Garðabæ,
lést 24. febrúar. Útförin hefur farið
fram í kyrrþey.

Stína, Guðný, Hanna, Gylfi og Leifur Eiríksbörn
og fjölskyldur.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og
útför elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,
Erlu Jóhannsdóttir.

Hallfríður Ólafsdóttir
Heimir Ólafsson
Anna Ólafsdóttir

Jón Frimann Ágústsson
Kristín Jónsdóttir
Páll Hermannsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför

Lúðvíks Davíðssonar
frá Neskaupstað.

Sérstakar þakkir fær
starfsfólk hjúkrunardeildar
Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað
fyrir góðan stuðning og elskulega umönnun.

Anna Björnsdóttir
Björn Lúðvíksson
Finnur Lúðvíksson
og fjölskyldur.

Viltu birta minningargrein á frettablaðið.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Laxabakki þjóðargersemi

Málþing verður haldið í dag í sýningarskála Íslenska bæjarins að Austur-Meðalholtum
í Flóa. Það fjallar um verndun og nýtingu Laxabakka við Sog.

Það var Ósvald Knudsen kvikmyndagerðarmaður sem reisti húsið að Laxabakka við Sog af listfengi og alúð árið 1942. Það er samdóma álit flestra sem til þekkja að það sé byggingarsöguleg perla og hreint menningar-hryðjuverk ef það er látið glatast," segir Hannes Lárusson, sem stendur fyrir málþingi um verndun Laxabakka sem hefst klukkan 13 í dag að Austur-Meðalholtum í Flóa.

Hannes er þekktur fyrir að leggja rækt við torfbæjararfleifðina og kveðst hafa fest kaup á Laxabakka í trausti þess að hann gæti bjargað honum en deilur við nágranna valdi því að húsið sé að verða eyðileggingu að bráð. „Laxabakki er þjóðargersemi og við erum tilbúin með áætlun um að laga hann og byggja svæðið upp. Það útheimtir fyrst og fremst kunnáttu, við höfum hana og erum tilbúin að leggja hana fram fyrir ekki neitt," segir hann og bætir við að þegar hinn heimsfrægi finnski arkitekt Alvar Aalto hafi komið til landsins til að vera við opnun Norræna hússins 1969 hafi



Laxabakki meðan hann var í eigu Ósvalds Knudsen kvikmyndagerðarmanns.



Núverandi ástand bæjarins er ekki gott eins og sjá má á þessari mynd.

hann heimsótt Laxabakka og látið þau orð falla að það væri fallegasta hús sem hann hefði séð á Íslandi. „Húsið er raunverulega að hrynja og Minjastofnun

hefur heldur ekkert getað aðhafst, þrátt fyrir mikinn áhuga.“

Hannes segir ýmsa sérfræðinga landsins innan byggingarlistar, handverks,

„Húsið er raunverulega að hrynja og Minjastofnun hefur heldur ekkert getað aðhafst, þrátt fyrir mikinn áhuga.“

Hannes Lárusson



náttúru- og minjaverndar verða með erindi á málþinginu í dag, myndir verði sýndar af húsinu og svæðinu og Eyjólfur Eyjólfsson söngvari muni flytja lagið Sveitin milli sanda, eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, enda hafi sú perla verið samin að frumkvæði Ósvalds Knudsen, upphaflegs hönnuðar og eiganda Laxabakka. „Ég vona að þetta málþing verði til þess að Laxabakka verði bjargað," segir Hannes. „Það má ekki tæpara standa.“

gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Guðrún Valgarðsdóttir
lést sunnudaginn 24. febrúar
á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hún verður
jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 15. mars kl. 13.00.

Helga Hjaltadóttir
Guðbjörg Þóra Hjaltadóttir
Anna María Hjaltadóttir
Valgerður Ósk Hjaltadóttir
Karsten Bjarne Jacobsen
Óskar Bjarnason
Svavar Páll Sigurjónsson
Ingólfur Gislason
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Vilborg Benediktsdóttir
geislafræðingur, Akraseli 15,
lést á Droplaugarstöðum föstudaginn
22. febrúar. Jarðarförin fer fram á
88. afmælisdegi hennar þriðjudaginn
12. mars í Fossvogskirkju kl. 15.00.

Anna Jóna Halldórsdóttir
Guðlaug Halldórsdóttir
Jón Sigurður Halldórsson
Magnea Skjalddal Halldórsd.
Daniel Danielsson
Ingimar Ólafsson
Stefán Ari Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,
Stefanía Guðmundsdóttir
Hallskoti, Fljótshlíð,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Kirkjuhvoli miðvikudaginn 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Hlíðarendakirkju
laugardaginn 16. mars klukkan 14.

Júlia Adolfsdóttir
Elisa Adolfsdóttir
Brynjólfur Tómasson
Einar Eiríksson
Ásmundur Eiríksson
Kolbeinn Guðmannsson
Hólmfríður Ásmundsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Trausti Breiðfjörð Magnússon

fyrirverandi vitavörður á Sauðanesi
við Siglufjörð,

andaðist að morgni fimmtudags 7. mars sl. á Hrafnistu
í Reykjavík. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hulda Jónsdóttir
Bragi Kristinsson
Margrét Traustadóttir
Magnús Hannibal Traustason
Vilborg Traustadóttir
Jón Trausti Traustason
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Brahms Bruckner Mendelssohn

RÓMANTÍSK KÓR-
OG ORGELTÓNLIST

SUNNUDAGINN 10. MARS KL. 17
í HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju flytur rómantíska kórtónlist eftir Bruckner, Mendelssohn, Brahms o.fl. Mjög falleg efnisskrá í samspili kórs og orgels ásamt einsöng Ástu Marýjar Stefánsdóttur sóprans sem vann fyrstu verðlaun í söngkeppninni Vox Domini 2018.

MIÐAVERÐ:
3.900 KR. / 2.500 KR.

Miðasala í Hallgrímskirkju, opnunartímar eru kl. 9:00-17:00, og á midi.is



FLYTJENDUR:

Mótettukór Hallgrímskirkju

Ásta Marý Stefánsdóttir, *sópran*


Björn Steinar Sólbergsson, *organisti*
í Hallgrímskirkju

Stjórnandi: Hörður Áskelsson,
listrænn stjórnandi Hallgrímskirkju


LISTVINAFAÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
37. STARFSÁR

listvinafelag.is, motettukor.is

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var VÍNVEITINGAHÚS



LAUSNARORD: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast óbrotgjarn listaverk úr íslenskri tónlistarsögu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. mars á krossgata@frettabladid.is merkt „8. mars“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Heklugjá** eftir **Ófeig Sigurðsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Herdís Tegeder, 900 Vestmannaeyjar**.

Facebook-síðunni **Krossgatan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 8 Ætli gamla Sambandið rækti enn hampinn í þessu stöffi? (6)
- 11 Leyfið Cindy að flytja þetta stykki í húsið sitt (13)
- 12 Fann alveg stórgóða risa-lund í öllu róðaríni (8)
- 13 Lukkuna sem ég fékk til afnota mátti ég greiða margfalda til baka (9)
- 14 Hitti íshröfnunginn góða; sjálfa vepjuna (12)
- 15 Ræði aðeins við höfðingja að fólksfjöldi sé nægur (9)
- 16 Hávaðinn frá erlendu vísindastofnuninni yfirgnæfir hrútaskurðinn (9)
- 17 Úti á nesi eru háhýsi, í þeim búa stúlkurnar smáu (8)

- 19 Þessi brúða mun vofa yfir mér um ókomna tíð (4)
- 21 Rógur svo erfiðra þunga-vigtarmanna reynir á (9)
- 22 Þú segir angan alla úti? Skáld-sagan er þó enn hér (8)
- 25 Pípa þessa klunna hentar helst vatnsormi (6)
- 28 Lægðamyndun afmyndar sandgil (7)
- 32 Leggja þá fram sem skutlað var í hús (8)
- 34 Fel stöng undir verðmætum en smáum hjörtum (7)
- 35 Fals mun ríða gegnum grim-una (7)
- 36 Fóstbræður flétta taug sem tengir þá við sína söngva-sveit (8)
- 37 Óðlast önd mín ró ef hún er

- alltaf að gefa eitthvað? (7)
- 38 Hvað er þessi ímam að rugla leikna klerka? (6)
- 39 Fylgi hryggjarlínunum í húsagörðunum (10)
- 40 Leita skjalfestra heimilda um bók um alla nema mig (7)
- 43 Fundvísar á sundurskorinn skarna (6)
- 44 Togtónn þessara veidarfæra er auðþekktur (8)
- 45 Hitti Áka ef ofsinn ber mig ekki ofurlíði (7)
- 46 Hef aðkomu að ónákvæmum en ásættanlegum útreikn-ingum (6)
- 47 Aftur verður réttað innan nokkurra ára vegna endur-tekinnna tilmæla (9)
- 48 Jóhannes verður hreinni eftir

buslið í Jórdan (7)

LÓÐRÉTT

- 1 Æ, hvað ég vildi að moli hætti að molna, eins og þessi trausti (10)
- 2 Sýð seyði af þar til gerðum grösum (10)
- 3 Skjall dugar skammt en róg-málmsleggjur ráða (10)
- 4 Læt lifvörðinn líka passa heimili mitt (10)
- 5 Tökum orðið „verkstæði“ – þar er stafurinn S miðpunktur-inn. En verkstæðið sjálft? (7)
- 6 Tími campanulu mælist MMMDCs (11)
- 7 Hér leita ég að lausn sem dást má að (11)
- 8 Fæ prik fyrir beinar og bók-

staflegar tilvitnanir (10)

- 9 Albatrosi sem rekur margar nektarbúllur – hvað er það? (10)
- 10 Ginni LÍN einhvernvegin ef ermastálið sundrast (8)
- 18 Dilar NN enn um slitrótt svæði meðfram stórfljóti? (7)
- 20 Þegar ég vísa til helstu galla á ég auðvitað við jarla og greifynjur (9)
- 23 Sú frægasta er við LA, en nafni hennar er á 30 lóðrétt (11)
- 24 Starfsemi stúdentaheimil-anna má líkja við fram-leiðslu iðnaðarhervanna (11)
- 26 Boða hreyfingu, einkum á

sjó (7)

- 27 Ég á traust þeirra víst þótt guðstrú skorti (7)
- 29 Þetta simkerfi treystir á net-tengd tól (7)
- 30 Mæla fyrir um hitting við Höfða, þar sem 23 lóðrétt endar (10)
- 31 Ringlaður, gugginn og grár safnar liði vegna stulds á haugfé (10)
- 33 Víst var liðið saurlíft, en þrútnaði þó (9)
- 38 Á eftir að vaða í þessa ákveðnu anda einhvern daginn (6)
- 41 Skilst að hér séu ummerki um árás (5)
- 42 Svona þulur hljóma eins aftur á bak og áfram (5)

LÉTT

	4			2	8		6	1
							2	5
9		3					7	8
7				8	2			6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4			9	
1								
	3	6		1				

MIDLUNGS

5			3	7				8
4			5	8	9			
		2	1					
	4			9			1	
9			2	1			6	
1	5			8	7			
		9		4				7
				6	1		3	
		6				9		

ÞUNG

6			7	5				
					8			1
					3			
	9			7		2	8	
2	6		4					
8			2				3	
			3			7		5
4		1	6				9	
		6		9		1		

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Jóhann Óli Eiddsson (Hrókum alls fagnaðar) átti leik gegn Erlingi Frey Jenssyni (Skákkfélagi Selfoss og nágrennis) á Íslandsmóti skákkfélaga.

23. Dh7+! Hxh7 24. Hxh7+ Kf8 25. Hh8+ Kg7 26. Hxb8! Dxf6? (26...Dc5 dugar ekki vegna 27. Hg8+ Kh6 28. Hh8+ Kg7 29. Hh7+ Kf8 30. Rxd7+. Eftir 26...Bc8! eða 26...Be8 getur svartur varist með 27...Da7 og hvítur á ekkert betra en jafntefli með þraskák.) **27. exf6+ Kxf6 28. Kd2 1-0.** www.skak.is: HM landsliða í gangi.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

7	1	3	9	2	5	8	6	4
2	6	5	7	4	8	3	9	1
8	9	4	3	6	1	5	7	2
9	4	6	5	7	3	1	2	8
5	2	8	1	9	6	4	3	7
1	3	7	2	8	4	9	5	6
6	5	9	8	1	7	2	4	3
3	7	1	4	5	2	6	8	9
4	8	2	6	3	9	7	1	5

6	2	4	7	8	1	3	9	5
5	7	8	3	9	2	1	4	6
3	9	1	5	4	6	7	2	8
7	3	6	4	1	9	5	8	2
8	1	9	2	3	5	4	6	7
2	4	5	6	7	8	9	3	1
4	5	7	8	6	3	2	1	9
9	6	3	1	2	7	8	5	4
1	8	2	9	5	4	6	7	3

6	9	3	2	7	4	8	1	5
8	7	5	3	9	1	6	2	4
1	2	4	5	6	8	3	7	9
5	8	6	7	2	3	9	4	1
9	3	1	6	4	5	7	8	2
2	4	7	8	1	9	5	6	3
7	6	9	4	3	2	1	5	8
3	5	2	1	8	7	4	9	6
4	1	8	9	5	6	2	3	7


Bridge Ísak Örn Sigurðsson MIKIL SKIPTING

Harpa Fold Ingólfsdóttir og Vignir Hauksson fögnuðu sigri í Íslandsmótinu í paratvímenni sem fram fór um síðustu helgi. Þau náðu efsta sætinu á lokasprennum, en Rosemary Shaw og Ómar Olgeirsson (sem höfðu leitt meginhluta mótsins) urðu að sætta sig við annað sætið. Ómar hefur oft þurft að sætta sig við annað sætið. Hefur tvisvar endað í öðru sæti á Íslandsmótinu í tvímenni og tvisvar í Deildakeppninni. Ómar endaði einnig í öðru sæti í parakeppni 2017.

Lokastaða efstu para varð þannig að Harpa Fold og Vignir enduðu með 57,7% skor, Rosemary og Ómar voru með 57,5%, Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Gísli Þorvaldsson fengu 57,4%, Ólöf Ingvarsdóttir og Gunnlaugur Karlsson enduðu með 55,7% skor og Anna Guðlaug Nielsen og Sigurður Páll Steindórs-son fengu 55,1% skor. Mörg spilín í keppninni voru með ansi hressilega skiptingu og eitt þeirra er þetta sem kom fyrir í 17. umferð mótsins. Vestur var gjafari og allir á hættu:

<p>Norður</p> <p>♠ 10986543</p> <p>♥ -</p> <p>♦ 109543</p> <p>♣ Á</p>	<p>Vestur</p> <p>♠ KD</p> <p>♥ K5</p> <p>♦ ÁD872</p> <p>♣ 8765</p>	<p>Austur</p> <p>♠ Á</p> <p>♥ ÁDG1093</p> <p>♦ KG6</p> <p>♣ DG10</p>	<p>Suður</p> <p>♠ G72</p> <p>♥ 87642</p> <p>♦ -</p> <p>♣ K9432</p>
--	---	---	---

Punktarnir eru í miklum meirihluta hjá AV, en skipting spilanna hjá NS er hagstæð og meiri en hjá AV. Á rúmlega helmingi borðanna voru spiluð 6 hjörtu á AV hendurnar, þó að það vanti bæði ÁK í laufinu. Stiflan í laufinu gerði það hins vegar að verki að sá samningur fékk að standa í öllum tilfellum. Rosemary og Ómar fengu gott skor í þessu spili (sátu NS) þar sem samningurinn var 7 tiglir doblaðir og 500 stig í dálk NS (fyrir 2 niður). Tveir sagnhaf-anna fengu hins vegar 790 fyrir 4 spaða spilaða doblaða og slétt staðna í NS. Annað þeirra para voru sigurveg-arnir Harpa Fold og Vignir.



1990.-



990.-



1990.-

BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli
SÍÐASTA HELGIN!

ÓPIÐ
 KL. 10 – 21
 ÖLL KVÖLD

LÝKUR 10. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL · DÚSUNDIR TITLA



3480.-



1990.-



1490.-



1490.-




490.-



1990.-



1699.-




2499.-

KRAKKAR

Konráð ³⁴³ og félagar á ferð og flugi

„Eldspýtnapraut!“ hrópaði Lísaloppa. „Mér finnst þær svo skemmtilegar.“ Kata leit óhýru auga á Róbert og sagði með þjósti. „Jæja Róbert, ert þú ekki snillingur í eldspýtnaprautum eins og öllu öðru.“ Róbert snéri upp á sig og setti upp snúð. „Ég leggst ekki svo lágt að reyna að leysa svona barnalegar prautil.“ Kata glotti. „Við Lísaloppa leysum hana þá bara í huganum og þegar við erum búnar að því, mátt þú segja okkur lausnina.“ sagði hún ismeygilega. „Ertu ekki sammála Lísaloppa?“ „Jú, jú,“ sagði Lísaloppa annars hugar, því hún var að lesa leiðbeiningarnar fyrir prautilina.



Getur þú hjálpað þeim að leysa þessa prautil?

„Leiðbeiningarnar segja,“ sagði Lísaloppa, „færðu til þrjár eldspýtur þannig að fiskurinn fari að synda í hina áttina.“



Spurningar og svör

1. Bakkabræður voru þrír. Einn hét Gísli, annar Helgi, en hvað hét sá þriðji?
2. Hvort er nafnið Salín nafn á konu eða karli?
3. Í sögunni um litlu stúlkuna með eldspýturnar eftir H.C. Andersen segir frá fátækri stelpu sem selur eldspýtur en salan er treg. Stelpan þorir ekki heim vegna þess að þá verður hún barin. Hvernig fer fyrir stúlkunni í lok sögunnar?
4. Hvað segir kurteist og vel upp alið fólk þegar einhver hnerrar?
5. Ísland er í Evrópu en í hvaða heimsálfu er Indland?
6. Geta giraffar þrifið á sér eyrun með tungunni?

(Úr spilinu Spurt að leikslokum fyrir 7-12 ára.)



Svör: 1. Eiríkur, 2. Konu (En Stálin er nafn á frægum karli), 3. Hún deyir (frýs í heli í vetrarkladdnum), 4. Guð hjálpi þér. (Það eru hins vegar ekki til neinrar reglur um hvað á að segja þegar einhver þrumpar), 5. Asíu, 6. Já, og fara lítt með það.

Hver ert þú?

Í Kringlunni voru margir kynlegir karakterar síðasta miðvikudag.



Hver ert þú? Ég er hermaður.

Af hverju? Af því mér finnst þeir flottir.

Ertu að fara í stríð? Nei, ég hef bara vopn með mér til vonar og vara.




Hver ert þú og hvað ertu að gera? Ég er Mína mús og er að sníkja nammi með vinkonu minni.

Nú, ég vissi ekki að Mína væri nammigrís. Jú, hún er nammigrís en hún gefur líka með sér.



Hver ert þú? Rautt M&M

Auðvitað. Ég sé það núna. Er hin systkini þín úr M&M pokanum hérna líka? Nei, það held ég ekki. Ég er sú eina hér eins og er.



Hver ert þú? Ég er Greg úr þáttunum Over the Garden Wall. Stjúpbróðir minn, Wirt, er hérna líka. Við týndumst og erum að reyna að finna leiðina aftur heim. Á meðan söfnum við nammi.

Þið verðið náttúrlega að hafa eitthvað að maula til að draga fram lífið. Já, algerlega.



Hver ertu? Ég er trúður á óskudegi.

Hvað gerir þú sem trúður? Ja, trúðar eru aðallega að skemmta fólk.

Ertu búinn að skemmta mörgum? Nei, ekki enn þá. Ég er mest í nammisöfnun.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hver ert þú? Ég er Havaikarl.

Nú. Þú ert sem sagt frá Havai. Hvernig er að búa þar? Maður er svolítið sólbrenndur.

Reykirðu vindla? Já, mjög mikið. Svo er fullt af sælgæti þar.



Fleiri myndir frá öskudegi

Ljósmyndarar Fréttablaðsins, Anton Brink og Stefán Karlsson voru á ferðinni í Smáralind og Kringlunni á öskudag.



SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar
mæla með
GUM
tannvörum

Mundir þú eftir að
bursta og skola í
morgun?

Fæst í næsta
apóteki og helstu
stórmörkuðum



ARTASAN
www.artasan.is

AÐALFUNDUR

Spoex, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga boða til aðalfundar þriðjudaginn 19. mars næstkomandi kl. 17:15-19:00.

Fundurinn verður haldinn í Víkingasal 6 á Hótel Natura Reykjavík.

Hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. lögum Spoex:

- Skýrsla formanns
- Stjórnarkjör
- Formannskjör

Sjá nánar á
www.spoex.is

SPOEX
SAMTÖK PSORIASIS-
OG EXEMSJÚKLINGA

Vertu með í
lestrarátaki
Forlagsins



Lestu, merktu við og þegar allt blaðið er útfyllt skilaðu því þá til okkar í Bókabúð Forlagsins að Fiskislóð 39 í síðasta lagi 12. apríl.

- 1. Lestu draugasögu
- 2. Lestu bók um ípróttir
- 3. Lestu bók sem gerist í öðru landi
- 4. Lestu bók eftir höfund sem þú hefur ekki lesið áður
- 5. Lestu bók sem gerist í gamla daga

Allir þátttakendur fá bókarverðlaun við skil en fimm heppnir fá auk þess páskaegg og glænýja bók sem er enn leyndarmál og má ekki segja frá en hún er eftir þekktan íslenskan höfund! 😊 Þessir fimm krakkar verða dregnir út rétt fyrir páska.



Nafn: _____
Aldur: _____
Heimilisfang: _____
Símanúmer: _____


LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opíð alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur

Reykjavík



Ísafjörður




Akureyri



Egilsstaðir



Kirkjubæjarkl



Hveravellir



Austlæg eða breytileg átt, víða 5-13 m/s. Víða él, einkum við ströndina, en þurr um landið norðvestanvert. Dregur úr frosti.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík 	 0 6 °C ←	 2 5 °C ←	 3 3 °C ↘	 2 3 °C ↗	 2 8 °C ↗
Ísafjörður 	 -4 5 °C ↑	 -4 2 °C ↖	 -1 4 °C ↙	 -1 3 °C ↖	 -2 3 °C ↖
Akureyri 	 1 2 °C ↑	 -9 1 °C ↑	 -2 2 °C ↙	 -5 1 °C ↑	 -4 1 °C ↖
Egilsstaðir 	 2 7 °C ↖	 -2 1 °C ↙	 0 7 °C ↙	 -1 1 °C ↓	 0 4 °C ↖
Kirkjubæjarklaustur 	 0 2 °C ↙	 3 4 °C ↙	 5 4 °C ↙	 3 4 °C ↖	 3 7 °C ↖
Hveravellir 	 -7 7 °C ↗	 -5 2 °C ↘	 -1 8 °C ↙	 -3 6 °C ↑	 -2 10 °C ↑

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11-17

Fedasz Dental Hungary

your specialist in dental tourism

Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!
0036 70 942 9573
info@fedaszdental.hu



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni


FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Sex

miklu betri not fyrir herðatré

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR



GODIVA®
Belgium 1926

Kannski er ég bara orðinn svona forhertur

Nýtt leikrit eftir Jón Gnarr, Súper, fer senn á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu. Hann vinnur að handriti að sjónvarpsþáttum sem eru byggðir á sögu foreldra hans.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Nú er vika í að Súper – þar sem kjöt snýst um fólk, nýtt leikrit eftir Jón Gnarr verði frumsýnt í Þjóðleikhúsinu. „Leikritið gerist í súpermarkaði sem heitir Súper. Þar hittist fólk og ræðir sin hjartans mál. Þetta er absúrd leikrit sem fjallar um leitina að lifsfullnægju sem er svo gjarnan í gegnum neyslu og einn-

ig um sjálfið, það hver við erum,“ segir Jón Gnarr.

Benedikt Erlingsson er leikstjóri sýningarinnar. „Við Benni erum náfrændur, æskuvinir, og höfum unnið saman síðan við vorum í Fóstbræðrum í gamla daga. Það er þægilegt að vinna með fólki sem maður skilur og skilur mann. Maður þarf þá ekki að vera stöðugt á fyrstu blaðsíðu að útskýra allt. Mér finnst alltaf gott ef fólk finnst það ekki þurfa að útskýra grínið mitt. Um leið og farið er að útskýra grín mitt þá deyr það. Þetta veit Benni.

Ég skrifaði þetta verk þannig að mögulegt væri að vinna það áfram með leikstjóra, leikurum og tæknifólki. Það hefur gengið frábærlega.“

Skemmtilegra að vera listamaður en stjórnmálamaður

Ert þú sem listamaður einhvern tímann kvíðinn yfir viðtökum eða ertu mjög sjálföruggur í því sem þú gerir?

„Ég er yfirleitt sjálföruggur. Ég er að gera mitt og veit um leið að það er ekki allra. Ég veit einnig að það er ekki fullkomid. Gagnrýni stuðar mig bara þegar misskilningur er í gangi. Gagnrýnandi skrifaði til dæmis að bækurnar mínar

væru greinilega undir áhrifum frá hinum norska Karl Ove Knausgård en ég skrifaði fyrstu bókina mína löngu áður en hann skrifaði sína, Min Kamp. Þannig að þessi fullyrðing er bara ekki rétt.

Súper er annað leikritið sem ég skrifa í fullri lengd fyrir svið. Hitt var Hótel Volkswagen sem var sýnt tíu sinnum eða svo. Auðvitað fannst mér það leiðinlegt, ég hefði viljað að fleiri hefðu séð það. Núna er ég orðinn nokkuð ónæmur fyrir gagnrýni, kannski er ég bara orðinn svona forhertur.“

Heldurðu að pólitikin hafi hert þig eitthvað?

„Já, hún gerði það. Ég var ekki bara umdeildur sem grínisti eða listamaður, ég var allt í einu orðinn umdeild persóna og fólk fór að hafa miklar skoðanir á mér. Þegar ég var borgarstjóri upplifði ég að valdamiklu fólki í íslensku samfélagi stæði stuggur af mér og vildi umfram allt þagga niður í mér. Mér fannst það nokkuð óhuggulegt. Það er miklu skemmtilegra að vera listamaður en stjórnmálamaður.“

Allt er pólitik

Finnst þér þú sem listamaður eiga eitthvert pólitískt erindi?

„Fyrir mér er allt pólitik, hún er

ÉG ER YFIRLEITT SJÁLFSÖRUGGUR. ÉG ER AÐ GERA MITT OG VEIT UM LEIÐ AÐ ÞAÐ ER EKKI ALLRA. ÉG VEIT EINNIG AÐ ÞAÐ ER EKKI FULLKOMID.

miklu umfangsmeiri en við gerum okkur grein fyrir. Ég trúi á frjálslyndi og jafnrétti allra en flokkspólitik höfðar ekki til mín. Mér finnst þessi vinstri-hægri pólitik sem hefur fest sig í sessi hérna vera mjög þreytandi. Hún snýst líka kannski meira um fólk en málefni.

Ég hef oft sagt það og get endurtekið það núna að ég vil framgang allra flokka sem mestan. Ég vil að flokkarnir komi góðu og frambærilegu fólki til áhrifa. Þannig að fólk komi sitt úr hverri áttinni og geti unnið saman fyrir alla. Það er lýðræði.

Sá stjórnmálamaður sem ég er hrifnastur af í augnablikinu er

Lilja Alfreðsdóttir. Ég hugsaði í byrjun: Æ, Framsóknarkona, dóttir Alfreðs... En svo hefur hún komið mér verulega á óvart.“

Hvernig líst þér sem fyrrverandi borgarstjóra á ástandið í Ráðhúsinu þar sem eru tvær fylkingar sem geta ekki náð samkomulagi um nokkurn hlut? Varla er það góð pólitik.

„Þetta er ömurlegt og sama ástand á líka við um Alþingi. Við erum á margan hátt í vítahring sem fólk á svo erfitt með að komast út úr því ef það er ekki inni í hringnum þá er það ekki með. Ég sé ekki hvernig því verður breytt. Mér fannst ég og Besti flokkurinn koma með eitthvað nýtt inn í íslenska pólitik, en það er mjög þreytandi og mikil erfiðisvinna að halda einhverju nýju á lofti því það vill það enginn. Maður þarf stöðugt að vera að sanna sig og er því alltaf á fyrstu blaðsíðu.

Núna finn ég mikið til með embættismönnum borgarinnar. Fólk sem er faglegt og vammblaust þarf að sitja undir dónaskap og ósanngjörnum ásökunum. Stjórnsýsla á Íslandi er ekki góð, hún er léleg, og ekki sambærileg við stjórnsýslu eins og hún viðgengst erlendis, í Bandaríkjunum og Evrópu. Faglegasta stjórnsýsla á Íslandi er hjá Reykjavíkurborg og þar erum við



með reynslumesta fagfólkið í skipulags- og borgarmálum. Núna er staðan sorgleg því hjá Reykjavíkurborg eru endalaus átök, upplausn og óstöðugleiki.“

Erfið banalega

Hvað er næst á dagskrá eftir frumsýningu á Súper?

„Ég er að hugsa um að snúa mér að leikritaskrifum. Það er nokkuð sem ég hef mjög gaman af. Síðan er ég að vinna handrit að sjónvarpsþáttum með Ragnari Bragasyni og Eddu Björgvins. Þættirnir heita Gamli maðurinn og eru lauslega byggðir á foreldrum mínum.“

Pabbi var að mörgu leyti mjög sérstakur. Eftir að hann dó safnaði ég saman sögum af honum og fékk líka efni í gegnum dánarbúið. Ég fann fullt af hlutum sem ég hafði ekkert vitað um, eins og bréfaskriftir hans. Hann hafði mjög ríka réttlætiskennnd og sendi harðorð bréf í ýmsar áttir.“

Þú hefur skrifað um pabba þinn og þið virðist hafa verið gjörólikir menn. Þykir þér vænt um hann?

„Já.“

Maður hafði það kannski ekki alltaf á tilfinningunni við lestur bóka þinna. Finnst þér þú hafa verið ofharður við hann að einhverju leyti?

„Já. Pabbi las Indjánann og fannst bókin fin. Hann ræddi það ekki við mig heldur við annan mann og sagði að þarna væri mín útgáfa af því sem hefði gerst. Það var ómögulegt fyrir mig að ræða við hann og mómmu um frumbersku mína, þau voru ekki til umræðu um það. Þóttust ekki muna neitt.“

Banalega pabba reyndist mér mjög erfið og okkur öllum því hann var kröfuharður og tilætlunarsamur. Ég var hjá pabba þegar hann skildi við. Þegar hann dó fann ég að mér þótti afar vænt um hann.“



Þetta er absúrd leikrit sem fjallar um leitina að lífsfullnægu sem er svo gjarnan í gegnum neyslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flestum Íslendingum finnst Arion appið besta bankaappið

Samkvæmt könnun MMR í nóvember 2018 sögðu 50,2% svarenda Arion appið vera besta bankaappið, helmingi fleiri en nefndu öpp annarra banka.

Nú er Arion appið orðið enn betra.



Skáldsaga um sanna ást í Auschwitz

Heather Morris er höfundur bókar sem fer sigurför um heiminn. Segir sanna sögu Lale Sokolov sem var húðflúrari í fangabúðum nasista og eiginkonu hans.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Húðflúrarinn í Auschwitz eftir Heather Morris er á metsölulistum víða um heim, þar á meðal hér á landi, en bókin er komin út í íslenskrri þýðingu Ólafar Pétursdóttur. Í bókinni er sögð saga sem virðist ótrúleg en er sönn. Hún segir frá slóvakíska gyðingnum Lale Sokolov sem gegndi nauðugur starfi húðflúrara í Auschwitz og varð ástanginn af Gitu. Bæði lifðu þau helförina af og voru gift í áratugi.

Heather Morris fæddist á Nýja-Sjálandi en býr í Ástralíu. Hún kynntist Lale þegar hann var 87 ára

gamall. „Í desembermánuði 2003 var ég að drekka kaffi með vini mínum sem sagði mér frá manni sem bjó í Melbourne, væri nýlega orðinn ekkill, og hefði verið í fangabúðum nasista og lifað af. Ég hafði skrifað nokkur handrit byggð á raunverulegum atburðum og stökk á tækifærið til að hitta Lale Sokolov. Við áttum ánægjulegar stundir saman, förum í bíó og eyddum tíma með fjölskyldu minni.“

Samkomulag hjóna

Var hann markaður af skelfingunum sem hann hafði orðið að þola á stríðsárunum?

„Nei, en eins og allir þeir sem ég hef hitt og lifðu helförina af mátti greina hjá honum sektarkennd vegna þess að hann væri á lífi. Hann og Gita höfðu gert samkomulag – þeim fannst það eina leiðin til að heiðra minningu þeirra sem lifðu



Bók Heather Morris nýtur gríðarlegra vinsælda víða um heim.


Prófaðu besta bankaappið*

Allir geta sótt Arion appið og nýtt sér þá þjónustu sem þeim hentar. Það tekur innan við mínútu að sækja það og um leið getur þú notað appið til að:

stofna reikninga
sækja um debet- og kreditkort
byrja reglulegan sparnað

sækja um Núlán
og margt fleira

Það eina sem þú þarft eru snjalltæki og rafræn skilríki.



ÞETTA ER STERKASTA ÁSTARSAGA SEM HÆGT ER AÐ ÍMYNDA SÉR UM EINSTAKLINGA SEM HITTAST Í AUSCHWITZ OG LIFA AF ÞÓTT ÖLL TÖLFRÆÐI SÉ Á MÓTI ÞEIM.

ekki af – um að eiga saman jafn gott líf og mögulegt væri. Og þau gerðu það. Þau héldu áfram að lifa en voru alltaf í sambandi við fólk sem hafði komist lifandi frá helförinni. Lale talaði áhyggjulaus um tímamann sem hann var í Auschwitz/Birkenau en Gita ræddi aldrei um þann tíma, ekki einu sinni við son þeirra.“

Hvernig maður var Lale?

„Lale syrgði Gítu sem hafði dáði nokkrum mánuðum áður. Í byrjun sat við hlið mér aldraður maður bugaður af sorg og laut höfði. Hann virtist svo brothættur, svo viðkvæmur. Á þeim þremur árum sem vinátta okkar óx og dafnaði sefaðist sorg hans eftir lát Gítu að vissu leyti, hún var þarna en ekki jafn áberandi. Hinn töfrandi og geislandi maður fyrri ára sneri aftur, hann daðraði við allar konur sem hann hitti og karlmenn höfðu unun af því að vera í návist hans. Hann hló og stríddi mér og öðrum, dansaði jafnvel um í setustofunni. Hann bjó í eigin íbúð með tveimur hvölpum og nágrannarnir vissu hver hann



var og hann var einnig vel þekktur í gyðingasamfélaginu.“

Var erfitt fyrir hann að segja þér sögu sína?

„Já. Í byrjun heyrði ég brotakennar sögur um þau tvö og hálf tala til að átta mig á því að ég væri að tala við mann sem átti sér sögu sem var sannarlega þess virði að vera sögd og ég vildi hlusta á hana. Þetta er sterkasta ástarsaga sem hægt er að ímynda sér um einstaklinga sem hittast í Auschwitz og lifa af þótt öll

Ég er búin að skrifa Cilka's Journey, sem er framhald af Húðflúrarinum í Auschwitz og kemur út í október, segir Heather Morris.

hátt. Á skólagöngu minni í Nýja-Sjálandi hafði ég lært lítið um helförina og gyðingdóm. Nú tók alveg nýtt samfélag mér opnum örmum, og ég hitti ótrúlegt fólk sem hafði lifað helförina af og fjölskyldur þess. Ég lærði, eins og fjölskylda mín, að taka ekki sem gefnum þeim forréttindum sem við njótum vegna þess að við erum fædd á ákveðnum tíma og ákveðnum stað. Ég held að ég sé núna umhyggjusamari manneskja því ég lifi eftir móttöki Lale: Ef þú vaknar um morguninn er dagurinn góður.“

Hugrakkasta manneskjan

Skáldsaga þín er metsölubók víða um heim. Hefur það breytt lífi þínu?

„Augljósasta breytingin eru öll ferðalögín sem ég fer í og sem betur fer hef ég mikla ánægju af þeim. Það er mjög gefandi að tala við fólk víða um heim sem vill heyra sögu Lale og Gítu, og sögu mína af kynnum okkar Lale. Ég verð stundum gagn-tekin þegar ég hugsa um þá yndislegu reynslu sem hefur fallið mér í skaut. Ég hitti frábært fólk, sem á sér allt sínar eigin sögur sem eru þess virði að segja. Ef það er eitthvað neikvætt við þetta þá er það tíminn sem ég er fjarri fjölskyldu minni, sérstaklega fjórum litlum barnabörnum.“

Ætlarðu að skrifa aðra skáldsögu?

„Ég er búin að skrifa Cilka's Journey, sem er framhald af Húðflúrarinum í Auschwitz og kemur út í október. Sú saga fjallar um Cilku Klein, eina af lykilverðum Húðflúrarans, táníngsstúlkuna sem bjargaði lífi Lale. Lale sagði mér margoft að Cilka væri „hugrakkasta manneskja“ sem hann hefði nokkru sinni hitt. „Ekki hugrakkasta stúlkan,“ ítrekaði hann, „hugrakkasta manneskjan.““

tölfræði sé á móti þeim.“

Vildi ekki láta breyta orði

Vissi hann að saga hans myndi verða að skáldsögu?

„Þegar Lale lést í október 2006, þremur dögum eftir níðræðisafmæli sitt, hafði hann lesið tvo þriðju af handriti mínu og sagði mér að breyta ekki einu orði. Hann var stórhreifinn af því. Hann vissi ekki að það myndi breytast í skáldsögu.“

Breytti vinátta ykkar þér á einhvern hátt?

„Vissulega og á besta mögulega

Sérkjör og afslættir hjá 300 fyrirtækjum

Þegar þú sækir Arion appið ertu sjálfkrafa komin(n) í Einkaklúbbinn, einn öflugasta fríðindaklúbb landsins. Með Einkaklúbbsappinu færðu afslátt, sértíloboð og fríðindi hjá yfir 300 verslunum og þjónustuaðilum af öllu tagi um allt land. Þú finnur örugglega eitthvað sem nýtist þér.

Náðu í Einkaklúbbsappið og njóttu fríðindanna.



Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

9. MARS 2019

Hvað? Tónlistarsmiðja

Hvenær? 13.00

Hvar? Salurinn, Kópavogi
Meðlimir Sláturs leiða gagnvirka tónlistarsmiðju sem ætluð er allri fjölskyldunni. Gestum gefst kostur á að spila á óhefðbundin hljóðfæri og taka þátt í flutningi á myndrænu tónverki. Slátur er samtök tónskálda sem semja tónlist með nýjum aðferðum, nýrri nótnaskrift og nýjum hljóðfærum. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

Hvað? Frumsýning á La Traviata eftir Verdi

Hvenær? 20.000

Hvar? Eldborg í Hörpu
Söngvarar í þessari dáðu óperu



Herdís Anna Jónasdóttir (Violetta) og Elmar Gilbertsson (Alfredo).

Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur		Stóra sviðið	
Pri 12.03	Kl 19:00	Fös 22.03	Kl 19:00
Mið 13.03	Kl 19:00	Lau 23.03	Kl 19:00
Fim 14.03	Kl 19:00	Sun 24.03	Kl 19:00
Fös 15.03	Kl 19:00	Mið 27.03	Kl 19:00
Lau 16.03	Kl 19:00	Fim 28.03	Kl 19:00
Sun 17.03	Kl 19:00	Sun 31.03	Kl 19:00
Mið 20.03	Kl 19:00	Mið 03.04	Kl 19:00
Fim 21.03	Kl 19:00	Fös 05.04	Kl 19:00
Sun 07.04	Kl 19:00	Mið 10.04	Kl 19:00
Fös 12.04	Kl 19:00	Lau 13.04	Kl 13:00
Pri 16.04	Kl 19:00	Sun 14.04	Kl 19:00
Mið 24.04	Kl 19:00	Pri 16.04	Kl 19:00
Fim 25.04	Kl 19:00	Mið 24.04	Kl 19:00
Fös 26.04	Kl 19:00	Fim 09.05	Kl 19:00
Sun 28.04	Kl 19:00		
Pri 30.04	Kl 19:00		
Fim 02.05	Kl 19:00		
Mið 08.05	Kl 19:00		
Fim 09.05	Kl 19:00		

Elly		Stóra sviðið	
Lau 09.03	Kl. 20:00	Lau 27.04	Kl. 20:00
Lau 30.03	Kl. 20:00	Sun 05.05	Kl. 20:00
Lau 06.04	Kl. 20:00	Sun 12.05	Kl. 20:00
Lau 13.04	Kl. 20:00	Fös 17.05	Kl. 20:00
Fös 24.05	Kl. 20:00	Fös 31.05	Kl. 20:00
Lau 08.06	Kl. 20:00	Lau 15.06	Kl. 20:00

Ríkharður III		Stóra sviðið	
Fös 29.03	Kl. 20:00	Fim 04.04	Kl. 20:00
Fim 11.04	Kl. 20:00		

Fólk, staðir og hlutir		Litla sviðið	
Lau 09.03	Kl. 20:00	Mið 13.03	Kl. 20:00
Sun 10.03	Kl. 20:00	Fim 14.03	Kl. 20:00
Fös 15.03	Kl. 20:00	Sun 17.03	Kl. 20:00
Lau 16.03	Kl. 20:00		

Kvenfólk		Nýja sviðið	
Lau 09.03	Kl. 20:00	Fös 15.03	Kl. 20:00
Lau 23.03	Kl. 20:00	Sun 30.03	Kl. 20:00

Kæra Jelena		Litla sviðið	
Fös 12.04	Kl. 20:00	Pri 24.04	Kl. 20:00
Sun 14.04	Kl. 20:00	Mið 25.04	Kl. 20:00
Pri 16.04	Kl. 20:00	Fim 26.04	Kl. 20:00
Sun 28.04	Kl. 20:00	Sun 05.05	Kl. 20:00
Fim 02.05	Kl. 20:00	Mið 08.05	Kl. 20:00
Fös 03.05	Kl. 20:00		

Club Romantica		Nýja sviðið	
Sun 10.03	Kl. 20:00	Lau 16.03	Kl. 20:00
Fös 22.03	Kl. 20:00		

Bæng!		Nýja sviðið	
Fös 26.04	Kl. 20:00	Mið 08.05	Kl. 20:00
Sun 26.04	Kl. 20:00	Fim 09.05	Kl. 20:00
Fös 03.05	Kl. 20:00	Fim 16.05	Kl. 20:00
Fim 23.05	Kl. 20:00	Sun 23.05	Kl. 20:00
Sun 23.05	Kl. 20:00	Fim 30.05	Kl. 20:00

Kvöldvaka með Jóni Gnarr		Litla sviðið	
Lau 13.04	Kl. 20:00		

Allt sem er frábært		Litla sviðið	
Lau 04.05	Kl. 20:00	Fim 09.05	Kl. 20:00
Lau 11.05	Kl. 20:00		

Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir		Stóra sviðið	
Sun 10.03	kl. 13:00	Sun 24.03	kl. 16:00
Sun 10.03	kl. 16:00	Sun 31.03	kl. 13:00
Sun 17.03	kl. 13:00	Sun 31.03	kl. 16:00
